Karólína endur-heimti köttinn
dýr 38

Tina Fey tilnefnd
sjónvarp 30

Pétur býr til grænt svæði
miðbærinn 38

spottið 8

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Helgarblað
21. júlí 2012
170. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Lífið er dýrmætt
Eirin Kristin Kjær var skotin í Útey fyrir ári síðan en komst lífs af.
Noregur 16

Á leið á Ólympíuleikana
Alda Lín Auðunsdóttir hefur æft fótbolta frá sex ára aldri.
krakkar 26

Heilabrot helgarinnar
Heppinn lesandi fær verðlaun fyrir rétta lausn á krossgátu Fréttablaðsins.
gáta 20

4 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Bílar | Bílrúður | Fólk | Atvinna

SIGURMYND Þeir voru samtaka í að fagna sigri fótboltastrákarnir í 6. flokki HK er þeir hömpuðu bikarmeistaratitli á Ólafsfirði um síðustu helgi. Þórir Ó Tryggvason fangaði stemninguna og vann með því annan hluta sumarmyndakeppni Fréttablaðsins. **Sjá síðu 18.**

Segir Kaupþing hafa hótað sér

Vincent Tchenguiz segir skilanefnd Kaupþings hafa sagt að ná mætti til hans með „öðrum leiðum“ en hefðbundnum. Hann segir lítinn hluta af starfsemi íslensku bankanna hafa verið hefðbundna bankastarfsemi.

VIÐSKIPTI Skilanefnd Kaupþings lét Vincent Tchenguiz vita af því að það væru „aðrar leiðir“ til að ná til hans en að fara á eftir eignum hans. Vegna þessara skilaboða kom Tchenguiz það ekki á óvart þegar hann var handtekinn í mars 2011 af bresku efnahagsbrotalögreglunni, Serious Fraud Office (SFO), vegna viðskipta félaga sem hann stýrir við Kaupþing. Þetta er meðal þess sem kemur fram í útarlegu viðtali

VINCENT TCHENGUIZ

við Tchenguiz í Fréttablaðinu í dag.

„Ég átti alveg von á því að eitthvað myndi gerast í mars 2011. Ég vissi bara ekki alveg hvað. Ég varð ekkert sérstaklega undrandi þegar ég var handtekinn, enda hafði ég fengið skilaboð um það frá Kaupþingi að þeir væru að hugsa um að gera eitthvað. Þeir, skilanefndin, sögðu mér, eins og ég man það, að það væru til „aðrar leiðir“ að mér. Sá sem sagði þetta útskýrði ekki hvaða leiðir það væru,“ segir Tchenguiz.

Hann segir að samband sitt við Kaupþing fyrir hrun hafa verið fagmannlegt en að íslensku bankarnir hafi í raun verið vogunarsjóðir. „Efnahagsreikningur þeirra var allt í einu orðinn 50 milljarðar dala, nánast allt var fjármagnað á markaði, og eiginfjárhlutfallið kannski tíu prósent. Voru þetta þá bankar eða vogunarsjóðir? Ég held að þeir hafi orðið að vogunarsjóðum á einhverjum tímapunkti. Þeir voru álitnir bankar en einungis lítið brot af starfsemi þeirra var hefðbundin bankastarfsemi.“ **-þsj / sjá síðu 10**

SPURNING DAGSINS

Páll, er nokkuð að verða einhver Frankenstein-uppákoma í tilraunastofunni?

„Nei, hér er að fæðast lifandi sumarborg í Reykjavík og engin þörf fyrir að grípa til kyndla og heykvísla.“

Páll Hjaltason er formaður skipulagsráðs Reykjavíkur. Hann sagði í viðtali að borgin hefði verið notuð eins og tilraunastofa fyrir ný verkefni, en styr hefur staðið um sumar hugmyndir um miðborgina.

Geirmundur Vilhjálmsson fær átta mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt:

Fangelsisstjórinn dæmdur í fangelsi

DÓMSMÁL Geirmundur Vilhjálmsson, fyrrverandi fangelsisstjóri á Kvíabryggju, var í gær dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir að draga sér fé og ýmis verðmæti sem tilheyrðu fangelsinu, samtals að andvirði ríflega 1,6 milljóna króna. Fimm mánuðir refsingarinnar eru skilorðsbundnir.

Geirmundur gekkst við um helmingi brotanna, til dæmis að hafa dregið sér tæpar 600 þúsund krónur og falið það með því að setja tilhæfulausa reikninga útgefna af verktakafyrirtæki í bókhald fangelsisins.

GEIRMUNDUR VILHJÁLMSSON

Öðrum brotum neitaði hann, til dæmis því að hafa selt bíl í eigu fangelsisins og stungið söluvirðinu, 250 þúsund krónum, í vasann.

Hann hélt því fram að hann hefði lagt peningana fyrir og ætlað að kaupa fyrir þá kanínur og kindur til að auka fjölbreytileika á Kvíabryggju. Hann var engu að síður sakfelldur fyrir alla ákæruliði.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Vesturlands segir að starfsmenn og jafnvel fangar á Kvíabryggju hafi almennt haft frjálslegan aðgang og afnot af tækjum og tólum í eigu fangelsisins, með því hafi ekkert eftirlit verið eða skráning og augljós hætta á að munir gætu farið forgörðum. „Á þessu bar ákærði, sem var forstöðumaður stofnunarinnar, ábyrgð og ber af því allan halla að málefni fangelsisins voru í þessu efni í algerum ólestri.“ - sh

Þrengsli í dönsku fangelsi:

Tvímenna og fá frítt sjónvarp

DANMÖRK Fangelsisyfirvöld í Sønderborg í Danmörku bjóða föngum fríðindi fyrir að deila tveir saman átta fermetra klefa.

Þeir sem þiggja boðið fá sjónvarp og Playstation-tölvu í klefann án þess að greiða 10 danskar krónur á dag eins og aðrir, segir í frétt danska ríkisútvarpsins.

Svipað fyrirkomulag hefur verið tekið upp á öðrum stöðum í Danmörku vegna þrengsla. Fangar eru stundum svo margir að fangelsi hafa neyðst til að fá lánaðar kojur hjá hernum. -ibs

Óveður á suðvesturhorninu:

Ekkert ferðaveður í dag

VEÐUR Búist er við óveðri á Suður- og Vesturlandi seinni partinn í dag og í kvöld. Mjög vindasamt verður og talsverð rigning.

Við suðvesturströndina verður hvassast og segir Veðurstofan að vindur geti farið í 23 metra á sekúndu í dag.

Þá hafa bæði Veðurstofan og Slysavarnarfélagið Landsbjörg vakið athygli á því að tjöld, hjólhýsi og aftanívagnar geti hæglega fokið við þessar aðstæður og hættulegt geti verið að ferðast með vagna í dag.

Vindinn mun lægja í nótt. - þeb

STJÓRNARHERMENN FAGNA Stjórnarherinn náði á sitt vald einu hverfi í Damaskus. NORDICPHOTOS/AFP

Friðargæsla framlengd:

Áfram barist í höfuðborginni

SÝRLAND, AP Bardagar héldu áfram í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, í gær. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti að framlengja umboð friðargæslusveita um einn mánuð.

Stjórnarherinn fagnaði ákaft eftir að hafa náð á vald sitt einu hverfi sem uppreisnarmenn höfðu haft á valdi sínu.

Uppreisnarmenn hrósuðu hins vegar sigri í nokkrum hafnarborgum sem þeir sögðust hafa náð á vald sitt í gær á meðan stjórnarherinn væri önnum kafinn í höfuðborginni. - gb

Leikskólagutti brattur eftir Laugavegsgöngu

Orfeus Þór Da Silva Stefánsson er aðeins fimm ára en gekk þó 55 kílómetra úr Landmannalaugum í Þórsmörk með pabba sínum. Orfeusi var illt í stóru tánni í bröttustu brekkunum en fannst gaman að sofa í tjaldi og vill ganga á ný fjöll.

FÓLK „Mér fannst gaman að sofa í tjaldinu, fara í fjallgöngu og horfa á Álftavatn sem mér finnst mjög fallegt,“ segir Orfeus Þór Da Silva Stefánsson sem gekk fyrr í vikunni 55 kílómetra milli Landmannalauga og Þórsmerkur.

Orfeus er fimm ára leikskóladrengur úr Austurborg og var því ekki einsamall á göngunni heldur með Stefáni Þorgrímsssyni föður sínum. Stefán kveðst hafa séð úti í Róm í vor hversu röskur Orfeus var að ganga og ákveðið að láta á það reyna hvort sonurinn réði við að ganga Laugaveginn; fyrrnefnda leið milli Landmannalauga og Þórsmerkur.

Stefán og Orfeus lögðu upp frá Landmannalaugum í átt að Hrafntinnuskeri á mánudaginn. Afar milt veður var í kortunum en Stefán kveðst hafa verið tilbúinn að snúa við ef gangan reyndist syninum ofviða. Þá tólf kílómetra leið hafi þeir hins vegar komist án erfiðleika. Eftir tveggja tíma hvíld í Hrafntinnuskeri og klukkustundar lúr hjá Orfeusi hafi þeir haldið áfram för sinni í átt að Álftavatni. Það er annar tólf kílómetra áfangi.

„Við hefðum gist í Hrafntinnuskeri nema fyrir það að spáð var rigningu daginn eftir og við vildum komast yfir fjallið áður,“ útskýrir Stefán. „Strákurinn stóð sig feiknarlega vel en hann var orðinn talsvert þreyttur. Svona ungir krakkar virðast geta náð að safna upp mikilli orku með stuttum hvíldartímum inn á milli.“

Í Álftavatni hvíldu feðgarnir sig fram til klukkan tvö daginn eftir áður en þeir lögðu land undir fót með stefnuna á Emstrur þar sem næst var gist. Það er fimmtán kílómetra leið. „Hann kvartaði ekki neitt á þeirri leið fyrr en alveg í blálokin,“ segir Stefán.

ORFEUS Á GÖNGUNNI Galvaskur leikskóladrengur úr Austurborg þegar um níu kílómetrar voru eftir í Þórsmörk á þriðja degi göngunnar. MYND/STEFÁN ÞORGRÍMSSON

Síðasti áfanginn var inn að Básum í Þórsmörk. Feðgarnir sungu og spjölluðu en undir lokin sagðist Orfeus of þreyttur til að tala. „Seinasti spottinn var erfiðastur fyrir strákinn og það var reyndar farið að draga af mér líka. Hann var orðinn þreyttur og veðrið leiðinlegt en hann kláraði þetta samt með stæl,“ segir Stefán.

Orfeusi fannst skemmtilegt að grilla sykurpúða og drekka kakó. Hann játar þó að ferðalagið hafi tekið á kraftana. „Við gengum svo mikið. Mér var illt í stóru tánni þegar við gengum niður sumar brekkur. Það var gott að komast í rútuna,“ segir göngugarpurinn sem kveðst ekki hafa hug á að ganga Laugaveginn aftur strax. „En ég vil ganga á önnur fjöll, hvað heita þau?“ gar@frettabladid.is

FEÐGAR Á FJÖLLUM Lokadaginn sótti dálítill suddi að feðgunum sem þó voru enn þokkalega sprækir.

BANKASTJÓRARNIR Seðlabankastjórarnir Már Guðmundsson og Yves Mersch skoðuðu myntir í Seðlabankanum í gær, í heimsókn hins síðarnefnda hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Seðlabanki Lúxemborgar:

Fjórir milljarðar endurgreiddir

EFNAHAGSMÁL Fjórir milljarðar evra sem dótturfélög Glitnis, Kaupþings og Landsbankans í Lúxemborg fengu frá seðlabanka Evrópu í október 2008 hafa nú verið greiddir til baka. Það var seðlabanki Lúxemborgar sem sá um málið.

Yves Mersch, seðlabankastjóri Lúxemborgar, er nú í heimsókn á Íslandi vegna þessa og fundaði í gær með Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og Oddnýju Harðardóttur fjármálaráðherra. - þeb

Skemmdu gróður á fyllerí:

Hinn slasaði ók torfærubílnum

LÖGREGLUMÁL Mennirnir sem óku torfærubíl ölvaðir utan vega ofan við sumarbústaðaland Kennarasambandsins við Flúðir aðfaranótt fimmtudags ollu þar töluverðum gróðurskemmdum.

Bíllinn valt við aðfarirnar og einn mannanna þriggja slasaðist alvarlega í andliti.

Bíllinn var fullbúinn torfærubíll og einungis tveggja sæta. Tvímenningarnir sem sluppu ómeiddir neituðu í fyrstu að greina frá því hver hefði ekið bílnum og voru handteknir. Við yfirheyrslur hjá lögreglu á fimmtudag játuðu þeir að hinn slasaði hefði setið undir stýri. - sh

54fm heilsárshús til fluttnings.
Innréttað sem matsalur og skrifstofa.
Verð 2.500.000 m/vsk. Uppl. í síma 8446829

Maður vopnaður byssum myrti tólf manns á frumsýningu Batman-myndar:

Skaut á fólk í myrkvuðum sal

BANDARÍKIN, AP Tólf manns létu lífið og að minnsta kosti 59 manns særðust þegar 24 ára maður réðst inn í fullan kvikmyndasal í bænum Aurora í Colorado og hóf þar skothríð aðfaranótt föstudags.

Verið var að frumsýna fyrir fullum sal nýjustu Batman-kvikmyndina þegar árásarmaðurinn, sem heitir James Holmes, svipti upp hurð, kastaði hylki með táragasi inn í myrkvaðan salinn og skaut síðan að því er virtist af handahófi á fólkið sem þar sat.

Hann var með gasgrímu, klæddur í skothelt vesti, með hjálm á höfði og vopnaður bæði skammbyssu og riffli. Hann skaut stanslaust út í salinn, nema hvað hann gerði stutt hlé þegar hann þurfti að hlaða vopnin.

„Hann hlóð aftur og skaut og allir sem reyndu að fara út voru drepnir,“ sagði Jennifer Seeger, ein þeirra sem sátu í salnum.

Hinir látnu voru á aldrinum sex til 45 ára, en meðal hinna særðu var þriggja mánaða barn.

Árásarmaðurinn var handtekinn stuttu síðar á bílastæði fyrir aftan kvikmyndahúsið. Hann var nemi við læknadeild Colorado-háskóla en hætti námi í síðasta mánuði.

SORG Kvikmyndahúsagestir og aðstandendur þeirra fyrir utan vettvang atburðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta er mannskæðasta skotárás í Colorado frá því tveir unglingspiltar myrtu tólf bekkjarfélaga sína og einn kennara í Columbine-framhaldsskólanum árið 1999. - gb

SUMAR ÚTSALA

20-70%

20%-40% AFSLÁTTUR

GARÐHÚSGÖGN

20% AFSLÁTTUR

ÚTIMÁLNING OG VIÐARVÖRN

30%-70% AFSLÁTTUR

SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR

A Ð E I N S B R O T A F Ú R V A L I N U !

20% AFSLÁTTUR

BENSÍN OG RAFMAGNS SLÁTTUVÉLAR

Bensínsláttuvél.
Verð áður: 49.995 kr.
Nú: 39.995 kr.
ÞÚ SPARAR 10.000 KR!

40% AFSLÁTTUR

Verð áður: 1.990 kr.
Nú: 790 kr.
Birki í potti.

30% AFSLÁTTUR

GARÐSTYTTUR OG ÚTIPOTTAR

20%-30% AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL

50% AFSLÁTTUR

TRUE NORTH FLÍSPEYSA

Verð áður: 7.990 kr.
Nú: 3.995 kr.
Dömu og herra. Fæst einnig í svörtu eða hvítu.

30% AFSLÁTTUR

OUTBACK DRIFTER

Verð áður: 74.900 kr.
Nú: 51.900 kr.
ÞÚ SPARAR 23.000 KR!

MIKIÐ ÚRVAL!

50% AFSLÁTTUR

SUMAR BÚSÁHÖLD

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Gildir til 29. júlí eða á meðan birgðir endast. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

DYNAMO REYKJAVÍK

GENGIÐ 20.07.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,51	125,11
Sterlingspund	195,46	196,42
Evra	152,24	153,1
Dönsk króna	20,463	20,583
Norsk króna	20,502	20,622
Sænsk króna	17,941	18,047
Japanskt jen	1,5846	1,5938
SDR	187,37	188,49

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,9849

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkið og Bláskógabyggð reyna að semja um héraðsskólann á Laugarvatni:

Ná ekki saman um leiguna

MENNING Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segist undrast orð Valtýs Valtýssonar, sveitarstjóra Bláskógabyggðar. Hann sagði í Fréttablaðinu á miðvikudag að engin svör hefðu fengist frá ráðuneytinu varðandi málefni gamla héraðsskólans á Laugarvatni.

Sögufrægt hús héraðsskólans er í eigu hins opinbera og stendur tómt en bæði Gullkistan og sveitarfélagið vonast eftir því að fá afnot af því.

„Það er ekki hægt að segja að það hafi engin viðbrögð fengist frá okkur því við höfum átt í heilmikl-

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

um samskiptum, nú síðast í vor," segir Katrín.

Hún segir enn fremur að þegar farið var í endurbætur á húsinu, sem reyndar var gert fyrir hennar ráðherratíð, hafi það verið gert í samráði við sveitarstjórnarmenn enda hafi það staðið til að sveitarstjórnin færi með hluta af starfsemi sinni þangað inn.

„Síðan hefur ekki gengið að ná leigusamningum," segir Katrín. „Viðræðurnar hafa snúist um viss afsláttarkjör en það er ekki hægt að segja að málið sé pikkfast heldur þarf fólk bara að ræða saman og komast að einhverri niðurstöðu." Sveitarfélagið falast einungis eftir hluta hússins og segist menntamálaráðherra opinn fyrir viðræðum um það hverjir nýti hinn hlutann. „Til dæmis Gullkistan ef það gæti farið saman," segir hún.

Kostnaður við endurbæturnar á húsinu nam um það bil 270 milljónum króna. - jse

Launavísitala nær óbreytt:

Byggingarvísitalan lækkar

EFNAHAGSMÁL Vísitala byggingarkostnaðar lækkaði um 0,2 prósent á milli júní og júlí, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Verð á innfluttu efni lækkaði um 0,8 prósent, en vísitalan er 115,1 stig um miðjan júlí. Byggingarvísitalan hefur hækkað um 3,9 prósent á síðustu tólf mánuðum.

Launavísitalan er hins vegar nær óbreytt á milli mánaða, hækkaði um 0,04 prósent í júní frá fyrra mánuði. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 6,9 prósent. - kóp

ÓSÁTTIR SPÁNVERJAR Hundruð þúsunda héldu út á götur Spánar í fyrrakvöld. NORDICPHOTOS/AFP

ESB samþykkir aðstoð:

Mótmæli gegn niðurskurði

SPÁNN, AP Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins samþykktu í gær að greiða Spánverjum 100 milljarða evra í fjárhagsaðstoð, eða um 1.520 milljarða króna, til að rétta við illa stadda banka.

Hundruð þúsunda Spánverja héldu hins vegar út á götur í fyrrakvöld til að mótmæla niðurskurði á ríkisfjármálum, sem stjórnvöld eru að ráðast í þessa dagana.

Christobal Montoro, fjármálaráðherra Spánar, sagðist í gær reikna með að samdráttur verði áfram á Spáni fram á næsta ár og atvinnuleysi verði áfram hátt í 25 prósent. - gb

LEIÐRÉTT

Ranghermt var í frétt Fréttablaðsins í gær að faðir Emils Ólafssonar hefði fengið hjartaáfall þegar hann fékk í raun hjartatruflanir. Þá þurfti hann ekki að bíða eftir skoðun á bráðamóttöku í tæpa sex tíma heldur fékk hann rafvendingu að þeim tíma liðnum. Loks greindist hann ekki með krabbamein í fyrra eins og kom fram í fréttinni.

Líður yfir starfsfólk vegna loftmengunar

Starfsmenn virkjana hafa fallið í yfirlið vegna súrefnisskorts af völdum brennisteinsvetnismengunar. Vinnueftirlitið hefur skráð átta slys á síðustu sjö árum, þar af eitt banaslys. Vitað er um fleiri atvik sem ekki hafa verið skráð.

ÖRYGGISMÁL Nokkur tilvik hafa komið upp þar sem starfsmenn Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) hafa misst meðvitund við störf sín vegna brennisteinsvetnis við holur á Þeistareykjum. Vikublaðið Akureyri greinir frá þessu. Enginn hefur enn slasast eða hlotið varanlegt heilsutjón vegna þessa.

Í tölvupósti sem sendur var til starfsmanna ÍSOR voru þeir beðnir um að tilkynna slys af þessu tagi til Vinnueftirlitsins.

Til eru þó nokkur dæmi um að starfsmenn virkjana fái aðsvif við störf sín vegna loftefnamengunar. Vinnueftirlitið hefur skráð átta slys á síðustu sjö árum þar sem brennisteinsvetni er orsakavaldur eða það talið hafa komið við sögu.

Þá er Vinnueftirlitinu kunnugt um tilvik þar sem brennisteinsvetni er talið hafa valdið óþægindum þó það hafi ekki leitt til rannsóknar eða skýrslutöku.

Eitt þessara slysa var banaslys þar sem tveir starfsmenn í Hellisheiðarvirkjun létust árið 2008. Dánarorsök er talin hafa verið súrefnisskortur en brennisteinsvetni kann að hafa stuðlað að því.

Víðir Kristinsson, hjá efna- og hollustuháttadeild Vinnueftirlitsins, segir að brennisteinsvetni leynist ekki aðeins í og við virkjanir. „Það hafa orðið slys við uppskipun á fiski vegna rotnunar og í landbúnaði."

Brennisteinsvetni er mjög hættulegt, segir Víðir. „Það geta verið margar lofttegundir sem eyða súrefni. Brennisteinsvetni

HELLISHEIÐARVIRKJUN Banaslys varð í Hellisheiðarvirkjun árið 2008 þar sem brennisteinsvetni olli líklega eyðingu súrefnis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Brennisteinsvetni er sérlega hættulegt því ef það fer yfir ákveðin mörk deyfir það eða lamar lyktarskynið og öndunarfæri geta lamast.
>
> **VÍÐIR KRISTINSSON**
> STARFSMAÐUR VINNUEFTIRLITSINS

er sérlega hættulegt því ef það fer yfir ákveðin mörk deyfir það eða lamar lyktarskynið og öndunarfæri geta lamast."

Meðal starfsmanna í jarðvarmavirkjunum, við byggingu eða viðhald þeirra, gildir almennt sú regla að starfsmenn séu með mæla á sér sem pípa ef mengunin fer yfir ákveðin mörk. Víðir segir þau mörk vera mjög lág til að vernda starfsfólkið. „Ef það verður eitthvað óhapp þá fá menn bara gusu yfir sig og hafa engan tíma til að forða sér. Þá er mengunin langt yfir þeim mörkum sem mælarnir eru stilltir á."

„Það fer svolítið eftir aðstæðum hversu strangar kröfur eru gerðar," segir Víðir og bendir á að mörk fyrir starfsfólk í iðnaði eru önnur en almenn umhverfismörk. „Þau eru miklu lægri. Þá er verið að reyna að koma í veg fyrir óþægindi almennings og verið að hlífa veiku fólki." birgirh@frettabladid.is

Fyrsta tölublaðið komið út:

Fjalla um jarðir í erlendri eigu

FJÖLMIÐLAR Hafið hefur göngu sína tímaritið Iceland Review Street Edition sem gefið er út í samstarfi Jóns Kaldals, fyrrum ritstjóra Iceland Review, og útgáfufélagsins Heims. Upplag blaðsins, sem kemur út aðra hvora viku er um 25 þúsund eintök og er áhersla lögð á að kynna vaxandi fjölda ferðamanna land og þjóð.

ICELAND REVIEW STREET EDITION

Í fyrsta tölublaðinu, sem tekið var að dreifa í gær, er meðal annars ítarleg umfjöllun um erlent eignarhald á bújörðum. Fjallað er um leigu Huangs Nubo á landi Grímsstaða á Fjöllum og tekin dæmi um aðra útlendinga sem hér eiga stórar jarðir. - óká / bþh

Vilja þyngri refsingar:

Úthýstir þjófar koma til baka

NOREGUR Þjófar sem vísað hefur verið úr landi í Noregi og þeir flutt heim til sín koma strax aftur. Dómsmálaráðherra Noregs, Grete Faremo, telur að þeir sem koma ólöglega til Noregs eftir að hafa verið vísað úr landi eigi að fá þyngri refsingu. Norska lögreglan segir að refsingin eigi að vera það þung að hún hafi fælandi áhrif, að því er kemur fram á vef Aftenposten.

Árið 2009 streymdu þjófar sem sérhæfðu sig í innbrotum í bústaði frá Austur-Evrópu til Óslóar. Fyrstu sex mánuði ársins voru skráð 918 innbrot. Þeim hefur fækkað verulega en sömu þjófarnir koma aftur og aftur. - ibs



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

VINDUR & VÆTA Í dag má búast við vaxandi vindi og vætu, fyrst S- og SV-til en úrkomusvæðið ferðast norður á bóginn og í kvöld og nótt má búast við rigningu á öllu landinu. Á morgun verður vindur genginn að mestu niður en horfur á rigningu eða skúrum víða.



HEIMURINN

Alicante	29°
Basel	28°
Berlín	17°
Billund	20°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	27°
London	19°
Mallorca	32°
New York	27°
Orlando	33°
Ósló	19°
París	22°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Víðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



NÝR AVENSIS - EKKERT VENJULEGUR

Nýr Avensis státar af fágaðri en jafnframt nútímalegri hönnun sem skilar ökumanni og farþegum einstaklega ánægjulegri og hljóðlátri akstursupplifun. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og er meðal annars með bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Avensis er einstaklega rúmgóður, býður upp á mikið farangursrými og er einn sá sparneytnasti í sínum flokki — notar aðeins frá 4,5 lítrum í 100 km í blönduðum akstri. Þá er nýr Avensis búinn sjö loftpúðum auk margvíslegs öryggisbúnaðar sem eykur enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.
Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi
Verð frá: 4.420.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að fylgjast með Ólympíuleikunum í ágúst?

JÁ	53,1%
NEI	46,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér í lagi að opnaður verði bar á Hrafnistu?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Lettnesk kona í Danmörku:

Hraðaksturinn kostar ríkisborgararéttinn

DANMÖRK Lettnesk kona sem búsett hefur verið í Danmörku í tíu ár, getur ekki sótt um danskan ríkisborgararétt eftir að hún var tekin fyrir hraðakstur.

Til þess að fá ríkisborgararétt má fólk ekki hafa fengið sekt sem nemur 3.000 dönskum krónum eða meira. Þessum skilyrðum hefur ekki verið breytt þrátt fyrir að sektir hafi hækkað.

Konan mældist ellefu kílómetrum yfir hámarkshraða, en auk þess talaði hún í farsíma við aksturinn, samkvæmt frétt á vef Jydske Vestkysten. Það var nóg til þess að konan fékk sekt sem var hærri en viðmiðunarupphæðin og nær því ekki að uppfylla sett skilyrði. - ktg

Fréttaskýring: Mikill halli á fjárlögum fjórða árið í röð

Ríkisreksturinn nálgast jöfnuð

Árið 2011 var fjárlagahalli ríkissjóðs mikill, fjórða árið í röð. Hallinn fer þó enn stiglækkandi og stefnt er að því að ríkissjóður skili rekstrarafgangi árið 2014. Fréttablaðið rýndi í ríkisfjármálin og komst að því að óregluleg útgjöld hafa reynst ríkinu kostnaðarsöm síðustu ár.

Fjárlagahalli ríkissjóðs á síðasta ári var 89 milljarðar króna. Fjárlög höfðu gert ráð fyrir 46 milljarða halla en einskiptiskostnaðarliðir sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum reyndust ríkinu kostnaðarsamir. Frumjöfnuður, mælikvarði á hinn eiginlega rekstur ríkisins utan við vaxtagreiðslur, var neikvæður um 43 milljarða.

Til samanburðar var halli ríkissjóðs á árinu 2010 um 123 milljarðar en þá, eins og nú, höfðu áætlanir gert ráð fyrir talsvert betri útkomu eða 82 milljarða halla. Raunar hefur rekstur ríkissjóðs aðeins einu sinni komið betur út en fjárlög sögðu til um frá bankahruni. Það var árið 2009 þegar niðurstaðan varð 139 milljarða halli þegar búist hafði verið við 151 milljarða halla.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu hafa það að miklu leyti verið ófyrirséðar einskiptisaðgerðir sem hafa orsakað frávik frá fjárlögum síðustu ár. Mesta frávikið varð árið 2008 en stórir reikningar sem rekja má til bankahrunsins féllu einnig á ríkið 2010 og 2011.

Í viðtali Fréttablaðsins við Oddnýju G. Harðardóttur fjármálaráðherra á fimmtudag sagðist hún vonast til þess að síðustu stóru reikningarnir vegna hrunsins hefðu komið fram á síðasta ári. Þó má nefna að ríkissjóður hefur heitið að leggja Íbúðalánasjóði til fjármuni svo sjóðurinn geti uppfyllt reglur um eiginfjárhlutfall. Til þess þarf sjóðurinn um 10 milljarða. Þá er enn óljóst hvort og þá hversu mikill kostnaður fellur á íslenska ríkið vegna Icesave-málsins.

Hagsveiflan skekkir myndina

Miðað við reynslu síðustu ára kynni einhver að draga þá ályktun að ólíklegt sé að markmið um jöfnuð í ríkisrekstrinum 2014 náist. Tvö atriði verður þó að hafa í huga í því samhengi.

Í fyrsta lagi ber að líta til þess að hverju sinni eru jafnt regluleg sem óregluleg fjárútlát hins opinbera talin í ríkisreikningi. Sem dæmi má nefna að ríkið þurfti að reiða fram 19,2 milljarða króna vegna yfirtöku Landsbankans á SpKef á síðasta ári og þar að auki að niðurfæra eignarhlut í sjóðnum um 0,9 milljarða. Það ríkisframlag er eingreiðsla sem ekki verður endurtekin. Því er það verkefni að ná niður hallanum auðveldara en halda mætti af fjárlagahallanum. Að sama skapi hagnaðist ríkið um 17,5 milljarða á árinu 2010 vegna hinna svokölluðu Avens-viðskipta sem fegraði myndina það ár.

Í öðru lagi er mikilvægt að horfa á staðsetningu hagkerfisins í hagsveiflunni. Á krepputímum dragast tekjur ríkisins saman en útgjöld aukast. Í uppsveiflu er þróunin öfug. Því kann ríkisfjármálastaðan að líta verr út í kreppu en hún er í raun og veru og að sama skapi líta of vel út í uppsveiflu. Af þessum sökum er það verkefni að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum auðveldara nú þegar hagkerfið er farið að vaxa á ný enda þarf minni niðurskurð ríkisútgjalda til þess en ella. Yrði hagvöxtur aftur á móti af einhverjum sökum minni en vænst er yrði verkefnið þeim mun erfiðara.

magnusl@frettabladid.is

Ríkisreksturinn 2007 til 2011



Helstu ástæður fráviks frá fjár- og fjáraukalögum (>4,0 ma.)

2011 frávik -43,0 milljarðar kr.	
Kostnaður ríkisins vegna yfirtöku Landsbankans á SpKef	-20,1 milljarður kr.
Niðurfærsla á eignarhlut í Byggðastofnun	-7,1 milljarður kr.
Niðurfærsla á eignarhlut í Nýsköpunarstofnun	-4,9 milljarðar kr.
Lífeyrisskuldbindingar hærri en gert var ráð fyrir	-4,8 milljarðar kr..
Laun og rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana utan sértekna	+8,1 milljarður kr.
2010 frávik -41,2 milljarðar kr.	
Framlag til Íbúðalánasjóðs	-33,0 milljarðar kr.
Afskriftir skattakrafna	-5,1 milljarður kr.
Avens-viðskiptin	+17,5 milljarðar kr.
2009 frávik +12,1 milljarður kr.	
Afskriftir skattakrafna	-17,6 milljarðar kr.
Flestir tekjustofnar hærri en gert var ráð fyrir, samtals	+18,6 milljarðar kr.
2008 frávik -209,8 milljarðar kr.	
Afskriftir vegna veðlánatapa yfirtekinna fjárkrafna Seðlabanka	-174,9 milljarðar kr.
Töpuð krafa af tryggingabréfum aðalmiðlara	-17,3 milljarðar kr.
Lífeyrisskuldbindingar hærri en gert var ráð fyrir	-35,5 milljarðar kr.

„Nilli, þú þarft ekkert að flýta þér, mamma getur horft í marga klukkutíma á Skype, 10 gígabæt, maður!“

TaL

10 GB
Stærsta 3G net landsins
500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel talað við mömmu á Skype í marga klukkutíma.
Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.



Svona á samband að vera.

Tal er á 3G neti Símans

ÍSLENSKA / SÍA TAL 59733 07.12

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímabært að láta Rússland og Kína heyra það vegna stuðningsins við stjórn Assads:

Vitorðsríkin

Enn heldur blóðbaðið í Sýrlandi áfram. Ríkisstjórn Bashars al Assad forseta virðist ekki eiga langt eftir. Í örvæntingunni hefur stjórnarherinn gripið til enn grimmilegri ofbeldisverka en áður. Nú er talið að 17.000 manns hafi fallið í landinu frá því uppreisnin hófst, flestir óbreyttir borgarar.

Enn bregzt umheimurinn líka almenningi í Sýrlandi. Í fyrradag beittu Rússland og Kína neitunarvaldi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna gegn ályktun, sem kvað á um hertar refsiaðgerðir gegn stjórn Assads og áframhaldandi veru friðargæzluliðs samtakanna í Sýrlandi. Þetta er í þriðja sinn á níu mánuðum sem þessi tvö voldugu vinaríki Assads beita neitunarvaldi sínu til að koma í veg fyrir skilvirkar aðgerðir til að binda enda á átökin.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Viðbrögð vestrænna ríkja við afstöðu Rússlands og Kína hafa verið hörð. Bandaríkjastjórn orðaði það þannig að ríkin hefðu stillt sér upp „öndvert við söguna“ og „öndvert við sýrlenzku þjóðina“. Jay Carney, talsmaður Hvíta hússins, sagði að afstaða ríkjanna sem beittu neitunarvaldi myndi hafa afleiðingar fyrir orðspor þeirra í Sýrlandi í framtíðinni, „því að það er enginn vafi á því að Bashar Assad er ekki hluti af framtíð Sýrlands.“

Mark Lyall Grant, sendiherra Bretlands hjá Sameinuðu þjóðunum, var sömuleiðis harðorður: „Afleiðingar gjörða þeirra eru augljósar,“ sagði hann. „Meiri blóðsúthellingar og líkur á að allsherjarborgarastyrjöld brjótist út.“

Utanríkisráðherra Noregs, Jonas Gahr Støre, sagði í fyrradag að nú stigmagnaðist borgarastríðið í Sýrlandi, þrátt fyrir tilraunir til að finna pólitíska lausn. „Löndin tvö sem beittu neitunarvaldinu bera sérstaka ábyrgð á því getuleysi til aðgerða sem nú liggur fyrir,“ sagði Støre.

Íslenzk stjórnvöld lýstu fyrr í vikunni yfir stuðningi við ályktunartillöguna, sem Kína og Rússland felldu í Öryggisráðinu. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ítrekaði í yfirlýsingu „fordæmingu á framferði sýrlenskra stjórnvalda og síauknar árásir vopnaðra sveita á þeirra vegum á almenna borgara.“ Ísland hvatti sömuleiðis öll ríki Öryggisráðsins til að sameinast um ályktunardrögin en nefndi hvorki Rússland né Kína í yfirlýsingunni.

Íslenzk stjórnvöld hljóta nú að taka undir fordæmingu annarra vestrænna ríkja á framferði Rússlands og Kína í þessu máli. Það stoðar lítið að skamma stjórnina í Damaskus; atburðarásin undanfarið ár sýnir að hún hlustar ekki heldur veður áfram í einhvers konar grimmdaræði. Það er hins vegar full ástæða til að segja ríkjunum, sem í raun eru í vitorði með Assad í fjöldamorðum á óbreyttum borgurum, rækilega til syndanna.

Við eigum ekki að láta sérlegan vinskap okkar við hin austrænu stórveldi koma í veg fyrir að íslenzk stjórnvöld segi þeim það sem flestir Íslendingar hugsa í þeirra garð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

USB 3 FLAKKARI

Seagate GoFlex USB 3

Kemur með tengivöggu sem auðveldar afritun og eykur flutningshraða. Sjálfvirk og tímastillt afritun með afritunarhugbúnaði sem fylgir. FireWire tengivagga einnig fáanleg.

Seagate

2TB 24.990
3TB 34.990
GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

tl.is TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Trúverðugleikaklípa

Fiskveiðihagsmunir Íslands eru svo mikilvægir að í samningum við aðrar þjóðir um þau efni er aldrei svigrúm til að gefa þumlung eftir vegna annarra víðtækari hagsmuna. Fyrir þá sök er þeim einfaldlega ekki blandað inn í samninga um önnur efni.

Makríldeilan við Noreg, Færeyjar og Evrópusambandið er gott dæmi um þessa stöðu. Eðlilega gerðu íslensk stjórnvöld kröfu um að þeirri deilu yrði ekki blandað saman við aðildarviðræðurnar. Framkvæmdastjórnin féllst á það sjónarmið.

Samt sem áður er erfitt að greina þessi mál með öllu í sundur. Makrílveiðarnar eru óverulegt mál fyrir Evrópusambandið í heild en stórt fyrir lítil svæði bæði í Skotlandi og á Írlandi. Framganga Evrópusambandsins sýnir að það ver litla hagsmuni af engu minni krafti en stóra. Veiðarnar hafa á hinn bóginn afgerandi þýðingu fyrir þjóðarbúskap Íslendinga.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Þær þjóðir sem hlut eiga að máli innan Evrópusambandsins vilja eðlilega blanda þessum tveimur málum saman. Fram hjá því er ekki unnt að horfa. Andstæðingar Evrópusambandsaðildar hér heima nýta þessa stöðu líka á sinn hátt með því að láta að því liggja að sjávarútvegsráðherrann sé tilbúinn að gefa eftir af ýtrustu kröfum í þeim tilgangi að liðka fyrir aðildarsamningum.

Þetta er að vísu ekki mjög rökvís aðdróttun með því að sjávarútvegsráðherrann er opinberlega í hópi hörðustu andstæðinga aðildar. Aðildarandstæðingum hefur hins vegar orðið nokkuð ágengt í því að telja fólki trú um að ráðherrann sé undir yfirborðinu svikari við þann málstað og þar af leiðandi sé honum líka trúandi til að svíkja í makrílsamningunum.

Ráðherrann sýnist því vera í trúverðugleikaklípu.

Ímynd þjóðernishyggju eða umhverfisverndar?

Pólitískur vandi Steingríms J. Sigfússonar er þó lítið eitt flóknari en þetta. Sannleikurinn er sá að hann gæti hæglega notað makríldeiluna til að þvo hendur sínar af ásökunum um undirmál og svik í aðildarmálinu. Jafnvel minni pólitískir refir hafa ekki látið tækifæri eins og þetta úr greipum sér ganga þegar mikið hefur legið við.

Tvö stærstu pólitísku markmið VG eru þau að finna grundvöll til að halda samstarfinu við Samfylkinguna áfram eftir næstu kosningar og losna undan skuldbindingunni um að verja aðildarviðræðurnar. Verkurinn er sá að þessi markmið samræmast illa.

Makríldeilan opnar hins vegar þann möguleika að keyra samningaviðræðurnar í hnút með þá von í huga að espa Íra og Breta til að setja meiri þrýsting á að blanda aðildarviðræðunum saman við hana. Hér á heimavígstöðvunum er síðan tiltölulega auðvelt að vekja öfluga þjóðernisstemningu. Þar býr VG að gamalli reynslu úr Alþýðubandalaginu. Þegar þar er komið loka menn gjarnan augunum fyrir skuldbindingum sem við höfum þegar undirgengist í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og úthafsveiðisáttmálanum.

Með þessu móti gæti formaður VG sameinað flokkinn í öflugri þjóðernisvakningu og hugsanlega sett gaffal á Samfylkinguna í aðildarmálinu. Vandi hans er hins vegar sá að VG er líka græningjaflokkur. Formaðurinn kynni því að þurfa að taka sveig fram hjá sjónarmiðum um ábyrga nýtingu og blása á þær skuldbindingar sem Ísland hefur samið um í þeim efnum á alþjóðavettvangi. Þar með myndi þessi nýja ímynd flokksins sem átti að aðgreina hann frá gamla Alþýðubandalaginu þynnast út.

Sá á kvölina sem á völina.

Makríldeiluna á að leysa fyrst

Kjarninn í makríldeilunni er sá að allar þjóðirnar sem hlut eiga að máli stunda veiðar umfram vísindalega ráðgjöf. Engin ein þeirra hefur hreinan skjöld. Ábyrg niðurstaða þýðir eftirgjöf allra frá núverandi veiðum og fæst aðeins með samningum eða dómi.

Ísland hefur ekki aðeins hagsmuni af því að leysa makríldeiluna óháð aðildarviðræðunum heldur líka að ljúka málinu áður en til hugsanlegrar aðildar kemur. Fyrir þá sök er skynsamlegt fyrir Ísland að flýta sér hægt varðandi upphaf viðræðna um sjávarútvegskaflann meðan botn er ekki fenginn í þetta mál. Evrópusambandið getur því engu hótað með því að skjóta þeim kafla á frest.

Loks væri hyggilegt að íslensk stjórnvöld beittu sér fyrir því að fá ákveðnari úrræði í hafréttarsáttmálann þegar deilur af þessu tagi dragast á langinn. Vel mætti til að mynda hugsa sér að þær færu sjálfkrafa fyrir alþjóða hafréttardómstólinn ef veiðar eru stundaðar umfram ráðgjöf og án samninga í þrjú ár í röð.

Loks ætti það að vera kostur að Ísland hefði frumkvæði að því að bjóða upp á að setja deiluna fyrir hafréttardómstólinn eða gerðardóm. Viðbrögðin við slíkri tillögu munu væntanlega sýna hverjir það eru sem í raun hafa veikasta lögfræðilega stöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Húrra húrra rigning!

weather report
Regnkápa
100% vatnsheld
4.999
Verð áður 6.999kr

weather report
Regnkápa
100% vatnsheld
4.999
Verð áður 6.999kr

Regnslá
299

GÚMMÍSKÓR Á GÓÐU VERÐI

Waterland
Gúmmískór
st. 20-35 vnr. 787457
2.299

VIKING
Gúmmískór
st.35-47 vnr. 614512, 614513
3.990,-

Waterland
Gúmmískór
st. 20-35 vnr. 787458
2.299,-

Waterland
Gúmmískór
st. 20-35 vnr. 862791
2.499,-

Waterland
Stígvél
st. 20-35 vnr. 849168
3.999,-

Waterland
Stígvél
st. 20-35 vnr. 849170
3.999,-

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Búið að sóa þremur og hálfu ári

Rannsókn bresku efnahagsbrotadeildarinnar á **Vincent Tchenguiz** vegna tengsla hans við Kaupþing var hætt í júní. Í ítarlegu viðtali við *Þórð Snæ Júlíusson* fer hann yfir málið, samskipti sín við íslenska banka og sýn sína á slitastjórn og skilanefnd Kaupþings.

Vincent Tchenguiz er nafn sem Íslendingar eru farnir að þekkja vel. Fæstir gera sér hins vegar grein fyrir af hverju það er. Ekki má rugla Vincent saman við Robert, bróður hans, sem var stærsti einstaki skuldari Kaupþings-samstæðunnar þegar bankinn féll og umsvifamikill fjárfestir í íslensku viðskiptalífi. Félög sem Vincent stýrir voru líka viðskiptavinir Kaupþings en einu viðskipti þeirra við móðurbankann, og í raun umsvif á Íslandi, voru 100 milljóna punda lán sem hann fékk í mars 2008. Sú lánveiting hefur dregið gríðarlegan dilk á eftir sér fyrir Vincent Tchenguiz.

Klukkan rúmlega sex að morgni 9. mars 2011 vaknaði hann við að nokkrir lögreglumenn voru í svefnherbergi hans. Vincent var tilkynnt að hann yrði færður til yfirheyrslu en fékk að fara í sturtu og klæða sig áður en hann var færður á lögreglustöð í London. Fyrir utan skrifstofur hans, þar sem húsleit stóð yfir á sama tíma, voru ljósmyndarar frá breskum fjölmiðlum. Þeir höfðu fengið veður af því að handtökurnar væru í bígerð. Á lögreglustöðinni var Vincent tilkynnt að ástæða þess að hann væri til rannsóknar hjá bresku efnahagsbrotadeildinni, Serious Fraud Office (SFO), væri tengsl hans við íslenska bankann Kaupþing.

Þann 18. júní 2012, rúmu ári eftir handtöku Vincents, tilkynnti SFO að stofnunin hefði hætt rannsókn sinni á honum. Áður hafði hann verið beðinn afsökunar á málatilbúnaðinum og dómari hafði sagt SFO hafa sýnt algjöra vanrækslu við framkvæmd hans. Vincent telur aðdraganda og ástæður þess að hann var tekinn til rannsóknar, með margháttuðum afleiðingum fyrir viðskiptaveldi hans, tengjast samskiptum sínum við íslenska aðila, þá sem eru að gera upp þrotabú Kaupþings.

ÍSLENSKU BANKARNIR Ég held að þeir [íslensku bankarnir] hafi orðið að vogunarsjóðum á einhverjum tímapunkti. Þeir voru álitnir vera bankar en einungis lítið brot af starfsemi þeirra var hefðbundin bankastarfsemi.“ MYND/ LUCIENNE SENCIER

Vogunarsjóðir, ekki bankar

„Samband mitt við Kaupþing á Íslandi hófst í mars 2008 þegar ég fékk lán hjá þeim. Það var kallað Pennyrock-lánið og var upp á 100 milljón pund,“ segir Vincent Tchenguiz. Um þetta lán, sem er um 20 milljarðar króna á gengi dagsins í dag, segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að það hafi verið veitt „gegn öðrum veðrétti í leigugreiðslum af fasteignum í hans eigu. Fyrsti veðréttur kemur inn sem nýjar tryggingar fyrir RT [Robert Tchenguiz, bróður Vincents]“. Auk þessa láns voru félög innan Tchenguiz Family Trust, sem hann stýrir, með lán hjá dótturbanka Kaupþings í Bretlandi, Kaupthing Singer&Friedlander (KFS).

Að mati Tchenguiz átti hann í mjög faglegu sambandi við bankann. „Ég hafði verið í viðskiptum við Kaupþing í London, við Ármann Þorvaldsson [fyrrum forstjóra KFS]. Samband mitt við hann, og síðar íslenska bankann, var mjög fagmannlegt, að mínu mati. Þeir voru mjög strangir varðandi tryggingar, framkvæmdu áreiðanleikakannanir og unnu vel í þessu eina láni sem ég tók hjá þeim. En þeir, stjórnendur Kaupþings, voru líka ágengir og áhættusæknir í útlánum sem þeir veittu. Flestir alþjóðlegir bankar drógu mjög úr lánveitingum eftir að lausafjárkreppan hófst sumarið 2007. Kaupþing hélt hins vegar áfram að lána.

En við verðum að spyrja okkur að því hvort þessir íslensku bankar hafi raunverulega verið bankar. Efnahagsreikningur þeirra var allt í einu orðinn 50 milljarðar dala, nánast allt var fjármagnað á markaði, og eiginfjárhlutfallið kannski tíu prósent. Voru þetta þá bankar eða vogunarsjóðir? Ég held að þeir hafi orðið að vogunarsjóðum á einhverjum tímapunkti. Þeir voru álitnir vera bankar en einungis lítið brot af starfsemi þeirra var hefðbundin bankastarfsemi.“

Erfiðara á Íslandi

Veðin sem veitt voru fyrir láninu til Tchenguiz byggðu á öðrum veðrétti á greiðsluflæði leigugreiðslna til 150 ára. Fyrsta veðrétt áttu stærstu lánveitendur hans vegna lána upp á um 1,5 milljarða punda, eða tæplega 300 milljarða króna á gengi dagsins í dag. Á meðal þeirra eru bankarisar á borð við Bank of America/Merrill Lynch, HBoS, Royal Bank of Scotland og fleiri.

Tchenguiz segir allt hafa gengið snurðulaust fyrir sig vegna þessa þangað til að Kaupþing féll í október 2008. „Við höfðum verið með önnur lán í KFS upp á rúmlega 100 milljón pund og eftir um það bil þriggja ára samvinnu við skiptastjóra þess banka hefur okkur tekist að tryggja mjög góðar endurheimtur á því láni.

En á Íslandi var þetta erfiðara alveg frá byrjun. Við vorum alltaf að segja við skilanefnd og slitastjórn Kaupþings að við yrðum að finna leið til að vinna saman til að hámarka endurheimtur. En samskiptin voru ekki góð og þessu fólki lá á. Það vildi fá endurgreitt mjög hratt. Tryggingarnar sem við höfðum lagt fram fyrir endurgreiðslu á láninu miðuðu hins vegar við langtíma endurgreiðsluferil. Þannig var viðskiptamódelið. Það sem við vildum var að endurfjármagna lánin á nokkurra ára fresti samhliða því að greiðsluflæðið hækkaði vegna hærri leigutekna. Þá væri hægt að fá meira lánað út á greiðsluflæðið og það fé yrði síðan nýtanlegt til að greiða niður önnur lán, eins og þetta Kaupþingslán.“

Robert smitaði

Líkt og áður sagði var Robert, bróðir Vincents, stærsti einstaki lántakandi Kaupþings-samstæðunnar. Eftir bankahrunið hafa verið uppi miklar deilur milli hans og þrotabús Kaupþings vegna uppgjörs á afar flóknum lánasamningum, veðkalla og dómsmála. Eitt þeirra mála snerist um afdrif söluandvirðis hlutar í bresku verslanakeðjunni Somerfield.

Vincent Tchenguiz telur að þær deilur hafi smitast yfir á þær viðræður sem hann stóð í við Kaupþing. Hann segir þetta raunar hafa haft gríðarleg áhrif. „Af þremur eignasöfnum okkar sem voru til tryggingar Pennyrock-láninu, var eitt farið til lánveitenda. Það eyðilagði viðskiptamódelið sem átti að endurgreiða þessi lán. Við skildum ekki af hverju þeir gerðu þetta og vorum í miklu uppnámi gagnvart Kaupþingi. Svo miklu að við höfðuðum mál gegn þeim fyrir íslenskum dómstólum og kröfðum þá um endurgreiðslu á eiginfjárvirði samstæðunnar okkar, um 1,5 milljörðum punda [um 300 milljörðum króna].“

„Við höfðuðum síðan sambærilegt mál í Bretlandi í apríl 2010 til að athuga hvort lögsagan gæti legið þar. Við töldum líkur á að meðhöndlun dómstóla yrði ekki jafn tilfinningaþrungin í Bretlandi og hún gæti mögulega orðið á Íslandi.“

Í kjölfarið var tekist hart á um hvar lögsaga málsins lægi. Ljóst var að Kaupþing vildi reka málið fyrir íslenskum dómstólum en Tchenguiz-bræðurnir litu svo á að þeir ættu betri möguleika á skaðabótum fyrir breskum dómstólum. Vincent segir að dregið hafi til tíðinda í deilunni snemma á síðasta ári. „Í febrúar 2011 gaf breskur dómari í skyn að lögsagan ætti að vera í Bretlandi. Í mars 2011 var ég síðan handtekinn.“

Vildi vera Gaddafi

Í aðgerðum SFO voru framkvæmdar húsleitir á tólf stöðum í London og á Íslandi og níu einstak-

FRAMHALD Á SÍÐU 12

ÁTTI EKKI AÐRA HAGSMUNI Á ÍSLANDI EN ÞÁ SEM TENGDUST KAUPÞINGI

Má ekki tala um samkomulag við Kaupþing

Í september 2011 var greint frá því að Vincent Tchenguiz hefði náð samkomulagi við skilanefnd og slitastjórn Kaupþings um að falla frá öllum kröfum sínum á hendur þrotabúinu. Við það féllu einkamálin sem hann rak gegn bankanum í Bretlandi og Íslandi niður.

Aðspurður hvort hann telji samkomulagið tengjast með einhverjum hætti rannsókn SFO segist hann ekki mega tala um það. Í raun kemur í ljós, þegar blaðamaður spyr hann frekar út í samkomulagið, að hann má ekki segja neitt um innihald þess. Hann má ekki segja hversu mikið hann telur Kaupþing hafa

kostað sig og hann má ekki segja hvað samkomulagið fól í sér fyrir Kaupþing. „Við megum ekki tala um það. Við sömdum þannig.“

Tchenguiz fylgist vel með endurskipulagningu Kaupþings, en líkt og Fréttablaðið hefur greint frá stendur til að setja Kaupþing í nauðasamningaferli á allra næstu mánuðum. Vincent segir erfitt fyrir sig að svara því hvernig til hafi tekist. „Augljóslega hefur ekki farið vel á með mér og þeim sem stýra þessu. En frá sjónarhóli kröfuhafa þá set ég spurningarmerki við það hvort þeir hafi gert rétt gagnvart mér á sínum tíma. Þeir hefðu getað fengið betri endurheimtur eftir öðrum leiðum.

Það skapast ákveðnir hagsmunaárekstrar þegar lögfræðingar og endurskoðendur sem skipaðir eru í skilanefndir eru að stjórna banka. Þeir eru ekki eins og skiptastjórar heldur eru að taka sér ákveðin gjöld. Það getur skapað erfiðleika.“

Alþjóðlegir kröfuhafar töpuðu mestu

Tchenguiz segist ekki hafa átt aðra hagsmuni eða eignir á Íslandi en það sem snýr að Kaupþingi og er rakið hér að framan. Hann telur íslensk stjórnvöld hafa brugðist að mörgu leyti rétt við í hruninu. „Þau gerðu sér strax grein fyrir því að bankarnir væru tapaðir og reyndu ekki að halda þeim lifandi. Þegar þeir féllu þá var það vegna alþjóðlegra aðstæðna, en eftir á að hyggja virðist ljóst að bankarnir gengu of langt á einhverjum tímapunkti.

Það hefur mikið verið talað um tap vegna til dæmis Icesave. Það eru ekki íslenskir aðilar sem tapa mest vegna Icesave-mistaka Landsbankans, heldur alþjóðlegir

kröfuhafar. Þegar allar innlánskröfur bankans, þar með taldir Icesave-reikningarnir, voru gerðar að forgangskröfum þá varð ljóst að innlánseigendur myndu fá nánast allt sem endurheimtist. Aðrir kröfuhafar, að mestu alþjóðlegir bankar, voru þurrkaðir út.“

PIPAR\TBWA • SÍA • 122146

ÞEKKT VÖRUMERKI Á FRÁBÆRU VERÐI!

SUMAR-MARKAÐUR ELLINGSEN

FRÍ HEIMSENDING* Á SAMSETTUM GRILLUM Á AKUREYRI OG Á REYKJAVÍKUR-SVÆÐINU
*til kl. 18 á föstudag og kl. 16 á laugardag

Í Ellingsen finnurðu glæsilegt úrval gasgrilla og kolagrilla fyrir heimilið og ferðalagið. Þar er einnig að finna mikið og vandað úrval aukahluta, grilltanga og varahluta. Komdu og skoðaðu úrvalið, grillsumarið er hafið í Ellingsen.

GRILL-AUKAHLUTIR 20% AFSLÁTTUR

GASGRILL ELLINGSEN 2
Grillflötur 440x340 mm
2 brennarar
38.900 KR.
FULLT VERÐ 49.900
Léttgreiðslur **4.322 KR.** í 9 mánuði.

GASGRILL ELLINGSEN 3
Grillflötur 600x450 mm
3 brennarar
59.900 KR.
FULLT VERÐ 79.900
Léttgreiðslur **6.655 KR.** í 9 mánuði.

GASGRILL ELLINGSEN 4
Grillflötur 700x450 mm
4 brennarar
69.900 KR.
FULLT VERÐ 89.900
Léttgreiðslur **7.766 KR.** í 9 mánuði.

Ellingsen CAMPINGAZ

CAMPINGAZ EL PRADO
Grillflötur 450x600 mm
29.900 KR.
FULLT VERÐ 39.900
Léttgreiðslur **3.322 KR.** í 9 mánuði.

GASGRILL ELLINGSEN CB2
Grillflötur 450x467 mm
2 brennarar
64.900 KR.
FULLT VERÐ 79.900
Léttgreiðslur **7.211 KR.** í 9 mánuði.

GASGRILL ELLINGSEN 3S
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar
83.900 KR.
FULLT VERÐ 98.900
Léttgreiðslur **9.322 KR.** í 9 mánuði.

GASGRILL ELLINGSEN 4S
Grillflötur 700x450 mm
4 brennarar
89.900 KR.
FULLT VERÐ 109.900
Léttgreiðslur **9.989 KR.** í 9 mánuði.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

FRAMHALD AF SÍÐU 10

lingar voru færðir til yfirheyrslu. Fyrir utan Vincent voru það Robert bróðir hans, tveir starfsmenn hans og fimm fyrrum starfsmenn Kaupþings. Á meðal þeirra voru Sigurður Einarsson, fyrrum starfandi stjórnarformaður bankans, og Ármann Þorvaldsson.

Rannsókn SFO á Robert Tchenguiz og nokkrum stjórnendum Kaupþings hófst í desember 2009. Samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum, meðal annars málsgögnum frá breskum dómstólum, kemur fram að nafn Vincents tengdist ekki rannsókninni fyrr en í september 2010. Þá sagði endurskoðunarfyrirtækið Grant Thornton í Bretlandi, sem ráðið hafði verið sem ráðgjafi og rannsakandi fyrir þrotabú Kaupþings, starfsmönnum SFO frá því að starfsmenn þess teldu að gögn sýndu að félög í eigu Vincents hefðu lagt fram falsaða pappíra þegar þau fengu Pennyrock-lánið.

Það fór líkast til ekki fram hjá mörgum í Bretlandi að handtakan hefði átt sér stað. Hún var ein af þremur aðalfréttum allra helstu miðla þar í landi næstu daga. Hinar voru viðbrögð Muammar Gaddafis við uppreisn þegna hans í Líbýu, sem hann stýrði enn á þeim tíma, og ástandið í Fukushima kjarnorkuverinu í Japan vegna skjálftaflóðbylgjunnar sem reið yfir landið. Tchenguiz segist oft hafa borið fréttirnar þrjár saman á þessum tíma og hugsað í hvaða sporum hann hefði helst viljað vera. „Á þeim tíma hugsaði ég: Gaddafi!“

Sögðu „aðrar leiðir“ til

Spurður hvort hann telji að aðgerðir SFO tengist deilum hans við skilanefnd Kaupþings segir Tchenguiz að hver verði að draga sínar ályktanir. Með öðrum orðum þá svarar hann ekki spurningunni beint. „Það er mögulegt að einkamálið hafi verið í huga þeirra sem veittu SFO upplýsingarnar. Þetta mál sem við höfðuðum á hendur Kaupþingi snerist um atburði sem urðu eftir fall bankans. Það snerist um störf skilanefndar og slitastjórnar hans og mögulegt tjón sem ákvarðanir þeirra ollu.

Ég átti alveg von þá því að eitthvað myndi gerast í mars 2011. Ég vissi bara ekki alveg hvað. Ég varð ekkert sérstaklega undrandi þegar ég var handtekinn, enda hafði ég fengið skilaboð um það frá Kaupþingi að þeir væru að hugsa um að gera eitthvað. Þeir, skilanefndin, sögðu mér, eins og ég man það, að það væru til „aðrar leiðir“ að mér. Sá sem sagði þetta útskýrði ekki hvaða leiðir það væru.“

Sitt hvor sagan

Tchenguiz telur að gögnin sem rannsókn SFO byggðist á hafi, að minnsta kosti að hluta til, komið frá ráðgjafa Kaupþings, Grant Thornton. „Á meðan ég var í haldi fékk ég aðgang að þeim gögnum sem lágu að baki þeim aðgerðum sem ráðist hafði verið í gegn mér. Ég sá strax að nánast allt sem sneri að mér var í beinni andstöðu við þá málavexti sem Kaupþing hélt fram í einkamálinu sem við deildum í. Það fannst mér einkennilegt því að rannsóknin virtist byggja, að minnsta kosti að hluta til, á gögnum frá Grant Thornton. Þeir lögðu fram öll gögn í sakamálinu sem SFO var að reyna að byggja og í einkamálinu, en samt sögðu gögnin sitt hvora söguna í hvoru máli fyrir sig. Ég spurði mig strax að því hvernig þetta gæti verið.

Það var alveg ljóst að Kaupþingi var gerð full grein fyrir því að lánið væri á öðrum veðrétti, enda voru aðrar skuldir samstæðunnar 1,5 milljarðar punda [um 300 milljarðar króna]. Slíkar skuldir fara ekki framhjá neinum.“

HVER ER VINCENT TCHENGUIZ?

Vincent Tchenguiz er fæddur í Íran í október 1956 og verður því 56 ára á þessu ári. Hann gekk í skóla í Tehran og lauk síðar BSc-gráðum og mastersgráðu frá bandarískum háskólum. Í kjölfarið flutti hann til London og starfaði í fjármálageiranum fram til ársins 1988 þegar hann og Robert bróðir hans stofnuðu fasteignafélagið Rotch Property Group. Árið 2002 stofnaði hann síðan Consensus Business Group þar sem hann er stjórnarformaður.

Hann er ókvæntur og býr og starfar í Mayfair-hverfinu í London. Vincent á einnig heimili í St. Tropez og í Höfðaborg í Suður-Afríku. Þá á hann 130 feta snekkju sem ber nafnið „Veni Vidi Vici“, eða „ég kom, sá og sigraði.“

Nokkrum dögum eftir handtökurnar, þann 16. mars 2011, ákvað breskur dómari að lögsaga deilunnar væri í Bretlandi. Tveimur dögum síðar staðfesti Hæstiréttur Íslands þá niðurstöðu Héraðsdóms að ágreiningur um réttmæti og upphæð krafna gegn íslenskum banka í slitameðferð ætti að fara fram á Íslandi. Því var ljóst að allt stefndi í að málin yrðu rekin bæði í Bretlandi og á Íslandi.

Kaupþing skilaði inn greinargerð til breskra dómstóla í júní 2011. Í lok þess mánaðar fékk SFO eintak af þeirri greinargerð. Þar koma fram upplýsingar sem Tchenguiz telur grafa algjörlega undan sakarefnunum á hendur honum. Á meðal þess sem kom fram í greinargerðinni var að Kaupþingi hefði verið gerð grein fyrir því að þær tryggingar sem settar voru fram fyrir Pennyrock-láninu væru líka veðsettar öðrum. Samt sem áður tók það SFO næstum heilt ár í viðbót að fella niður rannsókn sína á hendur honum.

Tchenguiz telur nokkur atriði liggja til grundvallar því að það var ekki gert. „Ein ástæðan er sú að málið var mjög sýnilegt í fjölmiðlum og almenningur hafði gríðarlegan áhuga á því. Það var valkvæð ákvörðun SFO að svo var, enda létu þeir fjölmiðla vita áður en handtökurnar voru framkvæmdar svo þeir væru tilbúnir fyrir utan. Auk þess hefur verið mjög stirt ástand milli Íslands og Bretlands vegna bankanna og gríðarlega mikil umræða um áhrif falls þeirra hér. Það hafði líka áhrif.“

Lögfræðileg endurskoðun

Strax eftir handtökurnar fóru bæði Vincent og Robert bróðir hans fram á lögfræðilega endurskoðun á þeim gögnum sem lágu til grundvallar þeim heimildum sem veittar voru til aðgerða gegn bræðrunum.

Í desember 2011 viðurkenndi SFO í fyrsta sinn að þegar embættið fékk húsleitar- og handtökuheimildirnar þá hefði veiting þeirra byggt á röngum upplýsingum. Í kjölfarið var SFO gert að skila þeim gögnum sem það hafði tekið hjá Vincent. Rannsókn málsins var hins vegar haldið áfram.

Í febrúar síðastliðnum sendi SFO síðan frá sér þriggja blaðsíðna skriflega afsökunarbeiðni til Vincents Tchenguiz og viðurkenndi, aftur, að aðgerðirnar hefðu grundvallast á röngum upplýsingum.

Í apríl átaldi síðan dómari við breskan dómstól, High Court, SFO harðlega fyrir að geta ekki reitt fram nein gögn sem legið hefðu til grundvallar húsleitum hjá Vincent. Samkvæmt málsgögnum sagði dómarinn, Sir John Thomas, SFO hafa sýnt „algera vanhæfni“ og að hann hefði „aldrei kynnst öðru eins“.

Þann 18. júní síðastliðinn tilkynnti SFO síðan að rannsókn hennar á Vincent Tchenguiz hefði verið hætt. Síðastliðinn fimmtudag var sagt frá því að fyrrverandi starfsmenn Kaupþings, Ármann Þorvaldsson og Guðni Níels Aðalsteinsson, væru lausir allra mála. Rannsókn á Robert og öðrum grunuðum verður hins vegar haldið áfram.

Ætlar í mál við SFO

Tchenguiz hefur tilkynnt að hann ætli sér að höfða skaðabótamál gagnvart SFO og krefjast bóta upp á 100 milljónir punda, um 20 milljarða króna.

Hann segir fjárhagslegar afleiðingar rannsóknar embættisins enda hafa verið mjög alvarlegar. Meðal annars gekk stærsti lánveitandi fasteignafélags hans Peverel að láni nokkrum dögum eftir handtöku hans og gerði það að verkum að félagið fór í greiðslustöðvun.

Auk þess stöðvuðust öll áform um að endurfjármagna um tveggja milljarða punda, um 400 milljarða króna, skuldir annarra fasteignafélaga Tchenguiz þar sem væntanlegir lánveitendur drógu sig út úr þeim viðræðum. „Bankarnir sögðu auðvitað, „guð minn góður, er þetta það sem hann hefur gert?“ Miðað við þær upplýsingar sem veittar voru fjölmiðlum þá þurftu þeir skiljanlega að endurhugsa stöðu sína gagnvart mér og samband þeirra við mig.“

> Samskiptin voru ekki góð og þessu fólki lá á. Það vildi fá endurgreitt mjög hratt.

Vincent náði þó að róa lánveitendur sína og halda yfirráðum yfir félögum sínum. „Hefði það ekki gerst þá væri ég algjörlega búinn. Þá hefði þessi rannsókn á mér örugglega staðið í mörg ár í viðbót. Að reyna að sanna sakleysi sitt þegar þú ert algjörlega búinn og það er búið að ganga að öllum eignum þínum er ómögulegt. Þegar viðskiptamódel verður verðlaust þá trúir enginn því að það hefði virkað til að endurgreiða skuldirnar. Þetta hófst allt saman í október 2008. Nú er mitt ár 2012. Það er í raun búið að sóa þremur og hálfu ári sem við hefðum getað nýtt í annað en þessa baráttu.“

Alltaf lágt verð

5 ÁRA BAUHAUS ÁBYRGÐ

BOSCH
HLEÐSLU-BORVÉL
18volt XR LI-Ion rafhlöðubúnaður. 1700 snún/mín. Snúningsvægi hám. 67Nm. Geta, Tré/málm: 35/13mm 1,8 kg 2 x 3,0 Ah LI-Ion rafhl. og hraðhleðslutæki í tösku.

59.995.-

5 ÁRA BAUHAUS ÁBYRGÐ

DEWALT

DEWALT GEIRUNGSSÖG
DW777-QS. 1800W 6300 snún./mín. Þv. 216 mm sagarblað með 24 tönnum. Hámarks-skurðardýpt 80 mm.

59.995.-

JOTUN

3 L TRÉOLÍA
Alkýð-olía sem vinnur gegn gránun og sprungumyndun á pöllum, skjólveggjum, garðhús-gögnum o.s.frv. Notist á gagn- og þrýstifúavarið timbur.

1.690.-

PALLAEININGAR
Léttar pallaeiningar úr Douglasviði sem raða má saman, sniðug lausn í garðinn.
Fæst í 2 stærðum.
30 x 30 cm og 30 x 60 cm. Verð pr. stk.

2.495.-

BÓNDAHELLUR GRÁMIX
Með fösuðum köntum. Þríhyrningsmerktar. 14 x 21 x 6 cm.
Verð pr. m².

2.195.-!

Kids Club®

Krakkar, það verða andlits-málarar í BAUHAUS á laugardaginn frá kl 12-17 og maurinn mætir á svæðið.

Hittu naglann á höfuðið með... BAUHAUS®

Nú finnur þú loksins fjölina og verður alvöru nagli í BAUHAUS Laugardaginn 21. júlí kl. 12:00 ætlum við að bjóða viskiptavinum okkar í austurríska naglakeppni sem snýst um að negla nagla í viðardrumb...
sá sigrar sem notar fæst högg við að negla naglann alla leið...Keppt verður í karla-, kvenna- og barnaflokki.
Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu 3 sætin í öllum flokkum.
1. sæti 10.000 kr, 2. sæti 7.500 kr og 3. sæti 5.000 kr.
og eru verðlaunin vöruúttekt að eigin vali í verslun okkar.

Auglýst verð gildir frá föstudeginum 20. júlí til og með sunnudagsins 22. júlí 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

GÆÐI | ÞJÓNUSTA | GJAFVERÐ | VÖRUÚRVAL

TILBOÐIN GILDA **19. - 22.** JÚLÍ

JARÐARBER
250 G

-50%

~~ÁÐUR 398 KR/PK~~
199kr/pk

HVÍTLAUKS
KJÚKLINGAVÆNGIR

-40%

~~ÁÐUR 498 KR/KG~~
299kr/kg

nettó

Kræsingar & kostakjör

NÝTT
KORTA
TÍMABIL

NAUTALUNDIR
FROSNAR

~~ÁÐUR 3.975 KR/KG~~
3.498kr/kg

KJÖTBAKA
MEXICANA
500G

-31%

~~ÁÐUR 1.298 KR/STK~~
896kr/stk

Mjúkís

-33%

~~ÁÐUR 589 KR/STK~~
395kr/stk

PIZZASNÚÐUR
115 G
BAKAÐ Á STAÐNUM*

-50%

~~ÁÐUR 298 KR/STK~~
149kr/stk

*Gildir ekki um Nettó Salavegi

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

- 4 ryðfríir brennarar 48.000 BTU
- 1 innfeld gas hliðarhella 12.000 BTU
- Rafstýrður kveikjari
- Postulín grillgrind úr pottastáli, tvískipt
- Hitamælir í loki
- Ryðfrítt stál lok
- Skápur úr stáli
- samlitaður loki ásamt stálhöldum
- 4 hjól - 2 læsanleg
- Slanga og tengi fyrir gaskút

- Albakki fyrir fitu
- Gaskútur fylgir ekki
- Afhent ósamsett

69.998kr

GRÍSAHNAKKI PIRI-PIRI PIPAR & BBQ

~~ÁÐUR 2.198 KR/KG~~

1.758kr/kg

GOURMET UNGNAUTAHAKK

~~ÁÐUR 1.898 KR/KG~~

1.196kr/kg

BLÁBERJABOX 125 G

~~ÁÐUR 439 KR/PK~~

145kr/pk

RÚLLUTERTA OKKAR

~~ÁÐUR 798 KR/STK~~

599kr/stk

EXOTIC MANGO EÐA TROPICAL SAFI 3 X 200 ML

~~ÁÐUR 199 KR/PK~~

169kr/pk

nettó

Lærði í Útey að lífið er dýrmætt

Norðmenn minnast á morgun fórnarlamba mesta ódæðisverks síðari tíma á Norðurlöndum en þá er ár liðið frá því að Anders Behring Breivik myrti með köldu blóði 77 manns í Ósló og Útey. **Eirin Kristin Kjær** komst lífs af í Útey eftir að hafa verið skotin fjórum sinnum. Hún sagði *Bergsteini Sigurðssyni* að sér liði vel og hún ætlar að nota morgundaginn til að bæði syrgja og gleðjast.

Fyrir tæpu ári lá Eirin Kristin Kjær ásamt vinkonu sinni í felum undir klettavegg í Útey, helsærð eftir að Anders Behring Breivik hafði skotið hana fjórum sinnum, sannfærð um að þetta væri hennar síðasta. Morðinginn gekk framhjá vinkonunum en lét þær í friði – Eirin telur að þær hafi verið svo illa á sig komnar að hann hafi talið að þær væru látnar. Klukkan hálfátta um kvöldið fann lögreglumaður þær, kom þeim í bát og í land. „Þá var ég viss um að ég myndi bjargast," sagði Eirin.

Eirin sagði Fréttablaðinu sögu sína 17. nóvember síðastliðinn en hún var þá stödd á Höfn í Hornafirði, hjá fósturfjölskyldu sinni frá því hún var skiptinemi í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu frá 2009 til 2010.

Lífið gengur sinn vanagang

Eirin er nú heima í Tromsö, nýkomin úr tíma hjá sjúkraþjálfara þegar blaðamaður hringir og það liggur vel á henni.

„Það hljómar kannski undarlega en mér líður í rauninni mjög vel," segir hún. „Auðvitað koma dagar þar sem mér líður illa, það er ýmislegt sem ég get ekki gert en þannig er það hjá öllum; fólk á bara sína vondu daga. En heilt á litið líður mér vel og lífið er farið að ganga sinn vanagang. Ég byrjaði að vinna í október, byrjaði aftur í skólanum í janúar, sit í sveitarstjórn fyrir Verkamannaflokkinn og er komin á fullt í fótbolta, eins og áður."

Hún hefur þó ekki náð sér fyllilega af sárum sínum, en Breivik skaut hana í kviðinn, handlegg, fótinn og höndina. Hún lá rúman mánuð á spítala eftir árásina og gekkst undir ellefu aðgerðir. „Ég er ekki orðin alveg nógu góð, höndin og kviðurinn eru enn að angra mig. En ég er í stífri endurhæfingu og þetta er að koma hægt og bítandi. Lykillinn er bara að æfa og æfa."

Fann ekki fyrir neinu þegar hún sá Breivik

Eirin sagði við Fréttablaðið í vetur að hún ætlaði að vera viðstödd réttarhöldin yfir Breivik, sig langaði mikið til að sjá hann og sýna honum að hún væri enn á lífi. Í vor bar hún vitni og segir það hafa verið vendipunkt.

„Það var mikill léttir að fá að koma og segja sögu mína og hjálpaði mér mikið. Ég fylgdist mikið með réttarhöldunum og fann hjá mér þörf til að lesa allt um þau og um Breivik en þetta var ákveðinn lokapunktur fyrir mig; þarna gat ég sett þetta mál fyrir aftan mig í eitt skipti fyrir öll og einblínt fram á veginn. Ég fylgist auðvitað með málinu en ekki jafn mikið og áður. Ég hef um annað að hugsa."

Hún viðurkennir að hafa kviðið því að sjá morðingjann í eigin persónu en segir það alls ekki hafa verið jafn hræðilegt og hún hafði ímyndað sér. „Satt best að segja fann ég eiginlega ekki fyrir neinu þegar ég sá hann – ég fór næstum því að hlæja þegar ég gerði mér grein fyrir því. Ég áttaði mig á að hann var ekki lengur hættulegur og getur ekki gert mér eða öðrum neitt. Hann bara var þarna og ég ætla ekki að láta Anders Behring Breivik stjórna því hvernig mér líður."

LÍF AÐ LAUNA Eirin Kristin hitti í fyrra lögreglumanninn sem kom henni og vinkonu hennar til bjargar undir klettabelti í Útey fyrir ári. Þótt Eirin hafi ekki enn náð sér fyllilega af sárum sínum er lífið farið að ganga sinn vanagang.

> Maður skynjaði svo sterkt að við stóðum ekki ein í þessu; þetta var ekki bara árás á okkur sem vorum úti í eyjunni heldur á allan Noreg.

Heppin að vera skotin snemma

Eirin er í reglulegu sambandi við marga aðra sem sluppu lifandi frá Útey fyrir ári síðan og telur að almennt hafi eftirlifendum gengið vel að vinna úr atburðunum og fóta sig á ný.

„Við erum mörg hér í Tromsö sem hittumst oft og ég á líka vini í Ósló og víðar sem ég hitti reglulega. Við föllumst í faðma þegar við hittumst og byrjum svo að tala um daginn og veginn. Stundum berst talið að eyjunni í nokkrar mínútur en svo erum við farin að tala um skólann eða vinnuna. Þetta er allt mjög venjulegt."

Þótt hún hafi særst illa segist Eirin reyndar líta á það sem svo að hún hafi verið skotin tiltölulega fljótt eftir að Breivik lét til skarar skríða.

„Sjokkið kom þess vegna strax og ég var fyrst og fremst að fást við það. Ég var í sjálfu sér búin að sætta mig við að deyja en þurfti ekki að bíða skelfingu lostin eftir því að hann næði mér eins og margir. Það held ég að hafi verið einna verst."

Væntumþykja og samkennd

Spurð um viðbrögð samfélagsins segir Eirin ótrúlegt að upplifa samkenndina sem ríkti í Noregi eftir harmleikinn.

„Fyrstu vikurnar og mánuðina kom jafnvel ókunnugt fólk upp að mér og sagði eitthvað hughreystandi, faðmaði mig jafnvel eða gaf mér blóm. Maður skynjaði svo sterkt að við stóðum ekki ein í þessu; þetta var ekki bara árás á okkur sem vorum úti í eyjunni heldur á allan Noreg. Það var magnað að finna alla þessa væntumþykju."

Hún viðurkennir að jafnframt gæti mikillar reiði í garð ódæðismannsins en reynir að leiða ekki hugann of mikið að því.

Stund sorgar og gleði

Á sunnudag ætla ungliðar í norska Verkamannaflokknum að minnast látinna í Útey. Eirin ætlar að vera viðstödd. Hún hefur einu sinni áður farið út í eyjuna eftir voðaverkin en segist vera dálítið taugaóstyrk. Hún er engu að síður staðráðin í að eiga góða samverustund með vinum sínum.

„Ég fer til Óslóar snemma á sunnudagsmorgun og þaðan til Úteyjar. Þetta er auðvitað sorgarstund en við ætlum líka að gleðjast yfir því að vera þarna samankomin á lífi, syngja og borða vöfflur. Þetta á að vera góð stund þar sem við minnumst kærra vina. Þótt voðaverkin megi aldrei gleymast eigum við ekki að láta þau spilla þessum yndislega stað sem Útey er. Við *þurfum* að komast yfir þetta."

Um kvöldið liggur leiðin til Óslóar þar sem efnt verður til stórtónleika.

„Það verður ábyggilega magnað að sjá allan mannfjöldann sem á eftir að koma saman, finna fyrir nándinni og samkenndinni, og hlusta á tónlistarmenn sem hafa samið lög fyrir þetta tilefni. Ég vona að þetta verði bara ekki yfirþyrmandi. Ég veit ekki alveg hvernig ég á að undirbúa mig því ég var á spítala þegar fyrri minningartónleikarnir voru haldnir."

Lífið er til þess að njóta

Aðeins tvítug að aldri hefur Eirin upplifað ýmislegt sem aðrir þurfa aldrei að þola á allri ævinni. Hún segir reynsluna í Útey fyrst og fremst hafa kennt sér að lífið sé dýrmætt og að það eigi að lifa því til fulls.

„Þessi dagur mun alltaf fylgja mér, ég verð aldrei „búin" með hann en hann á ekki eftir að íþyngja mér í framtíðinni. Ég er frjáls til að gera það sem ég vil."

Spurð hvaða stefnu hún hafi tekið sér í lífinu segist Eirin hafa komist að því að þótt maður geri áætlanir fari þær ekki alltaf eins og maður ætlaði.

„Ég ætla fyrst og fremst að gera það sem mig langar til – ég ætla í skóla að læra það sem mig langar, vinna við það sem mér finnst skemmtilegt, vera mikið með vinum mínum og ferðast um heiminn. Lífið er of stutt fyrir áhyggjur – við eigum að njóta þess meðan við getum."

ATBURÐARÁSIN Í ÓSLÓ OG ÚTEY, FÖSTUDAGINN 22. JÚLÍ

13.22 Sprengja sem komið hafði verið fyrir í Volkswagen Crafter-bíl sprakk fyrir utan stjórnarbyggingar í miðborg Óslóar. Eldur kviknaði í skrifstofum forsætisráðherra og í olíu- og orkumálaráðuneytinu. Margar fleiri byggingar skemmdust og glerbrotum rigndi niður á stóru svæði.

13.26 Fyrsta tilkynning um sprenginguna til lögreglunnar. Tveimur mínútum síðar var fyrsti lögreglubíllinn kominn á staðinn. Strax bárust fréttir af dauðsföllum. Átta létust í sprengingunni.

15.27 Lögregla í Nyrðri-Buskerud fær tilkynningu um skothvelli í Útey. Þremur mínútum síðar var lögreglan í Ósló látin vita. Mikil skelfing greip um sig á eyjunni og ungmenni reyndu að fela sig og margir lögðust til sunds til að reyna að flýja.

15.38 Lögreglulið frá Ósló leggur af stað í átt að Útey.

16.09 Lögreglulið frá Ósló kemur að bryggjunni þaðan sem hægt er að sigla í eyjuna, en þarf að bíða eftir báti sem getur flutt það á staðinn.

16.25 Lögregla kemur í eyjuna.

16.27 Anders Behring Breivik er handtekinn. Hann hafði í fórum sínum tvö skotvopn og nóg af skotum. 69 ungmenni féllu fyrir hendi hans í eynni og fjöldi annarra særðist.

ÚTEY Réttri klukkustund eftir að lögreglunni barst tilkynning um skothvelli í Útey lagði Anders Behring Breivik niður vopn sín og gafst upp. 69 lágu í valnum í Útey.

MINNAST LÁTINNA Í ÚTEY OG ÓSLÓ

SAMSTAÐA Að minnsta kosti 150 þúsund manns gengu um götur Óslóar og minntust fórnarlambanna í Útey nokkrum dögum eftir ódæðið.

Ungliðar í norska verkamannaflokknum minnast þess á morgun að eitt ár er liðið því að Anders Behring Breivik myrti 77 manns í Útey og í Ósló.

- Athöfnin hefst klukkan ellefu að norskum tíma. Jens Stoltenberg, formaður norska Verkamannaflokksins og forsætisráðherra, flytur ræðu ásamt Helle Thorning Smidt og Eskil Pedersen sem er formaður ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins.
- Meðal viðstaddra í Útey á morgun verður Guðrún Jóna Jónsdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna. Hún flaug utan í gær og sagði í samtali við Vísi að undirbúningur minningarathafnarinnar setti mikinn svip á norskt þjóðlíf. „[F]ólk gerir sér fulla grein fyrir því hvaða helgi er og hvað er að fara í gang. Krakkarnir sem ég er að hitta eru á fullu í undirbúningi andlega og að koma saman viðburðinum."
- Ungir jafnaðarmenn standa fyrir minningarathöfn á sunnudagskvöld klukkan hálfníu við Norræna húsið í Reykjavík.
- Jens Stoltenberg forsætisráðherra flutti eftirminnilega ræðu í kjölfar harmleiksins í fyrra, þar sem hann sagði meðal annars. „Ef einn maður getur alið með sér svo mikið hatur, hugsið ykkur þá hversu mikinn kærleik við getum sýnt öll saman."

JENS STOLTENBERG Forsætisráðherra Noregs við minningarathöfn í fyrra.

Stokkið, hlaupið og sparkað

Íþróttir voru þema annars hluta sumarmyndakeppni Fréttablaðsins. Líflegar myndir bárust af iðkendum ólíkra greina íþrótta og sú list að smella af á hárréttu andartaki virðist á valdi margra. **Þórir Ó. Tryggvason** málari á Akureyri bar sigur úr býtum með myndinni sem prýðir forsíðu þessa blaðs. Hann fær að launum farmiða fyrir tvo með flugfélaginu Wow Air til Evrópu.

Sterkt augnablik á milli fjalla

Þú hringir heldur seint. Ég var að enda við að bóka ferð í sólina. En það verður hægt að nýta þessa miða líka," segir Þórir Tryggvason glaðlega þegar hann fréttir að hann hafi hlotið flugmiða fyrir tvo til Evrópu með mynd sinni af fagnandi fótboltastrákum.

Þórir er málari og áhugaljósmyndari á Akureyri. Sigurmyndina tók hann á Nikulásarmóti VÍS í Ólafsfirði um síðustu helgi, móti sem Knattspyrnufélag Fjallabyggðar heldur árlega fyrir 6. og 7. flokka beggja kynja. „Þetta var sterkt augnablik þarna á milli fjallanna og gleðistund í lífi þessara stráka. Þeir eru í 6. flokki HK sem vann tvöfalt þetta árið, bæði bikarmeistarakeppnina og mótið að loknum riðlakeppnum," segir hann um drengina á myndinni.

4. - 5. SÆTI **ÓVENJULEGT STRANDBLAK** Heiða Kristín Másdóttir, starfsmaður í Nauthólsvík, smellti mynd af hópi frá Kettlebells Iceland í hörkuleik á ylströndinni með þungan bolta.

4. - 5. SÆTI **DÓMARINN RÆÐUR** Stefanía Ásta Gísladóttir fylgdist með Símamótinu í fótbolta og tók þessa mynd af 7. flokki stúlkna úr Breiðabliki og Stjörnunni.

Verðlaun fyrir **1. sætið** eru farseðlar fyrir tvo til Evrópu með flugfélaginu Wow Air. Þeir sem fengu **2. og 3. verðlaun** hljóta gjafakort með leikhúsmiðum fyrir tvo í Borgarleikhúsið. Dómnefndina skipuðu **Vilhelm Gunnarsson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, **Ólafur Stephensen** ritstjóri og **Sigríður Tómasdóttir** ritstjórnarfulltrúi.

Næsta þema: náttúran *ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is*

2. SÆTI **ÓLÍKT HAFST AÐ** Hrund Þórsdóttir ritstjóri tók þessa mynd í Húsadal í Þórsmörk 14. júlí af hlaupara að koma í mark eftir þá þolraun að þreyta Laugavegsmaraþonið sem er 55 kílómetra langt og liggur um fjöll og firnindi. Móttökunefndin var ekki alveg viðbúin.

3. SÆTI **STOKKIÐ TIL SIGURS** Hjörtur Stefánsson verkfræðingur náði mynd af Fjólu Signýju Hannesdóttur, Íslandsmeistara í hástökki, á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum í Laugardalshöll um síðustu helgi.

66°
NORÐUR
Vetrarjakkinn sem þú notar í allt sumar
Snæfell hefur unnið til fjölda verðlauna á útivistarsýningum undanfarið ár, er nýr jakki íslensku björgunarsveitanna og hefur fengið frábærar viðtökur hér heima.
Jakkinn er léttur og aðsniðinn með skel úr byltingarkenndu efni sem ver þig gegn roki og rigningu og andar jafnframt betur en sambærileg efni - sumarjakkinn sem þú notar í allan vetur. Eða var það kannski öfugt?
Við þökkum viðtökurnar.
» magazine.66north.is
Snæfell fæst nú í bláum lit í takmörkuðu upplagi.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Krossgáta

Lárétt

4. Haldast svona duggur á floti? (11)
10. Undargrund, segir glorsoltinn (10)
11. Skegg og rauð föt greina aðalblámann frá öðrum (11)
12. Ætli sá góði skjögri undir gæðaslagara? (10)
13. Er að moka gullsandi (7)
14. Örn Arinn er eðalborinn jafnaðarmaður (11)
17. Fremur merki um þann sem allt veit (9)
19. Byrja aftur að leita byrjunar (7)
20. Sprautar á rándýr vegna illinda (7)
21. Klúr laut (4)
23. Hér er kenndur bjórtaumur (7)
26. Kíki lauslega í svarthol (11)
27. Stuttar brækur barma sér (10)
29. Morgunn lofar og máltíð (11)
32. Bæti brag og línu (7)
34. Fermir reisuna (13)
36. Anna elskar fjallaferðir þeirra (18)
37. Tala um hættuklukku ef ekkert annað dugar (12)
38. Til að mynda inni hjá þjálfaðri (7)

Lóðrétt

1. Óhefluð ali á ferskmeti (7)
2. Af hverju kúnst slakar (7)
3. Klára hlemm fyrir dauða (7)
4. Upplýsi atvinnu í akademíu (10)
5. Felldi hest fyrir danskar (6)
6. Satt, Snorri, rugluð sletta er smári (10)
7. Fékk þessi smáfiskur part í æsku? (8)
8. Efni véla með línunni (8)
9. Óreiðustelpurnar borga allt á Indlandi og víðar (9)
10. Bóka að karl er hruflaður (9)
15. Sæti sársauka dottið í mótmælaaðgerðina (14)
16. Biðjið ármynni og ungviði (5)
17. Kvabba á vöðva í von um þolinmæði (7)
18. Hvíldarnót í teppinu (13)
20. Frá nauti til nauts (5)
22. Barnapían gefur rós og fant (7)
24. Kraminn er kræklingur fyrir kryddlegna (10)
25. Botnlaus fjárhagsvandræði fyrir Sakaflóa (9)
26. Grimm og guggin (3)
28. Pöbbahelgi og slagsmál (8)
30. Bók um skriftir (7)
31. Hólmi Sigrúnar minnir á hálfnöfnu hennar (7)
33. Greind brýnir drengi (6)
35. Óhreinkaði með fyrsta flokks skít (5)





Lausnarorð síðustu viku var
BAKPOKALÝÐUR

FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Hlýtt og mjúkt fyrir yngstu börnin frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigurbergur Kárason, Reykjavík** og getur hann vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.

Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúra sem Íslendingar ergja sig minna á en flestar þjóðir aðrar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. júlí næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „21. júlí“.

HORFT YFIR NASSER-VATN Nasser-vatn varð til við byggingu Aswan-stíflunnar. Undir vatninu liggur Núbíu-dalur þar sem sögulegar minjar sukku í kaf og tugþúsundir voru hraktar af heimilum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1970

Merkilegt mannvirki klárað eftir gríðarlegar fórnir

Aswan-stíflan í Egyptalandi var vígð formlega árið 1970. Stíflan batt enda á flóð og þurrka við bakka Nílar, en um leið sukku ómetanlegar minjar um menningu núbíumanna og þúsundir voru fluttar nauðungarflutningum.

Á þessum degi fyrir réttum 42 árum, hinn 21. júlí árið 1970, var Aswan-stíflan í Níl fullgerð. Stíflan var mikið verkfræðiundur á sínum tíma og færði Egyptum raforku og batt enda á flóð og þurrka sem höfðu verið landlæg við bakka Nílar frá örófi alda. Þessi auknu lífsgæði voru þó dýru verði keypt þar sem framkvæmdin og uppistöðulónið ofan við stífluna, Nasser-vatn, kröfðust brottflutnings þúsunda manna og sökktu menningarverðmætum undir vatn.

Stíflan er gríðarlegt mannvirki, 111 metrar á hæð og 44 milljón rúmmetrar. Nasser-vatn, sem er kennt við Gamal Abdel Nasser forseta, er 5.250 fermetrar að flatarmáli, um sextíufalt stærra en Þingvallavatn og 320 kílómetra langt.

Undir vatnið hvarf Núbíudalurinn og með honum heimkynni tugþúsunda smábænda og hirðingja, þar á meðal núbíumanna sem höfðu búið á svæðinu um aldir. Þeir voru fluttir í tilbúin þorp og bæi og þrifust afar misjafnlega og létust fjölmargir auk þess sem þeir sem eftir lifðu þurftu að temja sér nýja lifnaðarhætti.

Þar fyrir utan var útséð að ómetanlegar fornminjar færu undir vatn. Ýmsu var bjargað, til dæmis musterum og styttum við Abu Simbel sem voru frá 13. öld fyrir Krists burð, en margt glataðist og er nú á tuga metra dýpi.

Loks varð stíflan til þess að næringarríkur framburður Nílar hætti að berast yfir bakkana með þeim afleiðingum að nú þarf mikið magn af tilbúnum áburði til að stunda búskap á svæðinu.

Þetta stóra skref var því ekki alfarið til framfara. Raforka og meiri stöðugleiki í vatnsmagni Nílar var greitt dýru verði, með mannslífum, náttúru og menningararfi tugþúsunda.

Heimildir: history.com, Brittanica og Lemúrinn.is

BÍLRÚÐUR

LAUGARDAGUR **21. JÚLÍ 2012**

Kynningarblað

Framrúðutrygging
Glæsivagnar í Mónakó
Hreinar bílrúður
Örugg rúðuskipti
Vandaðar ísetningar

Starfsmenn Poulsen, þeir Ragnar Matthíasson, Grétar Fannar Ó. Thorarensen, Friðrik Hreinsson, Brandur R. Axelsson og Sigurður Örn Úlfarsson.

Starfsfólk Poulsen vinnur eftir ströngum vinnureglum við ísetningu bílrúða sem tryggir að ávallt er vandað til verks.

MYND/ERNIR

Bílrúður eru okkar fag

Fyrirtækið Poulsen er stærsti bílrúðuinnflytjandi landsins og býður upp á rúður í flestar gerðir bíla. Í Skeifunni 2 rekur Poulsen fullbúið bílrúðuverkstæði. Þar starfa fagmenn með margra ára reynslu sem meðal annars sinna kennslu í bílrúðuísetningum fyrir viðskiptavini Poulsen. Mikil áhersla er lögð á gæði, bæði í vörum og þjónustu.

Poulsen var stofnað af Dananum Valdimar Poulsen árið 1910 og er því orðið rúmlega aldargamalt fyrirtæki. Hjá Poulsen starfa í dag um 30 manns, hver með sína sérhæfingu, sem þjónusta bæði bíleigendur og bifreiðaverkstæði. Fullbúið bílrúðuverkstæði Poulsen er í Skeifunni 2.

Þjónustum alla

Ragnar Matthíasson, einn eigenda Poulsen, segir það ganga fljótt fyrir sig að skipta um rúðu í bíl þegar fagmenn eru að verki. „Þetta er einfalt mál. Ef rúða er brotin í bílnum, hvort sem er að framan, aftan eða á hlið, pantar fólk tíma í bílrúðuskiptum. Við fáum upplýsingar um númer bíls og hvar hann er tryggður. Mætt er með bílinn á umsömdum tíma, tjónaskýrslan fyllt út og hann skilinn eftir. Billinn er svo tilbúinn seinnipart dagsins. Svona einfalt er þetta nú," segir Ragnar.

Hvað kostnað varðar þarf ávallt að borga sjálfsábyrgð við bílrúðuskipti en ef gera á við rúðu er það greitt að fullu af tryggingafélaginu.

Fagmennska í fyrirrúmi

Verkstæði Poulsen hefur á að skipa faglærðu starfsfólki með margra ára reynslu. Meðal annars hefur það sinnt kennslu í bílrúðuísetningum og bílrúðuviðgerðum úti um allt land.

„Bílrúðuísetning er mikið vandaverk og ekki sama hvernig hún er framkvæmd. Við höfum tileinkað okkur ákveðnar vinnureglur sem skara langt fram úr almennum vinnureglum. Það er trygging fyrir viðskiptavininn að vönduð vinnubrögð séu ávallt viðhöfð og að viðgerðin muni standast tímans tönn."

Gæði og vandvirkni

Mikil áhersla er lögð á gæði, bæði í vörum og þjónustu. Poulsen flytur inn stærstu merkin í bílrúðum, AGC og Pilkington sem er virtasti og umsvifamesti bílrúðuframleiðandi heims.

„Þar sem við erum stærsti innflytjandi á bílrúðum, listum, smellum ásamt vélum og tækjum til rúðuskipta höfum við ávallt nýjustu tæki og beitum nýjustu aðferðum við rúðuskipti."

Tilboð í júlí

Í júlí mun Poulsen veita 50% afslátt af rúðuþurrkum til þeirra sem koma í rúðuskipti eða viðgerð á rúðu.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu fyrirtækisins: www.poulsen.is eða í síma 530 5900.

EF RÚÐA ER BROTIN Í BÍLNUM ÞÍNUM:

-Þú hringir í Poulsen í síma 530 5900 og pantar tíma í bílrúðuskiptum.

-Gefur upp bílnúmer og tryggingafélag bílsins.

-Mætir svo með bílinn á umsömdum tíma í Skeifuna 2.

-Færð hjálp við að fylla út tjónaskýrslu og skilur bílinn eftir.

-Sækir bílinn seinnipart dags og það eina sem þú þarft að greiða er sjálfsábyrgð.

-Ekur heim með splunkunýja rúðu og gott útsýni hvert sem þú ferð.

Rolls Royce frá árinu 1930 úr safni Grimaldi-fjölskyldunnar í Mónakó.

Glæsikerrur til sölu í Mónakó

Hluti stórkostlegs bílasafns Rainier fursta í Mónakó verður seldur á uppboði í Mónakó 26. júlí. Rainier fursti, sem lést árið 2005, var ástríðufullur bílasafnari og átti þegar best lét yfir 100 bíla af ýmsum tegundum og í mörgum verðflokkum. Þótt uppboðið sjálft fari fram 26. júlí gefst almenningi kostur á að skoða dýrgripina fjórum dögum fyrir uppboðið sem verður haldið í Museum Terrasses de Fontvieille í Mónakó. Ekkert lágmarksverð er sett á bílana en ekki er búist við því að þeir verði seldir ódýrt.

Uppáhaldsbíll Rainier fursta var Mercedes Benz 500 SEC-AMG frá árinu 1983. Talið er að hann verði seldur á tvo til fjóra milljarða króna. Önnur glæsikerra frá árinu 1913, Panhard X19, er metin á rúmlega fimm milljarða króna. Aðrir verðmætir bílar í flotanum eru meðal annars Citroen Cabriolet 5HP frá árinu 1925, Bentley S1 frá árinu 1956 og Dodge 4 x 4 Command frá árinu 1942. Yngsti bíllinn í bílaflotanum er fyrrnefndur Mercedes Benz 500 SEC-AMG en elsti bíllinn, Berliet C2, er frá árinu 1907. Það er sonur Rainier fursta, Albert prins í Mónakó, sem á frumkvæði að sölu bílanna þar sem rýma þarf fyrir nýjum safngripum.

Bílrúðutrygging getur sparað mikla fjármuni

Það getur verið dýrt fyrir bíleigendur að bera fullan kostnað af viðgerð á bílrúðum og rúðuskiptum. **Bílrúðutrygging** er því skynsamur kostur.

Bílrúðutryggingar eru valkvæðar tryggingar hérlendis og seldar með lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis. Áður var hún kölluð framrúðutrygging og tók einungis til framrúðu bifreiða en því var breytt samkvæmt óskum neytenda sem voru ekki sáttir við að fá eingöngu framrúðu bætta, ef til dæmis brotist var inn í bílinn eða eftir umferðarslys.

Þegar brot kemur í framrúðu bíls, til dæmis eftir stein, er nauðsynlegt að láta gera við rúðuna eins fljótt og hægt er. Sé viðgerð ekki möguleg strax er skynsamlegt að setja svokallaðan rúðuplástur í sárið sem hægt er að nálgast ókeypis hjá flestum tryggingafélögum. Rúðuplásturinn kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist í sárið og hægir á stækkun sprungunnar. Sé hins vegar beðið of lengi eftir viðgerð er hætt við að sprungan teygi sig um alla rúðuna með þeim afleiðingum að skipta þarf um rúðuna með tilheyrandi kostnaði.

Viðgerð á bílrúðum er að öllu jöfnu ókeypis fyrir þá bíleigendur sem hafa keypt bílrúðutryggingu. Þurfi hins vegar að skipta um bílrúðu þarf bíleigandinn að borga sjálfsábyrgðina sem er yfirleitt 15% af fjárhæðinni.

Það getur borgað sig að vera með bílrúðutryggingu.

Kostnaður við bílrúðutryggingu er eðlilega mishár en gera má ráð fyrir 6500-7000 króna iðgjaldi á ári fyrir fólksbíla og jepplinga. Iðgjald fyrir jeppa er aðeins hærra eða um 7000-7500 krónur fyrir árið.

Hafi bíleigendur ekki keypt bílrúðutryggingu fellur allur kostnaður vegna viðgerðar og rúðuskipta á þá. Þær fjárhæðir eru misháar eftir eðli viðgerða og stærð rúðunnar. Þó er hægt að áætla að hefðbundin rúðuskipti á fólksbíl kosti að lágmarki 60.000 krónur.

Innihaldi rúðan aukabúnað, eins og regnskynjara, loftnet eða hita, er kostnaðurinn mun meiri. Mörg verkstæði sjá um viðgerðir og rúðuskipti hér á landi. Í fæstum tilfellum þurfa bíleigendur að hafa samband við tryggingafyrirtæki sitt heldur sjá verkstæðin yfirleitt um öll slík samskipti.

Bíleigendur mæta yfirleitt með bílinn í upphafi dags og sækja hann síðar um daginn.

ÞEGAR MÆÐIR Á BÍLRÚÐURNAR

Móða á bílrúðunum er afskaplega pirrandi og getur auk þess verið stórhættuleg því hún hindrar útsýni við akstur. Ein leið til að koma í veg fyrir móðumyndun er að hafa rifu á glugganum þegar hann stendur á bílastæðinu, þannig myndast ekki móða í bílnum meðan hann bíður. Önnur er að hjóla heim úr ræktinni en setjast ekki sveittur inn í bíl, því meðan líkaminn kælir sig sest auðvitað heit gufan á rúðurnar. Sú þriðja er að takmarka inn- og útöndun farþega en það er kannski erfitt til lengdar. Blástur á framrúðuna svínvirkar en þá er jafnvel árangursríkara að nota kaldan blástur en heitan, því kælingin dregur úr raka andrúmsloftsins og dregur þar af leiðandi úr móðunni. Þið þekkið þetta úr flugvélunum - loftkælingin þar þurrkar upp húðina. Athugið einnig að miðstöðin sé stillt á ytri hringrás því annars er hreinlega verið að stuðla að móðumyndun.

Svo má auðvitað þurrka rúðuna með handklæði en það er tímabundin lausn. Einnig er hægt að fá sérstaka svampa til þessa, sem skilja ekki eftir ljótar línur á rúðunni.

Eitt ráð er gott fyrir veturinn: Blandið edik í vatn, í hlutföllunum einn á móti þremur og úðið á rúðurnar innanverðar og utanverðar. Þetta kemur í veg fyrir að rúðurnar kólni og frjósi.

Ef vandamálið er þrálátt gæti það tengst öðrum kvillum í bílnum sjálfum. Miðstöðin gæti verið biluð, en það er mikilvægt að hún losi sig við allt umframvatn. Móða innan á bílrúðum í þurrviðri getur einnig verið vísbending um ryð.

Móða í afturrúðu hverfur með hitastrengjunum í rúðunni. Munið bara að slökkva aftur á þeim þegar móðan er horfin til að spara orku.

Einfalt hjá meistaranum

Það eina sem þarf að gera þegar bílrúða brotnar er að panta tíma hjá **Bílrúðumeistaranum**. Páll Gunnlaugsson eigandi sér um samskipti við tryggingafélögin og sérhæfir sig í öllu varðandi bílrúðuskipti og -viðgerðir.

Páll Gunnlaugsson, bifreiðasmíðameistari og eigandi Bílrúðumeistarans, hefur unnið við bílrúðuviðgerðir í rúm tíu ár. „Ég sérhæfi mig í bílrúðuviðgerðum, rúðuskiptum og rúðuísetningum. Það er betra að gera einn hlut vel en marga hluti illa. Ég laga líka mött ljós og skipti um upphalara. Bílrúðumeistarinn var opnaður í mars í fyrra og það hefur verið nóg að gera hjá mér síðan," segir Páll.

Hann segir að ef fólk lendir í því óláni að það brotni rúða í bíl hjá því þá sé nóg að hafa samband við hann.

„Bílrúðumeistarinn er viðurkenndur aðili hjá öllum tryggingafélögum á Íslandi. Ég sé um öll samskipti við tryggingafélög og er í góðu samstarfi við þau. Fólk getur að sjálfsögðu sjálft haft samband við sitt félag en þarf það ekki frekar en það vill. Flestum finnst gott að ég sjái um alla pappírsvinnuna og ég býð einnig upp á aðstoð við að fylla út tjónaskýrslu. Það eina sem fólk þarf að gera er að hringja í Bílrúðumeistarann og panta tíma."

Þegar þarf að skipta um rúðu í bíl þarf fólk að borga sjálfsábyrgðina en ekki neitt ef einungis þarf að láta gera við litlar skemmdir. „Tryggingafélagið borgar það upp í topp. Annars þarf að greiða sjálfsábyrgð sem er fimmtán prósent af kostnaði sem er yfirleitt á bilinu átta til tólf þúsund. Svo er framrúðan sá hlutur bifreiðarinnar sem fólk horfir mest á og mikið atriði að hún sé í toppstandi."

Páll lofar toppgæðum og topppjónustu í Bílrúðumeistaranum á Dalvegi. Hann sérhæfir sig í öllu varðandi bílrúður og viðgerðir á þeim. MYND/STEFÁN

„Helstu ástæður þess að rúður brotna eru fyrst og fremst steinkast og svo eru það skemmdarverk á hliðarrúðum vegna innbrota," segir Páll.

Bílnum er hægt að skila til Páls hvenær sem er sólarhrings og setja bíllykilinn inn um sérstaka lúgu fyrir lykla hjá Bílrúðumeistaranum.

„Viðgerðin tekur yfirleitt um fjóra tíma þannig að flestir koma með bílinn um morguninn og ná í hann í hádeginu eða koma með hann í hádeginu og sækja hann eftir vinnu."

Fólk getur líka beðið á meðan gert er við bílinn. „Konan mín, Lucy, er með hárgreiðslustofuna HairDoo við hliðina á Bílrúðumeistaranum hér á Dalvegi 18 og við erum með sameiginlega aðstöðu fyrir viðskiptavini. Fólk getur jafnvel skroppið í klippingu til hennar á meðan það bíður eftir bílnum," segir Páll og hlær og lofar toppgæðum og topppjónustu hjá þeim skötuhjúum á Dalveginum.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is sími 512 5411
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

BÍLAR

LAUGARDAGUR **21. JÚLÍ 2012**

Kynningarblað

Ódýrasti billinn
Meirapróf á hjólhýsi
Minnkið bensíneyðsluna
Öryggi barna
Hraðskreiðir bílar
Rétta loftið

Valdimar Sveinsson keppir í sinni fyrstu torfæru um helgina á bílnum Trúðnum. Trúðurinn á sér langa sögu í torfærunni og vann fyrri eigandi hans, Gunnar Gunnarsson, nokkra Íslandsmeistaratitla á honum. MYND/STEFÁN

Trúðurinn upp á sitt besta.

Spennandi aksturstæki keppa.

Henning Ólafsson hjá bílnum Kalda í eigu Stefáns Bjarghéðinssonar, núverandi Íslandsmeistara í götubílaflokki. MYND/STEFÁN

Tryllitæki í Jósepsdal á ný

Henning Ólafsson er keppnisstjóri torfærukeppni sem haldin er í dag í Jósepsdal klukkan 13. Keppnissvæðið var vinsælt upp úr 1990 en hefur ekki verið notað síðastliðin sex ár. Helmingur ágóða keppninnar rennur til styrktar Umhyggju.

Aksturíþróttafélag Suðurnesja, sem annast keppnina, fagnar 30 ára afmæli á þessu ári. Keppnin heitir Bílar og Hjól Torfæran í höfuðið á aðalbakhjarli hennar, Bílar og Hjól ehf. Í tilefni af afmælisári Aksturíþróttafélagsins ætlar það að gefa helming ágóðans til Umhyggju, sem er styrktarfélag langveikra barna. „Hugmyndin að gjöfinni er komin frá keppnisliði Hlunksins frá Selfossi en þeir eru búnir að ganga með hana í maganum í nokkur ár. Okkur þótti þetta frábær hugmynd og langaði að gefa af okkur. Keppnin er kjörin leið til þess að láta gott af sér leiða," segir Henning Ólafsson, keppnisstjóri og formaður Aksturíþróttafélags Suðurnesja.

Endurvakning Jósepsdals

Keppnissvæðið í Jósepsdal var mjög vinsælt upp úr 1990, en síðustu sex ár hefur það ekkert verið notað. „Okkur langaði að endurvekja svæðið og ræddum við verktaka sem eru með malarnámurnar þarna. Þeir veittu okkur aðgang að þeim svo torfærusvæðið í Jósepsdal er komið aftur á kortið eftir nokkurra ára hlé." Vinsældir torfæru hafa dalað nokkuð undanfarin ár miðað við sem áður var og vonast Henning til að breyting verði þar á, sérstaklega með keppninni í Jósepsdal. „Þetta er síðasta torfærukeppni sumarsins hér á Suðurlandi og því ekki seinna vænna fyrir íbúa Reykjavíkur og Suðurlands að drífa sig og bera tryllitækin augum. Ekki er langt að fara þar sem Jósepsdalur er rétt hjá Litlu kaffistofunni og tekur litlar 10 mínútur að keyra frá Reykjavík.

> Við ætlum að gefa helming ágóðans til Umhyggju, sem er styrktarfélag langveikra barna.

Það er mjög gaman að fara með krakka á torfæru og horfa á þessi tryllitæki spæna upp brekkurnar. Og ekki skemmir fyrir að ókeypis er fyrir 12 ára og yngri. Tilvalið er að gera sér glaðan dag og stoppa á Litlu kaffistofunni í leiðinni og fá sér heitt kakó og smurbrauð."

Æsispennandi keppni

Keppnin er partur af Íslandsmótaröðinni í torfæru. Þátttakendur eru 12 talsins; fjórir í götubílaflokki og átta í flokki sérútbúinna bíla. „Þetta er æsispennandi keppni og mjög jafnt á með keppendum í mótaröðinni. Menn munu því leggja sig alla fram enda komnir til að vinna."

Spurður um hvort að veðurspáin setji ekki strik í reikninginn segir Henning að það hleypi bara meiri spennu í keppnina ef það er blautt. „Það er erfiðara fyrir bílana og ökumennina að komast í gegnum brautina ef hún er blaut. Áhorfendur sjá líka meira en í þurru þar sem rykmekkirnir þyrlast upp og bílarnir hverfa hreinlega í ryki."

Aðeins eru tvær keppnir eftir í sumar, fyrir utan þá sem haldin er í Jósepsdal. Þær eru báðar haldnar á Akureyri. Þangað munu mæta aðilar frá Norðurlöndum með öfluga torfærubíla, og er keppnin liður í Norðurlandamóti í torfæru.

VARAÐ VIÐ VEÐRI

Veðurfræðingar spá suðaustan- og austanlægu hvassviðri og jafnvel stormi um sunnan- og vestanvert landið og á miðhálendinu síðdegis í dag og fram eftir kvöldi. Við þessar aðstæður má fastlega gera ráð fyrir snörpum vindhviðum, allt að 30-35 m/s á nokkrum vel þekktum stöðum eins og undir Eyjafjöllum, á utanverðu Kjalarnesi, undir Hafnarfjalli, við Hafursfell á Snæfellsnesi og á Fróðárheiði. Á þessum slóðum verður hvassast á undan skilum lægðarinnar frá því upp úr miðjum degi og fram eftir kvöldi, segir á vef Vegagerðarinnar. Fólk með tengivagna ætti að gæta sérstakrar varúðar.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir elsaj@365.is sími 512 5427
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Tata Nano er ekki efnismikill, enda ódýrasti fjöldaframleiddi bíll veraldar og vegur hann aðeins 600 kg.

Ódýrasti bíll í heimi

Ódýrasti bíll í heimi er **Tata Nano**. Á næsta ári mun hann líklega vera fáanlegur í Evrópu. Tata Nano hefur verið líkt við Volkswagen-bjöllu sem sló í gegn á sínum tíma sökum hentugleika.

Tata Nano hefur verið framleiddur af Tata Motors á Indlandi frá árinu 2008 og er ódýrasti bíllinn sem fáanlegur er í heiminum dag.

Verðið er í kringum 2500 Bandaríkjadala eða um 315 þúsund íslenskar krónur.

Tata Nano var hugsaður sem raunhæfur möguleiki fyrir fólk í stað mótorhjóla og þriggja hjóla bíla sem eru algeng farartæki á Indlandi. Bíllinn hefur slegið rækilega í gegn þar og vakið mikla athygli á heimsvísu. Verð hjá samkeppnisaðilum Tata Nano var lækkað um 20-25% og sala á Suzuki Marudi féll um 20% við innkomu Tata Nano á markaðinn.

Velgengni bílsins á Indlandi mun að öllum líkindum skila sér alla leið til Evrópu, en áætlað er að selja hann þar strax á næsta ári undir heitinu Tata Pixel. Sú týpa mun vera dýrari og vandaðri en sú indverska til að mæta strangari reglum og hærri kröfum Evrópubúa.

Það er ekki að ástæðulausu að bíllinn er ódýr enda er sparað í ýmsu við framleiðslu hans. Hann er til að mynda ekki með loftpúða eða útvarp nema beðið sé um það. Engar ABS-bremsur, loftkæling eða rafmagn í rúðum. Vökvastýri er ekki nauðsynlegt þar sem Tata Nano er svo léttur. Margir hafa líkt bílnum við Volkswagen-bjöllu sem var bylting á sínum tíma sökum þess að þar var kominn bíll sem rúmaði alla fjölskylduna en kostaði mjög lítið. Tata Nano er líkur bjöllunni að mörgu leyti. Hann er ódýr og lítill og vélin er í skottinu.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR UM TATA NANO

Lengd: 310 cm.
Breidd: 149 cm.
Hæð: 165 cm.
Þyngd: 600 kg.
Hjólastærð: 12 tommu.
Vél: Bosch, 2 strokka, 38 hestöfl, 623 rúmsentímetrar.
Skipting: 4 gíra beinskipting.
Drif: Afturhjóladrifinn.
Eyðsla: 4,5 l/100 km innanbæjar. 3,85 l/100 km utanbæjar.
Hröðun: 14 sekúndur frá 0-70 km.
Hámarkshraði: 105 km/klst.

SPARAÐU ALLT AÐ 20% MEÐ SPARAKSTRI

Þegar bílar eru komnir á ákveðinn hraða þá leitast þeir við að halda þeim hraða nema aðrir kraftar komi til eins og bremsur, vél eða mótstaða af einhverju tagi. Vélin er eingöngu til að koma bílnum af stað, og eftir það að hjálpa til við að yfirvinna vindmótstöðu og núningsmótstöðu við veginn. Til að minnka orkunotkun er því gott að reyna að skipta fyrr upp um gíra og draga úr snúningi vélarinnar. Bíll eyðir meira bensíni eftir því sem snúningshraði vélarinnar er meiri. Best er að halda jöfnum hraða og nota bremsurnar sem minnst. Ekki skipta niður með gírunum, því með því að gíra niður eykst snúningur vélarinnar og loftstreymið í gegnum hana og þar með eldsneytisbrennslan. Betra að hægja fyrr á sér þegar komið er að ljósum eða gatnamótum og láta bílinn renna í hlutlausum gír. Þannig nýtist hreyfiorkan sem notuð var þegar vélin kom bílnum af stað lengur. Önnur mikilvæg atriði eru til dæmis að vera ekki með aukafarangur í bílnum til að létta hann, muna að drepa á honum í kyrrstöðu og vera með réttan loftþrýsting í dekkjum til að minnka mótstöðu. Með þessu móti er hægt að spara allt að 20% í eldsneytisnotkun.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

MIÐALDADAGAR Á GÁSUM

Miðaldadagar á Gásum við Eyjafjörð standa nú sem hæst. Þar er reynt að endurskapa hið litríka mannlíf sem blómstraði á 13. og 14. öld en þá voru Gásir mesta umskipunarhöfn landsins. Þar er iðandi markaðstorg og vígamenn á ferð.

SKÁTAR HNÝTA EKKI BARA HNÚTA

LANDSMÓT SETT *Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra og skáti, ætlar ekki að láta sig vanta á Landsmót skáta sem verður sett um helgina. Hann segir skátastarf vera lærdómsríkt og skemmtilegt.*

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra, ætlar á Landsmót skáta sem sett verður um helgina. Hann hefur tekið virkan þátt í skátastarfi frá því hann var barn. „Ég stend alveg undir slagorðinu „Eitt sinn skáti, ávallt skáti.“ Ég reyni alltaf að fara eitthvað á landsmót og mér er formlega boðið á setningu mótsins í ár,“ segir Guðbjartur.

Guðbjartur segist nánast alltaf hafa tekið þátt í landsmóti í gamla daga, bæði á Úlfljótsvatni og Hreðavatni. Hann fór einnig á alþjóðlegt skátamót í Lillehammer árið 1975. „Þar fór ég í fyrsta sinn í gönguferð á fjöllum í nokkra daga. Ég byrjaði á því á fyrsta degi að ganga í stuttbuxum og var mikið hælt fyrir hreysti Íslendinga. Þá þurfti ég að sjálfsögðu að gera það allan tímann og lét mig hafa það verandi að drepast úr kulda. Stundum er betra að ætla sér ekki um of í byrjun en þetta endaði nú samt allt saman vel. Maður lærir ýmislegt í skátunum og meðal annars að hegða sér eftir aðstæðum og bregðast rétt við, jafnvel þó maður þurfi að brjóta odd af oflæti sínu,“ segir hann og hlær.

Landsmót skáta verður sett á sunnudag og koma skátar hvaðanæva að úr heiminum til að taka þátt í því. „Þátttaka í Landsmóti er afar gefandi. Það er stundum gert grín að skátastarfi og sagt að þar læri fólk bara að hnýta hnúta. Þar öðlast fólk hins vegar mikla reynslu, lærir að bera ábyrgð og öðlast sjálfstæði. Í skátahreyfingunni er lögð rík áhersla á að bera virðingu fyrir fólki og ólíkum hópum. Þar eru almenn mannleg samskipti kennd og ég hef notið góðs af allri þessari reynslu í mínu ævistarfi.

Ég mæli hiklaust með því að bæði börn og fullorðnir taki þátt í skátastarfi. Félagsskapurinn gefur manni svo mikið, það er stór og góður hópur á Akranesi sem heldur enn saman. Svo endurnýjar maður kynnin með því að fara á landsmót.“

■ lilja.bjork@365.is

RÁÐHERRA OG SKÁTI
Guðbjartur hefur verið skáti frá barnsaldri. Hann ætlar að mæta á setningu Landsmóts skáta á sunnudaginn.
MYND/STEFÁN

Við óskum Annie Mist til hamingju með framúrskarandi árangur á heimsmeistaramótinu í Crossfit

Við erum stolt af þér

þessi frábæri árangur gerir okkur öll glöð í hjarta

Annie Mist er afreksmaður í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heimsmeistari í Crossfit 2012
Heimsmeistari í Crossfit 2011
Silfurhafi á heimsleikum í Crossfit 2010
Evrópumeistari í Crossfit 2009 og 2010
Margfaldur þrekmótsmeistari Íslands

TRANS FITA
MSG

Heilsu-réttir Nings

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chili.

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

Vefstjóri

óskast í fullt starf til að sinna ritstjórn, viðhaldi, nýsmíði og markaðssetningu vefsetra ferðaskrifstofunnar Extreme Iceland ehf. Umsóknir óskast sendar á netfangið: info@extremeiceland.is

EXTREME ICELAND

WWW.EXTREMEICELAND.IS

Sviðsstjóri Raforkukerfa

EFLA verkfræðistofa óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing með menntun og reynslu á sviði raforkukerfa með áherslu á háspennubúnað til að starfa á Orkusviði fyrirtækisins. Um er að ræða starf sviðsstjóra raforkukerfa þar sem unnið er að raffræðilegri hönnun háspennukerfa svo sem háspennulína, háspennustrengja, aðveitustöðva og launaflsvirkja.

Upplýsingar um menntun og starfsreynslu skal senda til Ástu B. Sveinsdóttur starfsmannastjóra fyrir 20. ágúst, á netfangið: asta.bjork.sveinsdottir@efla.is.
Frekari upplýsingar veitir Jón Vilhjálmsson, sviðsstjóri Orkusviðs, jon.vilhjalmsson@efla.is.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.
Gildin okkar eru:
Hugrekki - Samvinna - Traust

EFLA hf.
Höfðabakki 9
110 Reykjavík
Sími 412 6000
www.efla.is

EFLA – ALLT MÖGULEGT

Erum að bæta við okkur starfsfólki vegna aukinna umsvifa

Starfsmenn í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting.
Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Unnið er á þrískiptum vöktum.

Við leitum að einstaklingum:

- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem eru góðir í að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með ensku- og tölvukunnáttu

Viltu læra að pakka?

Hjá Actavis bjóðum við upp á:

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

Fleiri laus störf á www.actavis.is

Nánari upplýsingar veita Erna Agnarsdóttir, **eagnarsdottir@actavis.is** og Jenný Sif Steingrímsdóttir, **jsteingrimsdottir@actavis.is**.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **6.ágúst nk**.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

HÓPSÁL
HRESS
REYNSLUBOLTI
KEPPNIS
SKAPANDI
KLÁR
FRAMSÆKIN/N
SÖLUMAÐUR
FRÁBÆR
DRÍFANDI
MEÐ ALLT Á HREINU
KRÖFTUG/UR

ERT ÞÚ PRACTICAL?

Vegna stóraukinna umsvifa leitum við að reynslubolta úr heimi **ferðaþjónustunnar.**

Mikilvægt er að viðkomandi hafi yfirgripsmikla þekkingu á ferðaþjónustu á Íslandi, búi yfir góðri tungumálakunnáttu, reynslu af skipulagningu ráðstefnu- og hvataferða auk þess sem viðkomandi þarf að vera öflugur sölumaður.

Umsóknir sendist á
marin@practical.is
fyrir 10. ágúst nk.

theMICEreport Awards 2012
Best DMC: Iceland
Practical Travel

practical

Fiskislóð 31 • 101 Reykjavík • Sími 534 0020 • **www.practical.is**

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir laus störf (íslenskufr., lögfr., og fl.) við útgáfu umræðna og við vinnslu og útgáfu þingskjala.
Sjá nánar á starfatorg.is

Ert þú **pennavinur?**

Við óskum eftir **sölumanni** á Fyrirtækjasviði

Starfssvið:
- Viðhalda viðskiptatengslum
- Móttaka og vinnsla pantana
- Tilboðsgerð
- Samningagerð og viðhald samninga
- Öflun nýrra viðskiptavina

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sölumennsku
- Einstök lipurð í samskiptum
- Metnaður
- Skipulagshæfileikar
- Navision kunnátta
- Bílpróf

Tekið verður við umsóknum til 28. júlí 2012 á atvinna@penninn.is. Nánari upplýsingar veitir Sveinn S. Sverrisson, sími 540 2086.

PENNINN
Með þér í vinnunni

ÍSLENSKA SÍA.IS ITS 60496 07/12

ICELANDAIR ÓSKAR EFTIR FLUGVIRKJUM TIL STARFA

Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli óskar eftir flugvirkjum í framtíðarstörf.

Við leitum að öflugum liðsmönnum til starfa í stærsta flugskýli landsins í tæknivæddu og alþjóðlegu umhverfi.

Um er að ræða spennandi og krefjandi framtíðarstörf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að ná árangri í starfi og hafa jafnframt metnað til að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

STARFSSVIÐ
- Almenn flugvirkjastörf í stórskoðunum á B757-200/300
- Einnig koma til greina afleysingar í línu-umhverfi á Keflavíkurflugvelli og störf á erlendri grund séu tilskilin réttindi fyrir hendi

HÆFNISKRÖFUR
- Hafi lokið prófi í flugvirkjun frá viðurkenndum skóla
- Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af vinnu í tölvuvæddu umhverfi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:
Theodór Brynjólfsson | tbrynjol@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ **Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair, www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 6. ágúst 2012**

ICELANDAIR

Capacent Ráðningar

AÐALBÓKARI

PROMENS

Promens óskar eftir að ráða aðalbókara í fullt starf á aðalskrifstofu samstæðunnar í Kópavogi.

Helstu verkefni aðalbókara eru:
- Almenn bókhaldsstörf, samstæðan er gerð upp í evrum
- Skýrslugerð
- Innheimta og reikningagerð
- Aðstoð við gerð fjárhagsáætlana
- Erlend samskipti
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

Hæfniskröfur:
- Góð reynsla af bókhaldsstörfum
- Menntun sem viðurkenndur bókari mikill kostur
- Góð kunnátta á bókhaldskerfi skilyrði, þekking á Axapta kostur
- Góð tölvufærni, Word, Excel og önnur Office forrit
- Mjög gott vald á ensku
- Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum

Við bjóðum upp á:
- Fjölbreytt verkefni og krefjandi vinnuumhverfi
- Þátttöku í spennandi verkefnum á alþjóðavettvangi
- Tækifæri til að auka þekkingu þína á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi
- Fyrsta flokks starfsumhverfi með samhentu 8 manna teymi á aðalskrifstofu samstæðunnar

Promens er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í framleiðslu plastafurða og rekur 42 verksmiðjur í 19 löndum í 4 heimsálfum. Promens framleiðir vörur fyrir breiðan hóp viðskiptavina í mörgum greinum iðnaðar svo sem umbúðir fyrir matvæli, efnavörur, snyrtivörur og lyf, auk íhluta fyrir fólks- og vörubifreiðar, landbúnaðarvélar og þungavinnuvélar. Promens leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum upp á lausnir byggðar á sköpunarkrafti og framsýni. Velta Promens á árinu 2011 nam 100 milljörðum króna. Hjá fyrirtækinu starfa 3.800 manns, þar af 80 á Íslandi.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheidur Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

STÖÐVARGÆSLA MÝVATNSSVÆÐI

Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann til stöðvargæslu við aflstöðvar á Mývatnssvæði. Aflstöðvar Landsvirkjunar við Kröflu, Bjarnarflag og Laxá eru á Mývatnssvæði og heyra undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Um er að ræða tímabundna ráðningu til ársloka 2013 með mögulegri framlengingu.

Starfssvið
Starfið er fólgið í eftirliti og viðhaldi aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu ásamt verkefnabundinni vinnu við framþróun og viðhald vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

Æskileg starfsreynsla:
- Reynsla af vinnu við aflstöðvar og raforkuvirki
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af vélarupptektum og verkstæðisvinnu
- Reynsla af vinnu við iðntölvur og skjámyndakerfi
- Reynsla af verkefnum á sviði viðhalds-, gæða- og öryggisstjórnunar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Vélfræðingsmenntun
- Þekking á jarðgufuvirkjunum æskileg
- Haldgóð tölvukunnátta
- Aðlögunarhæfni og hæfni til þess að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er:
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagreikning upp á 4,8 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.
Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum hennar starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Eldhús – Eldhús

Matsölustaðurinn Hjá Dóra í Mjódd óskar eftir að ráða starfskraft vanan eldhússtörfum og afgreiðslu á heitum mat. Snyrtimennska og íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í s. 557 3910 eða á staðnum mán- föst.

Vélstjóri óskast!

Sægarpur ehf. óskar eftir vélstjóra á 1424 ex. Þórsnes SH sem gerður verður út frá Grundarfirði á beitukóngsveiðar í Breiðafriði. Réttindi: VS.III (750kw)

Umsóknir skal senda á addi@stormurseafood.is
Upplýsingar í síma 852-3782, Aðalsteinn.

Leikskólastjóri við leikskólann Kiðagil

Skóladeild Akureyrar óskar eftir að ráða leikskólastjóra til starfa við leikskólann Kiðagil á Akureyri. Kiðagil er fjögurra deilda leikskóli með um 100 börn og um 25 starfsmenn.
Kiðagil er grænfánaskóli og vinnur með SMT- skólafærni og leikskólalæsi.
Frekari upplýsingar um skólanna má sjá á http://www.kidagil.akureyri.is.

Menntunarkröfur:
- Umsækjandi þarf að hafa lokið leikskólakennaranámi.
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg.

Hæfniskröfur:
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum.
- Áhugi á starfsþróun.
- Reynsla af starfi í skólum.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér starfsemi Kiðagils þróast undir sinni stjórn.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karl Frímannsson fræðslustjóri í síma 460 1456 eða 862 8754, netfang karl@akureyri.is og Hrafnhildur G. Sigurðardóttir leikskólafulltrúi í síma 460 1452 eða 869 9570, netfang hrafnhildur@akureyri.is

Vísað er til ítarlegri auglýsingar á www.akureyri.is.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst 2012

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Félagsráðgjafi

Laus er til umsóknar staða félagsráðgjafa hjá Fjölskylduþjónustunni í Hafnarfirði.
Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. september n.k.

Verkefni viðkomandi verða í málaflokkum sem falla undir verksvið félagsþjónustu sveitarfélaga s.s. barnavernd, málefnum fatlaðra, málefnum aldraðra, fjárhagsaðstoð, almennri félagsráðgjöf o.fl.

Hæfniskröfur:
- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Félagsþjónustan býður upp á:
- Fjölskylduvænan vinnustað
- Fjölbreytt verkefni á sviði velferðarmála
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- Góðan starfsanda

Umsækjendur sendi upplýsingar um menntun og fyrri störf til Fjölskyldudþjónustunnar í Hafnarfirði, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði, fyrir 7. ágúst n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur, gurry@hafnarfjordur.is

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru karlar, jafnt sem konur, hvattir til að sækja um starfið.

Fjölskyldudþjónustan í Hafnarfirði

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Framtíðarstörf og afleysingar

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða fólk í störf á heimili fatlaðs fólks í Hafnarfirði.
Bæði vantar í störf þroskaþjálfa eða starfsfólk með sambærilega menntun.
Einnig vantar í störf ófaglærðra starfsmanna.
Í boði er vaktavinna í mismunandi starfshlutföllum.
Nánari upplýsingar er að finna á www.hafnarfjordur.is undir laus störf.

Helstu verkefni:
- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum.

Hæfniskröfur:
- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks.
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samviskusemi .
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.
- Aldursskilyrði 20 ár.

Í boði er:
- Spennandi og lærdómsrík störf
- Fjölbreytt verkefni

Upplýsingar um störfin veitir: Bryngerður Bryngeirsdóttir netfang: binna@hafnarfjordur.is

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til 5. ágúst 2012. Umsóknum skal skilað til viðkomandi forstöðumanns.

Fjölskyldudþjónustan í Hafnarfirði

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Vilt þú vinna að mannauðsmálum?

Mannauðssvið Landspítala leitar að metnaðarfullum stjórnanda starfsþróunardeildar

Hlutverk mannauðssviðs er að hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á starfsþróun, stjórnendaþjálfun, kjaramálum, heilsu og vinnuvernd, öryggi starfsmanna, starfsemisupplýsingum mannauðs, mælingum á starfsumhverfi og lögfræðiþjónustu Landspítala. Mannauðssvið starfar eftir gildum spítalans sem eru umhyggja, öryggi, framþróun og fagmennska og leggur áherslu á góða þjónustu við starfsmenn og stjórnendur spítalans.

Deildarstjóri starfsþróunardeildar heyrir undir framkvæmdastjóra mannauðssviðs og ber ábyrgð á stefnumótun, skipulagi og framkvæmd verkefna á sviði starfsþróunar. Ráðning í starfið er frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi. Leitað er eftir farsælum, kraftmiklum og metnaðarfullum stjórnanda.

Helstu verkefni
- » Stefnumótun og stjórnun starfsþróunardeildar , skipulag og framkvæmd verkefna
- » Markviss mannaflastjórnun
- » Áætlanagerð og upplýsingagjöf
- » Greina þarfir, leita lausna, meta árangur og endurskoða starfsþróun innan spítalans
- » Aðstoð, ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur spítalans varðandi starfsþróun
- » Ráðgjöf og nefndarstörf samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra

Hæfniskröfur
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Haldgóð reynsla í verkefnisstjórnun, breytingastjórnun og umbótastarfi
- » Færni í greiningu og meðferð tölulegra upplýsinga
- » Leiðtogahæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi
- » Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði, sveigjanleiki og geta til að starfa sjálfstætt
- » Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til 7. ágúst 2012

Upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir framkvæmdastjóri mannauðssviðs, netfang erna@landspitali.is , sími 543-1343 og 824-5360.
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Ráðning byggir m.a. á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

Tæknimaður óskast

Leitað er eftir Tæknimanni með mikla tölvu og leiktækjakunnáttu.

Starfið er fjölbreytt, snýr að viðhaldi á öllum tæknibúnaði. Leitum að samviskusömum og duglegum einstaklingi, með góða og vandaða framkomu.
Er reglusamur og hefur metnað á að takast á við krefjandi og jafnframt gefandi og skemmtilegt starf.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir sendast á arnar@skemmtigardur.is

Umsóknarfrestur er 10.ágúst.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Forstjóri Einkaleyfastofu

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra Einkaleyfastofu. Um er að ræða fullt starf sem er laust frá 1. október n.k. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum. Um starfið gilda ennfremur lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Forstjóri Einkaleyfastofu ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar gagnvart efnahags- og viðskiptaráðherra.

Einkaleyfastofa fer með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Stofnunin starfar samkvæmt reglugerð nr. 188/1991 um Einkaleyfastofu.

Helstu verkefni forstjóra
- Stjórnun og stefnumótun
- Áætlanagerð
- Daglegur rekstur
- Starfsmannamál
- Samskipti við innlenda og erlenda hagsmunaaðila
- Samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistaragráða í lögfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegu námi
- Þekking og reynsla á verkefnasviði Einkaleyfastofu
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Með vísan til jafnréttislaga eru konur jafnt sem karlar hvattar til þess að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu í síma 545 8800, netfang: postur@evr.is.
Umsóknarfrestur er til 5. ágúst n.k. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur gefinn fyrir hæfni viðkomandi til að sinna starfinu.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið,
Reykjavík 21. júlí 2012

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

Kokkur eða matráður óskast

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði óskar eftir kokk eða matráð fyrir skólaárið 2012 - 2013. Viðkomandi þarf að vera stundvís, heiðarlegur og ábyrgur. Barnaskólinn er 100 barna skóli sem hefur verið starfræktur í sex ár og hefur nú sjötta starfsárið sitt. Haustið 2011 færðist starfssemi skólans í nýtt húsnæði og hefur eldhúsið verið notað sem móttökueldhús. Fyrir komandi skólaár verður eldhúsið fullbúið og aðgengilegt og aðstaða til eldunar góð.

Nánari upplýsingar gefur Hildur Sæbjörg – skólastýra í síma 8999633, netfang hildur@hjalli.is. Umsóknir berist á þetta netfang eða í gegnum heimasíðu Barnaskólans http://www.hjalli.is/bsk7610/.

Skátafélagið Hraunbúar auglýsir eftir metnaðarfullum verkefnastjóra í krefjandi og skemmtilegt starf.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- Almenn skrifstofustörf og tölvuvinnsla
- Samskipti við skáta, foreldra og erlenda sjálfboðaliða
- Samskipti og stuðningur við sveitarforingja félagsins
- Samræming og yfirsýn skátastarfs félagsins
- Umsjón með viðburðum
- Ýmis tilfallandi störf

Hæfniskröfur:
- Almenn tölvukunnátta
- Góðir stjórnunar- og samskiptahæfileikar
- Vandvirkni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði í starfi
- Reynsla af skátastarfi eða öðru æskulýðsstarfi er mikill kostur
- Viðkomandi þarf að hafa aðgang að bíl
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf ekki seinna en 15. ágúst 2012

Um er að ræða 50% starfshlutfall. Vinnutími er mestmegnis síðdegis og á kvöldin og er starfið því kjörið fyrir námsmenn. Starfsumsókn skal berast á netfangið **starf@hraunbuar.is** og skal henni fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Fyrirspurnir skulu berast á sama netfang. **Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí.**

Hársnyrtistofan Mojó óskar eftir metnaðarfullum hársnyrti í stólaleigu.

Umsóknarfrestur:
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á mojo@mojo.is fyrir 28.07.2012.

mojo.
Laugavegur 94 | Sími 5626161

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Hjúkrunarfræðingar

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á öldrunardeild L2 á Landakoti. Á deildinni eru 18 rúm fyrir sjúklinga sem hafa gilt vistunarmat og eru að bíða eftir vist á hjúkrunarheimili. Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði.

Helstu verkefni og ábyrgð
» Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðing og bera ábyrgð á meðferð
» Skipuleggja og veita fræðslu til sjúklinga og aðstandenda
» Þátttaka í teymisvinnu

Hæfnikröfur
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Góð samskiptahæfni
» Faglegur metnaður
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 4. ágúst 2012.
» Upplýsingar veitir Ingibjörg Tómasdóttir, iingibjo@landspitali.is, sími 824 5769 og Þórgunnur Hjaltadóttir, torghjal@landspitali.is, sími 825 5136.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
» Ráðning byggir m.a. á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Iðjuþjálfi í meðferðarteymi barna	Heilsugæsla Grafarvogs	Grafarvogur	201207/050
Lausar stöður við Fjölbr.Suðurn.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201207/049
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Selfossi	Selfoss	201207/048
Sjúkraliðar í rannsóknakjarna	LSH Ranns.kjarni klínísk. lífefnaf.	Reykjavík	201207/047
Starfsmaður í ræstingar	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201207/046
Verkefnisstjóri	Siðfræðistofnun Háskóla Íslands	Reykjavík	201207/045
Lektor í næringarfræði	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201207/044
Dósent í næringarfræði	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201207/043
Kennari	Framhalds.sk. í A-Skaftaf.sýslu	Höfn	201207/042
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Mjódd	Reykjavík	201207/041
Eftirlitsdýralæknir	Matvælastofnun	Akureyri	201207/040
Sögukennari	Flensborgarskólinn	Reykjavík	201207/038
Íþróttakennari	Flensborgarskólinn	Reykjavík	201207/037
Stærðfræðikennari	Flensborgarskólinn	Reykjavík	201207/036
Deildarstjóri starfsþróunardeildar	LSH S.framkvæmdast.mannauðs.	Reykjavík	201207/035
Þjónustuliði	Flensborgarskólinn	Reykjavík	201207/034
Forstjóri Einkaleyfastofu	Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Reykjavík	201207/033
Afgreiðsla í emb. sýslumannsins	Sýslumaðurinn á Ísafirði	Ísafjörður	201207/032
Spænsku- og dönskukennari	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201207/031
Hjúkrunarfræðingur	Öldrunardeild L2 á Landakoti	Reykjavík	201207/030

Hörgársveit

Skrifstofustjóri

Hörgársveit óskar að ráða skrifstofustjóra í fullt starf. Meginverkefni hans verður að sjá um alla daglega umsýslu vegna fjármála sveitarfélagsins og áætlanagerð í því sambandi. Skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra og vinnur náið með honum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu kröfur um hæfni eru:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er æskilegt
- Mikil færni í bókhaldsstörfum
- Reynsla af gerð og framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga
- Hæfni til að miðla upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli
- Færni í mannlegum samskiptum

Hörgársveit er við vestanverðan Eyjafjörð, næsta sveitarfélag norðan Akureyrar. Þar búa um 600 manns. Meginhluti sveitarfélagsins er dreifbýli, þéttbýli eru á Lónsbakka og Hjalteyri. Sveitarfélagið rekur m.a. grunnskóla, leikskóla, íþróttamannvirki, þjónustustöð og félagsheimili, auk þess að eiga samstarf við nágrannasveitarfélög um ýmsa rekstrarþætti.

Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 461 5476 og netfangi gudmundur@horgarsveit.is.

Umsókn um starfið ásamt ferilskrá með mynd sendist skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, 601 Akureyri. **Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst 2012.**

Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúa í fullt starf. Um er að ræða sölu- og kynningastarf fyrir verk sem fyrirtækið gefur út.

Fyrirtækið gefur jafnframt út fjöldann allan af ýmis konar ritum, sjá heimasíðuna www.sagaz.is

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Reynsla af sölu og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Árangurstengd laun.

Umsóknir skulu sendar á netfangið umsokn@sagaz.is fyrir 26. júlí nk.

Umsjónarmaður
barna- og unglingastarfs í Hallgrímssókn

Leitað er eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingi með ferskar hugmyndir. Kostur er að viðkomandi hafi reynslu í kirkjulegu barna- og unglingastarfi. Djáknamenntun eða menntun í uppeldisfræðum er æskileg. Um er að ræða fullt starf. Áhersla verður lögð á barna- og unglingastarf m.a. þátttöku í fermingarfræðslu. Starf með foreldrum ungbarna er hluti starfsins.

Umsóknir berist til framkvæmdastjóra Hallgrímskirkju fyrir 9. ágúst n.k. merkt:
Hallgrímssókn, Hallgrímstorgi 1, 101 Reykjavík

Bakari óskast tímabundið

Bakari óskast í ágúst og september.

Aðalbakarí Siglufirði
óskar eftir ábyrgum og duglegum einstakling sem getur unnið sjálfstætt.
Upplýsingar gefur Jakob í síma 467-1720

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir

Stokkur óskar eftir fleiri snillingum til starfa!

Sölu- og markaðsstjóri

Helstu verkefni

- Samskipti við núverandi viðskiptavini
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Almenn markaðsmál
- Samskiptamiðlar
- Mótun framtíðarstefnu félagsins í markaðs- og sölumálum.

Hæfniskröfur

- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Rík þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð tölvukunnátta
- B.Sc í viðskipta- og/eða markaðsfræði eða sambærileg menntun
- 3 ára reynsla eða lengri af sambærilegu starfi æskileg

iOS forritari

Helstu verkefni

- Hugbúnaðargerð í iOS
- Teymisvinna í stórum verkefnum
- Hugmyndavinna

Hæfniskröfur

- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Þekking og/eða reynsla í iOS hugbúnaðarþróun
- B.Sc í tölvunarfræði eða sambærileg menntun er kostur

Android forritari

Helstu verkefni

- Hugbúnaðargerð í Android
- Teymisvinna í stórum verkefnum
- Hugmyndavinna

Hæfniskröfur

- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Þekking og/eða reynsla í Android hugbúnaðarþróun
- B.Sc í tölvunarfræði eða sambærileg menntun er kostur

Verkefni á fyrsta starfsári Stokks:

Umsókn ásamt starfsferilskrá má senda á starf@stokkur.is fyrir 15. ágúst

STOKKUR MOBILE SOFTWARE · Be Iceland · Leggja

ÚTBOÐ

SNJÓFLÓÐAVARNIR SIGLUFIRÐI, BRÁÐABIRGÐAVEGUR

ÚTBOÐ NR. 15296
Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Fjallabyggðar, óskar eftir tilboðum í gerð bráðabirgðavegar upp að fyrirhuguðum snjóflóðavörnum í Hafnarfjalli á Siglufirði. Vegurinn er ekki ætlaður fyrir almenna umferð, og liggur um bratta skriðu.
Heildarlengd vegarins er um 1.850 m.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. nóvember 2012.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með mánudeginum 23. júlí 2012 til og með 1. ágúst, en þá hefst sumarlokun Ríkiskaupa.

Útboðsgögn verða ennfremur til sýnis á bæjarskrifstofunum á Siglufirðir. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 8. ágúst 2012 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Þeistareykir ehf.

Útboð nr. 30003

Uppsetning vinnubúða

Þeistareykir ehf. óska eftir tilboðum í uppsetningu vinnubúða á reit L-07 á Þeistareykjum samkvæmt útboðsgögnum nr. 30003.
Verkið felst í uppsetningu 32 húseininga ásamt lagnavinnu.

Helstu magntölur eru:

Hreinlætislagnir	500 m
Gröftur vegna lagna	300 m³
Raflagnir og ídráttarrör	1500 m
Undirstöðuplattar	145 stk
Uppstilling undirstöðubita	420 m
Flutningur húseininga	24 stk
Uppsetning húseininga	32 stk

Vettvangsskoðun verður **27. júlí** á verkstað á reit L-07 á Þeistareykjum kl. 11:00 og kl. 13:00 á húseiningum á geymslusvæði á lóð Landsvirkjunar í Reykjahlíð (áður lóð Kísiliðjunnar).

Verkinu skal að fullu lokið 15. nóvember 2012.

Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000 fyrir hvert eintak, frá og með þriðjudeginum 24. júli 2012.

Tilboðum skal skila á sama stað fyrir klukkan **12:00 miðvikudaginn. 8 ágúst 2012.**

Tilboð verða opnuð sama dag **kl. 14:00** og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í ræstingu og hreingerningu nokkurra stofnana sveitarfélagsins.

Verkið felst í ræstingu og hreingerningu á eftirtöldum stofnununum Sveitarfélagsins: Sunnulækjarskóli, Leiksskólinn Hulduheimar, Ráðhús Árborgar, Sameign íbúða fyrir aldraða að grænumörk 1,3 og 5 og Félagsaðstöðu fyrir aldraða að Grænumörk 5. Verkefnið felst í að ræsta og hreingera stofnanir þessar auk þess skal leggja til allar hreinlætisvörur og sjá um áfyllingar á þeim.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með föstudeginum 20 júlí. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu senda tölvupóst á proark@proark.is eða hafa samband í síma 482-4430 og gefa upp nafn, síma og netfang og fá í kjölfarið send útboðsgögn í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á Pro-Ark Teiknistofu Eyravegi 32 Selfossi. fyrir kl. 11:00 föstudaginn 10 ágúst 2012, tilboð verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.

Pro-Ark Teiknistofa
Eyravegi 32, 800 Selfoss, Sími 482 4430, proark@proark.is

Landsvirkjun

Útboð nr. 20101

Landmótun og vegagerð

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í landmótun og vegagerð á lóð stöðvarhúss í Bjarnarflagi, samkvæmt útboðsgögnum nr. 20101.

Helstu magntölur eru:

Gröftur og skeringar lausra jarðlaga:	140.000 m³
Flutningur efnis:	130.000 m³
Burðarfylling, efni flutt úr námu:	3.500 m³
Fylling með uppgröfnu efni:	55.000 m³
Uppgrafið efni í landmótun, fláafleyga og jarðvegstipp:	85.000 m³
Færsla borvatnsveitu:	400 m

Vettvangsskoðun verður á verkstað **30. júlí** kl.11:00

Verkinu skal að fullu lokið 1. febrúar 2013.

Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000 fyrir hvert eintak, frá og með þriðjudeginum 24. júli 2012.

Tilboðum skal skila á sama stað fyrir klukkan **12:00 miðvikudaginn 15. ágúst 2012.**

Tilboð verða opnuð sama dag **kl. 14:00** og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

ÚTBOÐ

SNJÓFLÓÐAVARNIR Í VESTURBYGGÐ ÞVERGARÐUR Á PATREKSFIRÐI

ÚTBOÐ NR. 15226
Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Vesturbyggðar og Ofanflóðasjóðs óskar eftir tilboðum í verkið Snjóflóðavarnir í Vesturbyggð – Þvergarður á Patreksfirði. Verkið felst í að reisa snjóflóðavarnargarð (þvergarð) ofan við grunnskóla, kyndistöð og sjúkrahús á Patreksfirði. Umræddur varnargarður er um 300 m. langur og 10 – 12 m hár. Í verkinu felst einnig mótun yfirborðs skeringa flóðmegin við garða og uppsetning jarðhólfa í fláum hlémegin. Einnig felst í verkinu gerð vinnuvegar, varanlegra vegslóða, gangstíga, og uppsetning á grjóthleðslum. Jafnframt gerð drenskurða, lækjarfarvega, lagning ræsa, flutningur trjágróðurs, uppsetn. lýsingar, smíði setbekkja og jöfnun yfirborðs og ýmiss frágangur.

Helstu magntölur eru:

Klapparsprengingar / fleygun	3.000 m3
Fylling í jöfnunarlag undir styrkta fyllingu garðs	13.500 m3
Styrkt fylling í garð	14.000 m3
Fylling í fláafleyga	36.000 m3
Uppsetning jarðhólfa	450 m2
Styrkingakerfi – efni	2.700 m2
Styrkingakerfi – uppsetning	2.700 m2
Göngustígar – yfirborðslag	4.200 m2
Hellulögn ýmiskonar	400 m2

Verkinu skal vera að fullu lokið í september 2014.
Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 24. júlí 2012. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum, 28. ágúst 2012 kl 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Austurbyggð – Laugarás

Sumarhús / heilsárshús

167 m² viðhaldslétt einbýlishús.
Algjörlega einstakt umhverfi á bökkum Hvítár í jaðri Laugarás
Húsið getur hentað sem heilsárs- eða sumarhús.
Innra skipulag býður uppá mikla möguleika.
Hagstætt lán getur fylgt.

Nánari upplýsingar veitir
Atli S. Sigvarðsson
Sölufulltrúi
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Bókaðu skoðun hjá Atla s: 899-1178

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **24,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Bæjargil – Glæsilegt endaraðhús

Glæsilegt ca. 200 fm endaraðhús á flottum stað í grónu hverfi í Garðabæ. 4 svefnherbergi, rúmgóð forstofa, vel innréttað eldhús, snyrting og flott baðherbergi. Þvottahús, sjónvarpsherbergi, innangengt í bílskúr, góð stofa. Parket. Pallur með skjólveggjum og heitum potti. Flott eign á góðum stað.
Verð 52 millj.

Upplýsingar veitir Bárður H Tryggvason í 896-5221, hringið, er alltaf við símann.

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu

Við Smiðjuveg í Kópavogi er til leigu 270 ferm. nýlegt iðnaðar- og lagerhúsnæði. Vörurekkar geta fylgt. Laust í byrjun ágúst. Uppl. í síma 892 1529.

ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

DISCOVERY CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS



CARTOON NETWORK ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

Guðjónsgata 2,
Úthlíð, Bláskógabyggð.

Um er að ræða 64,7 fm sumarbústað á fallegri 8.286 fm leigulóð í Úthlíð. Við húsið er timburverönd með heitum potti. Húsið er byggt úr timbri árið 1993 og stendur á steyptum súlum. Að utan er húsið klætt með liggjandi klæðningu og er litað stallað járn á þaki. Bústaðurinn er klæddur að innan með panil á gólfum eru parket og dúkar. Innaf forstofu er dúklagt baðherbergi með sturtu. Tvö svefnherbergi auk þess er rúmgott svefnloft. Stofa og eldhús er opið í eitt og er upptekið loft þar, parket á gólfum. Dúklagt salerni m/ innréttingu. Hitaveita er á svæðinu.
Lóðin er með frábæru útsýni, Hekla og Suðurland blasir við.

LÖGMENN SUÐURLANDI

Steindór Guðmundsson, löggiltur fasteignasali
Sími 480-2900, steindor@log.is

Arnar Guðmundsson
Lögg. Fasteignasali

MIÐLUN FASTEIGNIR

Gott atvinnutækifæri á Akureyri

Rekstur Kaffi Gógó á Glerártorgi til sölu. **Verð: 9,9 milljónir.** Er rekið í dag sem kaffihús/veitingastaður með létta rétti, kökur og fl. Miklir möguleikar fyrir réttan aðila.

Parhús í algjörum sérflokki
á eftirsóttum stað í Garðabæ

Allar nánari upplýsingar gefur
Atli S. Sigvarðsson
sölufulltrúi
sími: 899-1178
atli@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Eignin var öll endurinnréttuð og hönnuð árið 2006 og er útkoman einkar glæsileg

Einstök eign fyrir vandláta
Laus strax

Arkitekt : Rut Káradóttir
Gólfefni : Granít steinn á gólfum með gólfhita, milliloft er parketlagt.
Innréttingar : Glæsilegar sérsmíðaðar innréttingar, íslensk framleiðsla.
Lýsing : Falleg vel hönnuð lýsing og ríkulega lagt í rafmagn.
Lóð : Frágengin með sólpöllum og létt í umhirðu, bílastæði eru upphituð og mjög rúmgóð, gott aðgengi.

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Verð: **65,9 millj.**

- með þér alla leið -

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Grímkelsstaðir
801 Selfoss
Fallegur sumarbústaður

Stærð: 50 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1982
Fasteignamat: .

RE/MAX Senter

Bókaðu skoðun í síma 891 6670 | **Verð: 15.900.000**

sumarhús á 5.000 fm eignarlóð að Grímkelsstöðum í Krókslandi í Grímsnes- og Grafningshrepp.
Umferðarstofa og Slysavarnafélagið Landsbjörg könnuðu í maí á síðasta ári öryggisbúnað barna í bifreiðum. Öryggisbúnaður 2504 barna var skoðaður og var farið í 68 leikskóla í þessum erindagjörðum. Slík könnun hefur farið fram árlega frá árinu 1996 og telur Umferðarstofa ástandið hafa batnað mikið á þessum sextán árum. Engu að síður er enn hægt að setja út á öryggisþætti barna í bílum. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær að einungis 11,7% barna undir þriggja ára voru í bakvísandi barnabílstólum. Þá sátu 23 börn fyrir framan virkan öryggispúða, þar af voru sjö börn eingöngu með bílbelti og þrjú alveg laus. Allar þessar niðurstöður voru þó ívið betri en árið áður og hefur ástandið farið batnandi ár frá ári frá því könnunin var fyrst gerð. Þetta kemur fram í ársskýrslu Umferðarstofu fyrir árið 2011.

Umferðarstofa leggur mikla áherslu á öryggi barna í umferðinni sem annarra og gerir reglulegar kannanir til að fylgjast með umferðarmenningu landsmanna. Margt jákvætt kemur fram í ársskýrslunni um bætta hegðun ökumanna en sérstök áhersla hefur verið lögð á fræðslu nýrra ökumanna. Stofnuð hefur verið sérstök Facebook-síða í þeim tilgangi. Síðan fékk nafnið Vertu til og er ætlað að miðla upplýsingum til nemenda framhaldsskólanna.

Glansandi bíll með SONAX bón- og hreinsivörum grípur augað

SONAX býður allt sem þarf: bón fyrir allar gerðir af lakki, felguhreinsi, dekkjahreinsi, sápur, svampa, vínylhreinsi, gluggahreinsi og fleiri hágæða hreinsivörur.

Nánari upplýsingar á www.sonax.is

SONAX®

Jóhann Hermannsson, framkvæmdastjóri Orku.

Skeinuhættar stjörnur sem springa út

Fyrirtækið **Orka** að Stórhöfða 37 flytur inn og annast viðgerðir og skipti á bílrúðum.

Orka er gamalt og rótgróið fyrirtæki stofnað 1946 og verður því 66 ára í ár. Upphaflega var það stofnað til að bora eftir heitu vatni en með tíð og tíma þróaðist þjónusta þess út í innflutning á bílrúðum og bílalakki og alla þjónustu sem þeirri vöru tengist. Starfsmenn Orku skipta um fleiri hundruð rúður á ári í höfuðstöðvunum að Stórhöfða 37 en á vegum fyrirtækisins eru líka menn sem fara á milli verkstæða og skipta fagmannlega um rúður. „Svo höfum við í nokkur ár verið í rúðuviðgerðum líka," segir Jóhann G. Hermannsson framkvæmdastjóri. „Það er vakning í þessu núna, við höfum síðastliðin fimm ár verið að gera við svona litlar stjörnur sem koma á framrúðurnar. En núna eftir kreppu kom meiri þrýstingur frá tryggingafélögum að gera meira við, sem er bara gott. En það er bara hægt að gera við litlar stjörnur, sprungur eltumst við ekki við," segir Jóhann sem telur að fyrirtækið eigi framrúður á lager í um 95 prósent af bílum á landinu í dag. Fyrirtækið er líka með þó nokkuð magn af afturrúðum á lager en hliðarrúður eru sérpantaðar. Erfitt er að vera með hliðarrúður á lager þar sem þær eru svo mismunandi í laginu.

Þeir sem ætla að skipta um rúðu hjá Orku hringja og panta tíma, koma með bílinn að morgni og fá hann aftur samdægurs. Orka hjálpar til við útfyllingu á nauðsynlegum plöggum og innheimtir 15 prósenta sjálfsáhættugjald fyrir tryggingafélagið. Viðskiptavinurinn þarf aldrei að hafa samband við það sjálfur.

> **„Það er mest um brotnar rúður þar sem verið er að leggja nýklæðningar og smásteinar skjótast upp.**

„Við getum oft séð hvar er verið að vinna í vegum á landinu hér á verkstæðinu," segir Jóhann og hlær. „Það er mest um brotnar rúður þar sem verið er að leggja nýklæðningar og smásteinar skjótast upp. En svo kemur önnur törn þegar frystir. Þá hafa menn fengið lítið steinkast um sumarið og síðan myndast litlar stjörnur sem springa út um veturinn. Þetta tvennt er svona algengast," segir Jóhann.

Hjá Orku starfa níu menn og eru þeir með áratuga reynslu að baki og með menntun í faginu. Sjálfur er Jóhann lærður bifreiðasmiður sem hefur ófáa bílrúðuna hanterað. Hann bendir fólki á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni Bilrudur.is.

FRAMRÚÐUTRYGGINGIN DAUÐ

„Það sem áður hét framrúðutrygging heitir nú bílrúðutrygging, þá eru allar rúður tryggðar í bílnum," segir Jóhann hjá Orku. Þetta hlýst af því að viðskiptavinir voru heldur óánægðir með að fá ekki nema framrúðuna tryggða ef brotist var inn í bílana þeirra og tryggingafélögin sáu að sér og bættu þjónustuna. „Nú fær fólk þó allar rúður nýjar í bílinn," segir Jóhann.

HRAÐARI ÞJÓNUSTA

Hjá Orku eru auðvitað notuð nýjustu og bestu efnin sem til eru á markaði. Eitt það mikilvægasta við ísetningu á bílrúðum er límið, en það hefur þróast mjög mikið. Í gamla daga var kíttið miklu lengur að þorna og því þurfti að bíða miklu lengur áður en keyrt var af stað eftir skiptingu. Nú þarf ekki að láta límið þorna nema í klukkutíma áður en keyrt er af stað áhyggjulaust. Að sögn Jóhanns hjá Orku má alls ekki keyra af stað fyrr en límið er orðið alveg pottþétt, því ef maður lendir í árekstri og límið er ekki tilbúið, þá getur farið illa. „Þess vegna afhendum við aldrei bíl fyrr en eftir öruggan límtíma. Þetta er upp á öryggið, maður verður að búast við því versta," segir Jóhann.

Nóg er að panta tíma með eins dags fyrirvara hjá Bílrúðunni, að sögn Jakobs. Bílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki sem er við Grettisgötu í Reykjavík og nóg er af bílastæðum hjá fyrirtækinu.

Allar gerðir af rúðum í boði

Bílrúðan er rótgróið fyrirtæki í miðbænum en þar er skipt um allar tegundir bílrúða og hægt að panta tíma með eins dags fyrirvara.

Bílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki," segir Jakob Þórarinsson, framkvæmdastjóri Bílrúðunnar, eins elsta starfandi fyrirtækis á sviði bílrúðuskipta á Íslandi. „Við flytjum inn, skiptum um og gerum við rúður," segir Jakob og tekur fram að nóg sé að panta tíma hjá Bílrúðunni með eins dags fyrirvara. Skipt sé um rúðurnar samdægurs en það taki fjóra til fimm klukkutíma.

Jakob segir að þegar Bílrúðan var stofnuð árið 1972 hafi fyrirtækið smíðað rúðurnar sjálft. Síðustu tuttugu árin hafi það flutt þær inn. „Þetta voru orðnar svo stórar og flóknar rúður," segir Jakob en Bílrúðan flytur inn rúður frá Sant-Gobain Sekurit sem er að hans sögn „einn stærsti „orginal" bílrúðuframleiðandi í heiminum í dag."

Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður.

Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður. „Við erum með rúður á lager í allar bíltegundir. Svo getum við útvegað alls konar rúður með skömmum fyrirvara ef við eigum þær ekki," segir Jakob og bætir við að á Bílrúðunni sé einungis notað viðurkennt efni. Hann lýsir svo viðgerðum á skemmdum á rúðum: „Þegar gert er við minniháttar skemmdir á rúðunum þá fellur eigin áhætta niður og þá þarf eigandi ekki að borga neitt. Það er engin sjálfsábyrgð á því," upplýsir hann en Bílrúðan er viðurkennd af öllum tryggingafélögunum.

Hverjir leita helst til ykkar? „Það eru bæði einstaklingar og fyrirtæki. Við sinnum mörgum stórum bílaumboðum og flestum stærstu bílaleigunum," upplýsir Jakob en á verkstæðinu starfar einungis menntað fagfólk. „Við leggjum mikla áherslu á það að allir séu menntaðir í því sem þeir eru að gera. Framrúðurnar eru burðarvirkið í bílnum þegar lent er í tjóni, þannig að þetta þarf að vera vel gert," segir Jakob og heldur áfram: „Við erum líka réttingaverkstæði og málningarverkstæði þannig að við getum gert svo mörgu skil. Við erum alhliða réttingaverkstæði."

Bílrúðan er til húsa að Grettisgötu 87 í Reykjavík. „Við erum á Grettisgötunni, milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs, alveg við Hlemm. Við erum á góðum stað og með nóg af bílastæðum."

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni www.bilrudan.is og í símum 552 5780 og 552 5755.

BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN

Bestir í bílrúðuskiptum.
30 ára reynsla fagmanna.
3ja ára ábyrgð á allri vinnu.

BÍLRÚÐAN

Grettisgötu 87 • 105 Reykjavík
Símar 552 5755 & 552 5780
bilrudan@bilrudan.is • www.bilrudan.is

BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN

STÓRLÆKKAÐ VERÐ
Á ÖLLUM FERÐAVÖGNUM

ergo

T@B L400 TD
ÚTSALA

TEC
ÚTSALA

ÆGIR ESTEREL
ÚTSALA

KOMDU OG VELDU ÞÉR FERÐAVAGN MEÐ ALLT AÐ KR. 500.000. AFSLÁTT

PALOMINO
ÚTSALA

WILK
ÚTSALA

VERÐDÆMI:
PALOMINO YEARLING
Útsöluverð kr. 2.390.000.
Mán.greiðsla kr. 21.500 *

VERÐDÆMI:
PALOMINO PONY
Útsöluverð kr. 1.890.000.
Mán.greiðsla kr. 17.000 *

SEGLAGERÐIN ÆGIR
Þar sem ferðalagið byrjar

TIL ÞJÓNUSTU Í 99 ÁR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Opið
Virkir dagar 10:00-18:00
Laugardagur 11:00-16:00
Sunnudagur 12:00-16:00

* Forsendur Ergo:
Mánaðarleg greiðslubyrði miðast við bílasamning Ergo,
70% fjármögnun til 84 mánaða m.v. gullvildarkjör og 9,55% óverðtryggða vexti

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

FRÁBÆRT á grillið

LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!

Trönuberja- og eplamarinerað

1398 kr. kg

Trönberja- og eplamarinerað lambalæri

20% afsláttur

1498 kr. kg

Verð áður ~~1889~~ kr. kg

Lambalærissneiðar

20% afsláttur

1498 kr. kg

Verð áður ~~1889~~ kr. kg

Lambalærissneiðar, New York marineraðar

898 kr. kg

1/2 grillsagaður lambaframpartur

30% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Grísalundir, erlendar

40% afsláttur

2279 kr. kg

Verð áður ~~3798~~ kr. kg

Ungnauta innlæri, erlent

1198 kr. tvennan

Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 l

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

Nýtt kortatímabil!

Grillbomba

Grillþrenna bragðast betur
með

KRONAN

1 flaska af Coca-Cola 2L

1 bakki af Grillþrennu

Grillað etta

SNÖGGI GRILLARINN + 2L COKE FYLGIR MEÐ

1598 kr./kg

STEIKAR-GRILLARINN + 2L COKE FYLGIR MEÐ

1998 kr./kg

FLOTTI GRILLARINN + 2L COKE FYLGIR MEÐ

2198 kr./kg

1298 kr./kg
Lamba sirloinsneiðar, kryddaðar

598 kr./kg
Grillkartöflur með hvítlauk og rósmarín eða með timjan

Ora grillsósur

Piparsósa	260 kr.	Sólþ. tómötum	298 kr.
Pipar og hvítl.	260 kr.	Hvítlaukss.	298 kr.
Bernaise	260 kr.	Lauk og kryddj.	298 kr.

79 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir

VÍTAMÍN- og kalkbættur ávaxtasafi

129 kr. stk.
Yippy sportflaska, 3 teg., 330 ml

659 kr. pk.
Krónuís bragðarefur, 1,33 l

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

ERNEST HEMINGWAY rithöfundur (1899-1961) fæddist þennan dag

„Það er hægt að granda manni, en ekki sigra hann.“

Árnað heilla

80 ára afmælí

Kristín Jónsdóttir

Smáratúni 21 í Keflavík,

verður áttræð þann 22. júlí næstkomandi. Í tilefni af afmælinu tekur hún á móti gestum í húsi Björgunarsveitarinnar Suðurnes að Holtsgötu 51 í Njarðvík á milli kl. 16 og 20. Gjafir eru vinsamlegast afþakkaðar en söfnun verður fyrir ABC barnahjálp á staðnum.

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs bróður, föður, mágs og frænda,

VILHELMS ARNAR OTTESEN
Efstahjalla 13, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu fyrir ómetanlegan stuðning á erfiðum tímum. Guð veri með ykkur öllum.

Ásta Ottesen
Gunnlaug Ottesen
Þórhallur Ottesen
Kristín Ottesen
Jón Ívar Vilhelmsson
og frændsystkini.

Páll H. Jónsson
Friðrik Diego
Elín Margrét Jóhannsdóttir
Sigmundur Ásgeirsson
Ellert Heiðar Vilhelmsson

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

VALGERÐAR GUÐLAUGSDÓTTUR
frá Seyðisfirði,

áður til heimilis að Smáraflöt 16 í Garðabæ. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Starfsfólki og hjúkrunarfólki á Sólvangi í Hafnarfirði eru færðar sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun hennar þar síðustu ár. Guð veri með ykkur öllum.

Herdís Rut Hallgrímsdóttir
Hallgrímur S. Hallgrímsson
Óli Svavar Hallgrímsson

Ásdís Bernburg
Grétar Guðmundsson
Helga S. L. Bachmann
Halldóra Gyða Matthíasdóttir
Proppé

ömmubörn og langömmubörn.

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

ÆVINTÝRAMYNDIR Margrét Magnúsdóttir var fyrst til að sýna í Listhúsi Ófeigs og sýnir á 20 ára afmæli gallerísins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LISTHÚS ÓFEIGS 20 ÁRA: MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR SÝNIR ÆVINTÝRAMYNDIR

VANN VERK MEÐ VAXLITUM BÖRNUM SÍNUM TIL HEIÐURS

Ævintýri fyrri tíma eru innblástur sýningar Margrétar Magnúsdóttur sem opnar á morgun í gullsmiðju og listhúsi Ófeigs. „Ég vann þessar myndir úr gömlum vaxlitum barnanna minna. Ég átti fullan kassa af gömlum litum og nýtti þá til að vinna þessar myndir, bræddi þá og gerði ævintýri úr æsku barnanna minna,“ segir Margrét. Listhúsið sem er til húsa við Skólavörðustíg 5 fagnar 20 ára afmæli á morgun en svo skemmtilega vill til að Margrét var fyrsti listamaðurinn sem sýndi í galleríinu.

Margrét á að baki langan feril í myndlist. „Ég hef unnið í myndlist frá því ég var 16 ára gömul. Ég lauk stúdentsprófi frá listnámsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Fór svo í Myndlistar- og handíðarskólann sem þá var og hét og lauk þaðan prófi 1987. Svo flutti ég til Berlínar og var þar í Hochschule der Kunste.“

Margrét bjó í Berlín til ársins 1993. „Ég upplifði sögulega tíma í Berlín, bjó þar þegar múrinn féll og eignaðist raunar eldri son minn þegar Ceausescu var steypt af stóli, þann 22. desember 1989.“

Margrét bjó alls sautján ár í Þýskalandi, þar af hluta tímans í Bæjaralandi þar sem hún rak gallerí. „Ég hef ferðast víða og búið bæði í Bandaríkjunum og Þýskalandi. Ég á fjögur börn og hef sinnt móðurhlutverkinu vel og hef kannski ekki getað sinnt listinni eins og ég hef viljað. En nú er komið að því. Á sýningunni sýni ég ævintýramyndir sem minna á myndskreytingar bóka úr æsku minni, þarna má sjá bæði fugla, hafmeyjur og engla,“ segir Margrét að lokum.

sigridur@frettabladid.is

Light Nights heim í stofu

Light Nights, sýning Kristínar G. Magnús, hefur verið fastur liður í menningarlífi landans að sumarlagi í rúm 40 ár. Undanfarin ár hefur hún sýnt í Iðnó en í ár verður sýningin sett upp heima í stofu að Baldursgötu 37. „Ég hef sett upp heila leikmynd hér heima hjá mér og ég fékk hingað smiði, ljósameistara, hljóðmeistara, saumakonu og aðstoðarfólk. Við stóðum á haus við undirbúning en það small allt saman að lokum,“ segir Kristín en sýningin var frumsýnd á dögunum.

„Light Nights byggist upp eins og kvöldvakan gerði í hundruð ára. Ég fjalla um upphaf landnáms Íslands, leikles þjóðsögur og bý til leikatriði úr mörgum þeirra,“ segir Kristín sem sér ein um flutning verksins. „En það er reyndar aldrei að vita nema djákninn á Myrká skjóti upp kollinum, hann hefur flækst í kringum mig lengi.“

Sýningin tekur klukkustund í flutningi og er sýnd á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Hún er flutt á ensku, nema að kveðnar eru rímur á íslensku. Meirihluti gesta eru erlendir ferðamenn en Kristín segir að þeir Íslendingar sem komi skemmti sér afar vel.

KRISTÍN G. MAGNÚS Heil leikmynd hefur verið sett upp heima hjá Kristínu fyrir sýningu hennar, Light Nights. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

EINARS JÓNSSONAR
frá Patreksfirði.

Dröfn Árnadóttir
Árni Freyr Einarsson
Elín Kristín Einarsdóttir
Atli Már Einarsson
og barnabörn.

Þorbjörg Sólbjartsdóttir
Haraldur Haraldsson
Margrét Magnúsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför

SVEINFRÍÐAR H. SVEINSDÓTTUR

Sveinn Ingvarsson

Steinunn Ingvarsdóttir
Erna Ingvarsdóttir
og fjölskyldur.

Katrín Andrésdóttir
Magnús Gunnarsson
Ólafur Hjaltason
Þorsteinn Hjartarson

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 21. júlí 2012

Tónleikar

12.00 Roger Sayer, dómorganisti í Rochester, spilar á orgel á Alþjóðlega orgelsumrinu í Hallgrímskirkju.

16.00 Kammerhópurinn Stilla heldur tónleika í Selinu á Stokkalæk. Hópurinn er skipaður strengjakvartett og söngvurum. Yfirskrift tónleikanna er Tónlist frá ýmsum löndum - Rússland, Frakkland, Ítalía, Svíþjóð, Ísland, Rúmenía og Írland. Miðaverð er kr. 2.500/1.500.

21.00 Valdís Gregory sópran og Guðríður St. Sigurðardóttir píanóleikari koma fram á tónleikum í Reykjahlíðarkirkju. Á dagskránni eru þekkt íslensk sönglög, ítalskar canzonettur og aríur eftir Bellini, Rossilini og Donizetti. Aðgangur er ókeypis.

Sýningar

15.00 Sýning Rögnu Róbertsdóttur og Hörpu Árnadóttur, Firðir, opnar í hinum sögufræga 110 ára Gamla skóla á Bíldudal.

17.00 Margrét Magnúsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Ófeigur gullsmiðja og listhús, Skólavörðustíg 5. Sýningin er í tilefni af 20 ára afmæli gullsmiðju og listhúss Ófeigs.

Hátíðir

10.00 Baunagrasið á Bíldudal er Folk-tónlistarhátíð sem haldin verður í fyrsta skipti. Dagskrá hátíðarinnar má nálgast á Facebook-síðunni Baunagrasid.Bildudal.Tonlistarfestival.

Umræður

14.00 Heimspekikaffihúsið verður haldið á Horninu, hafnarstræti 15. Umræðuefnið er: Hvað er vilji? Allir velkomnir.

Tónlist

15.00 Hljómsveitin Reykjavík Swing Syndicate leikur á jazzsumartónleikaröð veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjagötu. Sérstakur gestur á tónleikunum er söngkonan María Magnúsdóttir. Leikið er utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Hallvarður Ásgeirsson mætir með Kammersveit sína í Sláturhúsið á Egilsstöðum.

21.00 Kiriyama Family stígur á stokk á Bar 11. Hljómsveitin er kvintett af suðurströnd Íslands og sendi hún út sína fyrstu plötu í maí sl. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Andrea Gylfadóttir og Bíóbandið flytja kvikmyndatónlist frá

ýmsum tímum á Café Rosenberg. Aðgangsseyrir er kr. 1.500.

22.00 Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

23.00 Stuðmaðurinn Valgeir Guðjónsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Góðir gestir koma í heimsókn. Aðgangsseyrir er kr. 1.500.

Útivist

14.00 Fuglavernd mun leiða fuglaskoðun um friðlandið í Vatnsmýrinni alla laugardaga í sumar. Gangan hefst við Norræna húsið og er þátttaka ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Sunnudagur 22. júlí 2012

Sýningar

14.00 Listamennirnir Åse Eg Jørgensen, Jesper Fabricius, Ráðhildur Ingadóttir og Tumi Magnússon standa fyrir sýningarröð í dagsstund í Bókabíðverkefnarými í Skaftafelli - Miðstöð myndlistar á Austurlandi.

Hátíðir

10.00 Baunagrasið á Bíldudal er Folk-tónlistarhátíð sem haldin verður í fyrsta skipti. Dagskrá hátíðarinnar má nálgast á Facebook-síðunni Baunagrasid. Bildudal.Tonlistarfestival.

Opið Hús

13.00 Bærinn Krókur á Garðaholti í Garðabæ er opinn á sunnudögum í sumar. Krókur er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Hann er staðsettur ská á móti samkomuhúsinu á Garðaholti og stutt frá Garðakirkju. Aðgangur er ókeypis.

Uppákomur

20.30 Minningarathöfn vegna voðaverkanna í Útey verður haldin við Minningarlundinn í Vatnsmýrinni í tilefni þess að ár er komið frá voðaverkunum. Athöfnin er á vegum Ungra jafnaðarmanna. Á dagskrá verða ávörp og tónlist.

Tónleikar

16.00 Hildigunnur Einarsdóttir mezzosópran og Hannes Guðrúnarson gítarleikari flytja sönglög eftir John Dowland á stofutónleikum á Gljúfrasteini. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

17.00 Halla Steinunn Stefánsdóttir barokkfiðluleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari koma fram á fjórðu Sumartónleikunum í Akureyrarkirkju. Aðgangur er ókeypis.

17.00 Roger Sayer, dómorganisti í Rochester, spilar á orgel á Alþjóðlega orgelsumrinu í Hallgrímskirkju.

Tónlist

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Enginn aðgangseyrir.

22.00 Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Græna Hattinum á Akureyri.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURÐUR PÉTUR ÞORLEIFSSON
kaupmaður,
Egilsgötu 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 19. júlí. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 26. júlí kl. 15.00.

Valgerður Auður Elíasdóttir
Þorleifur Sigurðsson
Hjalti Sigurðsson
Margrét Sigurðardóttir
Sigurður Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Brynja Dagbjartsdóttir
Þórey Dögg Pálmadóttir
Þórður Jónsson
Guðrún Björk Reykdal

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, mágkonu, ömmu og langömmu,

INGIGERÐAR ÞÓRÖNNU MELSTEÐ BORG
hjúkrunarfræðings,
Freyjugötu 42, Reykjavík,

sem lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 22. júní. Sérstakar þakkir fá starfsmenn Grundar fyrir framúrskarandi umönnun og hjúkrun Ingu.

Anna Elísabet Borg
Elín Borg
Óskar Borg
Páll Borg
Rein Norberg
Benedikt Hjartarson
Berglind Hilmarsdóttir
Ingunn Ingimarsdóttir
Anna Borg
Eva Dögg, Rakel Björk, Thelma Hrund, Inga, Hildur Emma og Elín Ósk

---

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ANNA G. HALLSDÓTTIR
frá Grísháli, Efstasundi 94, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 14. júlí, verður jarðsungin frá Áskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 25. júlí kl. 13.00.

Þorbjörg Kristvinsdóttir
Höskuldur Kristvinsson
Hallur Kristvinsson
Katla Kristvinsdóttir
Bjarni B. Sveinsson
Barbara J. Kristvinsson
Sigrún Einarsdóttir
Jóhann Thoroddsen
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

FANNEY JÓNSDÓTTIR
Engihjalla 23, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 18. júlí síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 26. júlí kl. 13.00.

Guðný Sigurbjörg Jóhannesdóttir
Fanney Svanborg Ívarsdóttir
Hans Jón Ívarsson
Erla Björk Ívarsdóttir
Embla Maria Ekstrand
Ívar Helgi Jónsson
Max Andy Ekstrand

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

HALLFRÍÐUR BALDURSDÓTTIR
Hraunbæ 103, Reykjavík,

er látin. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jón Pétur Róbertsson
Baldur Már Róbertsson
Guðmundur Þór Róbertsson
Halldór Ingi Róbertsson
Rúnar Valur Róbertsson
og barnabörn.
Jill Renea Róbertsson
Þórdís G. Magnúsdóttir
Sigríður Ingþórsdóttir
Ragnheiður Arnardóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN SIGURJÓNSDÓTTIR
síðast til heimilis að Sólvangi, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 19. júlí sl. Útför hennar verður auglýst síðar.

Hilmar Karlsson
Þorleikur Karlsson
Kristján Karlsson
ömmubörn og langömmubörn.
Kristín Ingvadóttir
Áslaug Hringsdóttir

Móðir okkar, tengdamóðir, vinkona, amma og langamma,

JÓNÍNA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 15. júlí, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 24. júlí kl. 11.00.

Hörður Halldórsson
Gunnlaugur Halldórsson
Bryndís Halldórsdóttir
Matthías Bjarnason
barnabörn og langömmubörn.
Þórgunnur Skúladóttir
Hany Hadaya

Elskulegur eiginmaður minn og bróðir,

KJARTAN R. GÍSLASON
Seljavegi 10, Selfossi,

lést fimmtudaginn 6. júlí á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á Selfossi. Að ósk hins látna fór jarðarförin fram í kyrrþey.

Coletta Bürling
Halla R. Gísladóttir
Sigríður Gísladóttir
Lárus Gunnlaugsson
Sveinn B. Sigurjónsson

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
Faxatúni 14, Garðabæ,

andaðist 17. júlí í Holtsbúð, Vífilsstöðum. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 25. júlí kl. 13.00.

Kjartan Friðriksson
Ingibjörg Kjartansdóttir
Kristín Kjartansdóttir
Anna Kjartansdóttir
Brynja Kjartansdóttir
barnabörn og langömmubörn.
Salómon Kristjánsson
Sigurður Þ. Sigurðsson
Albert B. Hjálmarsson

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

HALLVARÐUR SIGURÐUR GUÐLAUGSSON
húsasmíðameistari,
frá Búðum, Hlöðuvík,
til heimilis að Furugrund 12,

lést þann 18. júlí. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 31. júlí kl. 11.

Guðmundur Hallvarðsson
Lilja Dögg Guðmundsdóttir
Hallvarður Jón Guðmundsson
Elfa Rún Guðmundsdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Elvar Már Ólafsson

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTÍN ÞORVALDSDÓTTIR
Hörpugötu 13, Reykjavík,

sem lést 12. júlí sl. á dvalarheimilinu Grund, verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 23. júlí kl. 13.00.

Elín Nóadóttir
Matthías Nóason
Margrét Nóadóttir
Hilmar Böðvarsson
ömmubörn og langömmubörn.
Ásgeir Sigurðsson
Vigdís Hansen
Steinunn Linda Jónsdóttir

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

BJÖRGVIN SMÁRI JÓNATANSSON
Klettaborg 14, Akureyri,

sem lést af slysförum 14. júlí síðastliðinn verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 26. júlí kl. 13.30.

Svava Halldóra Ásgeirsdóttir
Sindri Smárason
Silva Rannveig Smáradóttir
Ásgeir Hjartarson
Sif Hjartardóttir
systkini og afabörn.
Unnur Jónsdóttir

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GUÐJÓN ÞORKELL HÁKONARSON
Kristnibraut 49, Reykjavík,

sem lést 15. júlí sl. verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 24. júlí kl. 15.00.

Helga Ívarsdóttir
Ívar Guðjónsson
Sævar Guðjónsson
Guðný Svandís Guðjónsdóttir
Viðar Guðjónsson
Urður Njarðvík
Guðrún Jónsdóttir
Halldór Guðfinnsson
Ástríður Viðarsdóttir
og barnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegrar sambýliskonu minnar, móður okkar, tengdamóður, dóttur og ömmu,

AAGOTAR EMILSDÓTTUR
Vestur-Sámsstöðum, Fljótshlíð.

Árni Þorsteinn Sigurðsson
Ágústa Elín Ingþórsdóttir
Ólafur Ingþórsson
Emilía Guðmundsdóttir
Ágústa Kristín Árnadóttir og barnabörn.
Kristján Ásgeirsson
Kristín Stefánsdóttir
Gústav Smári Guðmundsson

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

LJÓS Í MYRKRI Nú þegar farið er að skyggja á kvöldin er bráðnauðsynlegt að muna eftir vasaljósi í útileguna. Fyrir fjölskylduna er gott að taka lukt með í för en vasaljós eru tilvalin í farteski krakka sem vilja vaka fram eftir í tjaldinu, lesa, leika og segja sögur.

ÆTLAR Á ÚRSLITALEIKINN Á ÓLYMPÍULEIKUNUM

Alda Lín Auðunsdóttir hefur æft fótbolta hjá Víkingi síðan hún var sex ára en þar spilar hún stöðu bakvarðar og kantmanns. Hún heldur með Liverpool í enska boltanum, Barcelona í þeim spænska, en hefur fyrir utan fótbolta dálæti á lestri.

Hvað ertu gömul og í hvaða skóla ertu? Ég er 12 ára og er að fara að byrja í Réttarholtsskóla í haust.

Hvenær byrjaðir þú að æfa fótbolta og hjá hvaða liði? Ég byrjaði að æfa fótbolta þegar ég var 6 ára hjá Víkingi.

Hvers vegna byrjaðir þú að æfa fótbolta? Ég byrjaði að æfa fótbolta vegna þess að mig langaði að æfa fótbolta og nokkrar vinkonur mínar æfðu fótbolta svo mig langaði bara að prófa.

Hvaða stöðu spilar þú og í hvaða flokki ertu? Ég spila bæði stöðu bakvarðar og kantmanns og ég er í 4. flokki.

Hver er uppáhaldsæfingin þín í fótbolta? Uppáhaldsæfingin mín í fótbolta er halda boltanum á lofti.

Eru margar vinkonur þínar að æfa fótbolta? Já, mjög margar vinkonur mínar æfa fótbolta.

Hver er uppáhaldsleikmaður þinn í fótbolta? Uppáhaldsfótboltamaðurinn minn er Lionel Messi og uppáhaldsfótboltakonan mín er Margrét Lára Viðarsdóttir.

Ferðu oft á völlinn? Já, ég fer stundum á völlinn í Víkinni og svo fer ég líka stundum á landsleiki. Ég hef farið á leiki í ensku deildinni og er að fara á úrslitaleikinn í fótbolta á Ólympíuleikunum í London og hlakka mikið til.

Áttu þér eftirlætislið í enska boltanum eða í öðrum erlendum deildum? Já, ég held með Liverpool í enska boltanum og Barcelona í spænsku deildinni.

Hvað er skemmtilegasta fótboltamót sem þú hefur tekið þátt í? Það er örugglega Pæjumótið á Siglufirði. Ég tók oft þátt í Pæjumótinu og mér fannst það alltaf jafn skemmtilegt.

Hver er besti árangur sem þinn flokkur hefur náð? Besti árangur sem flokkurinn minn hefur náð er Íslandsmeistaratitillinn :)

Áttu þér önnur áhugamál en fótbolta? Mér finnst gaman að lesa og mig langar að æfa parkour.

Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu? Ég ætla að fara í sumarbústað, fara til Englands og að sjálfsögðu æfa fótbolta og spila fótboltaleiki.

ÆFING Í UPPÁHALDI Alda Lín Auðunsdóttir æfir fótbolta með Víkingi. Uppáhaldsæfingin hennar í fótbolta er að halda boltanum á lofti og hún átti í engum vandræðum með sýna ljósmyndara Fréttablaðsins hvernig bera ætti sig að við það. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

BRANDARAKISTAN

Kennarinn:
„Hvað er stormur, Pétur?"
Pétur:
„Það er loft sem er að flýta sér."

Kennari:
„Af hverju lærir þú ekki neitt, Svenni minn?"
Svenni:
„Af því að ég er alltaf að hlusta á þig."

Gesturinn:
„Mér líst vel á húsið þitt en garðurinn er svolítið eyðilegur."
Húsbóndinn:
„Já, trén eru enn svo ung. Ég vona að þau verði orðin stór þegar þú kemur næst."

„Ég var duglegastur í skólanum í dag, mamma," sagði Dóri litli hróðugur þegar hann kom heim.
„Nú, hvernig fórstu að því?" svaraði móðir hans glöð.
„Kennarinn spurði hvað strúturinn hefði marga fætur og ég sagði þrír."
„En það er vitleysa, góði minn."
„Já, en hinir krakkarnir sögðu fjórir og það var enn vitlausara."

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.

Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

KRAKKAKYNNING

Aþena Mist Kjartansdóttir

Hvað heitir þú fullu nafni? Aþena Mist Kjartansdóttir.

Hvað ertu gömul? Sjö ára.

Ertu mikill lestrarhestur? Já, smá.

Hvenær lærðir þú að lesa? Fimm ára.

Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur? Þær geta verið svo spennandi.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Múmínsnáðinn á afmæli.

Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar? Ævintýrabækur.

Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún? Hún heitir Má ég vera memm? og er um hana Fjólu sem var lögð í einelti og sem betur fer fór allt vel að lokum.

Í hvaða hverfi býrð þú? Bústaðahverfi.

Í hvaða skóla gengur þú? Breiðagerðisskóla.

Hvaða námsgrein er skemmtilegust? Stærðfræði, myndmennt, textíll og smíði.

Hver eru þín helstu áhugamál? Sund, að hjóla, fimleikar, djassballett, skautar og að leika með vinum mínum.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT

OPIÐ Í DAG LAUGARDAG FRÁ 10:00-18:00

VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS
HREINT ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT

ÍSLANDSNAUT;
FERSKT ÍSLENSKT UNGNAUTAHAKK

FERSK UNGNAUTA PIPARSTEIK
(ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT)

FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA-HAMBORGARAR

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI

LAMBABÓGUR / FRAMPARTUR

BÓNUS SAMLOKAN

MEÐ HANGIKJÖTI - RÆKJUSALATI - TÚNFISKSALATI

BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR

FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI

HEILT LAMBALÆRI

MYLLU JÓLAKA 420 GR **359** KR. STK



GÓU-ÞRENNAN
598 KR. 3 X 200 GR. KASSAR

BÓNUS FIMM FLATKÖKUR

EURO SHOPPER

ORKUDRYKKUR ENERGY DRINK 250 ML.

69 KR. 250 ML



BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

krossgáta



LÁRÉTT
2. elds, **6.** í röð, **8.** hryggur, **9.** maka, **11.** skst., **12.** skattur, **14.** mont, **16.** átt, **17.** hyggja, **18.** stjórnarumdæmi, **20.** mergð, **21.** kaupbætir.

LÓÐRÉTT
1. úrgangur, **3.** í röð, **4.** jarðbrú, **5.** sjáðu, **7.** fótabúnaður, **10.** drulla, **13.** gagn, **15.** klædd, **16.** berja, **19.** átt.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** báls, **6.** rs, **8.** balk, **9.** ata, **11.** no, **12.** tiund, **14.** grobb, **16.** sv, **17.** trú, **18.** lén, **20.** úi, **21.** álag.
LÓÐRÉTT: **1.** hrat, **3.** áb, **4.** landbrú, **5.** sko, **7.** stígvél, **10.** aur, **13.** not, **15.** búin, **16.** slá, **19.** na.

Svartir riddarar

og ÞAÐ SEM EFTIR ER

Stephen Crane og Mark Strand

Hallberg Hallmundsson orti á íslensku

Þær eru komnar aftur ljóðaþýðingar Hallbergs sem hann gaf út 1992 og 1998 ásamt ítarlegum inngangsritgerðum um sháldin. Riddarar Cranes var fyrsta bókin sem Hallberg gaf út í ljóðaflokknum Bandarísk sháld. Hallberg var fæddur á bænum Brú í Flóa og hallaði útgáfufyrirtæki sitt Brú, sem hann byggði þannig á milli New York og Reykjavíkur. Hallberg var giftur bandarískri konu og bjó í New York í 40 ár.

Rétt fyrir andlát sitt í janúar 2011 bað Hallberg ættingja sína um að koma þeim ljóðaþýðingum hans á prent sem tilbúnar voru í tölvunni hans. Næst kemur út endurprentun á þýðingum Hallbergs á ljóðum Emily Dickinson.
Dreifing: JPV.

Bókin fæst í öllum helstu bókabúðum

Ský á mig

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Snjór úti, snjór inni, snjór í hjarta, snjór í sinni. Snjó meiri snjó!“ söng þriggja ára dóttir mín og gerði snjóengil á stofugólfið sem skýringu á því af hverju hún vildi ekki fara út. Þetta var á fimmtánda degi í sumarfríi þar sem einu sinni hafði komið dropi úr lofti en sólin annars bulið á glaðbeittum hægfara hringförum allan tímann með tilheyrandi bílahita og rykmekki á fáfarnari leiðum. Breyttir tííímaar, hugsaði ég og mundaði sólarvörnina.

ÞEGAR ég var lítil og óx úr grasi í Reykjavík var skilgreiningin á sumri að þurfa ekki að fara með vettlinga út að leika. Stuttbuxur og stuttermabolir voru flíkur keyptar til sólarlandaferða og notaðar af tómri þrjósku í útilegum fjölskyldunnar þar sem næturkuldinn gat orðið slíkur að einu sinni breiddi amma útrúllaðar pönnukökur ofan á okkur mömmu þegar allt annað þraut. Ís var snæddur inni í bíl með miðstöðina á. Mér skilst reyndar (og man eftir fréttum þess efnis) að á Akureyri og Austfjörðum hafi stundum verið sólríkt fyrr á sumrum. Einn og einn dag, jafnvel viku í senn. En ekki í Reykjavík.

SÖKUM sólarleysis í bernsku var ég alin upp við að „nota veðrið“. Ef sólin sást skyldu börn fara út að leika sér. Ég og besta vinkona mín, sem áttum það sameiginlegt að lesa heil ósköp þó við lékum okkur líka reiðinnar býsn, gerðum þær málamiðlanir við foreldra okkar að fara út í garð með bókasafnsstaflana okkar og lesa úti í sólinni, til að hún færi ekki ónýtt gegnum heilan dag. Rokið var reyndar oft á undan okkur að fletta blaðsíðunum.

NÚ ER öldin önnur (í alvöru) og sól telst ekki eins ákjósanleg á hvíta íslenska barnshúð, hvað þá föla mömmufreknuhúð og á þeirri síðustu. Fyrir utan að sólskin dag eftir dag, viku eftir viku, telst vart til tíðinda lengur. Enn býr samt áróðurinn í sálinni, sólin vekur allt með kossi, slær silfri á voga og gott er í henni að gleðja sig. Og þess vegna hef ég, og að því er mér sýnist flestir Íslendingar, verið á þönum að nota veðrið í heilan mánuð og margir orðnir nokkuð lúnir.

NÚ Á að rigna í Reykjavík um helgina. Vinir mínir í tölvunni hlakka unnvörpum til að geta leyft sér að vera inni og lesa, spila, horfa á sjónvarp eða spjalla. Stelpurnar hlakka líka rosalega til. Þær ætla út. Að hoppa í pollum.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Overli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Barnalán
Eftir Kirkman/Scott

SÓL EÐA RIGNING ...

... ÞAÐ SKIPTIR ENGU MÁLI!

ÞAÐ ER **30%** AFSLÁTTUR

AF OUTLET VERÐUM*

VERÐDÆMI!

Didrikson regnkápur fyrir börn
Ýmsir litir
Outlet verð: kr. 4.500
Nú með 30% afslætti: kr. 3.150

Didrikson vindgalli f/fullorðna
Ýmsir litir
Outlet verð: frá kr. 7.995
Nú með 30% afslætti: frá kr. 5.596

Wrangler gallajakki fyrir herra
Almennt verð: kr. 16.890
Outlet verð: kr. 9.490
Nú með 30% afslætti: kr. 6.643

Lee gallabuxur fyrir dömur
Almennt verð: kr. 18.900
Outlet verð: kr. 8.990
Nú með 30% afslætti: kr. 6.293

North Rock regngalli fyrir börn
Rauður / blár
Outlet verð: kr. 4.995
Nú með 30% afslætti: kr. 3.496

Wrangler gallabuxur fyrir herra
Almennt verð: kr. 17.490
Outlet verð: kr. 8.990
Nú með 30% afslætti: kr. 6.293

North Rock vindgalli fyrir börn
Bleikur / frár
Outlet verð: kr. 6.995
Nú með 30% afslætti: kr. 4.896

*Gildir ekki af DVD-diskum

AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

EMMY-TILNEFNINGARNAR KOMA FÆSTUM Á ÓVART

Tilnefningar til Emmy-verðlaunanna voru tilkynntar á fimmtudag. Sjónvarpsþættirnir Mad Men og American Horror Story fengu flestar tilnefningar í ár. Mad Men og American Horror Story fengu sautján tilnefningar hvor. Einnig vakti athygli að allir karlleikarar Modern Family voru tilnefndir til verðlaunanna í ár. Tilnefningarnar koma líklega fáum á óvart enda eru tilnefndir þættir með þeim vinsælustu í dag.

Framhaldsmyndir/smáþáttaraðir



Hemingway & Gellhorn
American Horror Story
Game Change
Hatfields and McCoys
Luther
Sherlock

Bestu leikarar í dramaþáttaröð

Jon Hamm fyrir leik sinn í **Mad Men**.
Hugh Bonneville fyrir leik sinn í Downton Abbey.
Steve Buscemi fyrir leik sinn í Boardwalk Empire.
Bryan Cranston fyrir leik sinn í Breaking Bad.
Michael C Hall fyrir leik sinn í Dexter.
Damian Lewis fyrir leik sinn í Homeland.

Bestu leikkonur í dramaþáttaröð

Claire Danes fyrir leik sinn í **Homeland.**
Kathy Bates fyrir leik sinn í Harry's Law.
Glenn Close fyrir leik sinn í Damages.
Michelle Dockery fyrir leik sinn í Downton Abbey.
Julianna Margulies fyrir leik sinn í The Good Wife.
Elisabeth Moss fyrir leik sinn í Mad Men.

Bestu leikarar í gamanþáttaröð

Jim Parsons fyrir leik sinn í **Big Bang Theory.**
Alec Baldwin fyrir leik sinn í 30 Rock.
Don Cheadle fyrir leik sinn í House of Lies.
Louis CK fyrir leik sinn í Louie.
Jon Cryer fyrir leik sinn í Two and a Half Men.
Larry David fyrir leik sinn í Curb Your Enthusiasm.

Bestu leikkonur í gamanþáttaröð

Tina Fey fyrir leik sinn í **30 Rock.**
Zooey Deschanel fyrir leik sinn í New Girl.
Lena Dunham fyrir leik sinn í Girls.
Edie Falco fyrir leik sinn í Nurse Jackie.
Julia Louis-Dreyfus fyrir leik sinn í Veep.
Melissa McCarthy fyrir leik sinn í Mike & Molly.
Amy Poehler fyrir leik sinn í Parks & Recreation.

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

DARK KNIGHT RISES FORSÝNING KL. 22.10 (LAU)	12
ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL.1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40	L
ÍSÖLD 4 3D ENSK. ÓTEXTUÐ KL. 8	L
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20	L
TED KL. 5.40 - 8 - 10.10 (LAU) 10.20 (SUN)	12
TED LÚXUS KL. 8 - 10.20	12
SPIDER-MAN 3D KL. 1(TILBOÐ) - 5 - 8 - 10.50	10
SPIDER-MAN 3D LÚXUS KL. 2 - 5	10
SPIDER-MAN 2D KL. 1 (TILBOÐ) - 5- 10.25 (10.10 SUN)	
WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING KL. 8	L
PROMETHEUS 3D KL. 10.25 (SUN)	16

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIDI.IS — 5%

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL. 3(TILBOÐ) - 5.50	L
TED KL. 8 - 10.20	12
SPIDER-MAN 3D KL 3(TILBOÐ) - 6 - 9	10
INTOUCHABLES KL.3(TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30	12
WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING KL 10.25	L
MIB 2D KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30	10

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIDI.IS

ÍSÖLD 3D KL. 2 (TILBOÐ)-4-6 / 2D KL. 2 (TILBOÐ) -4	L
TED KL. 8 - 10	12
SPIDERMAN 3D KL. 8 - 10.30	10
INTOUCHABLES KL. 5.50	12

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

Sýningartímar fyrir sunnudag

TED	8, 10.15
ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D	2, 4, 6
ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 2D	2
THE AMAZING SPIDER-MAN 3D	6
INTOUCHABLES - ISL TEXTI	4, 8, 9, 10.20
MADAGASKAR 3 3D	2, 4

Sýningartímar fyrir laugardag

THE DARK KNIGHT RISES	10.10(P)
TED	8, 10.15
ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D	2, 4, 6
ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 2D	2
THE AMAZING SPIDER-MAN 3D	6
INTOUCHABLES - ISL TEXTI	4, 8, 10.20
MADAGASKAR 3 3D	2, 4

SAMBÍÓIN — SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

DARK KNIGHT RISES Fors. Laug. kl. 10:20	2D	12
DARK KNIGHT RISES Fors. VIP Laugardag kl. 10:20	2D	VIP
MAGIC MIKE kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
MAGIC MIKE VIP kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 sun.10:20)	2D	VIP
ICE AGE 4 ísl.Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	L
ICE AGE 4 ensku.Tali kl. 8/3D (sun. í 3D 8 - 10:10)	3D	L
ICE AGE 4 ísl.Tali 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - lau. kl. 10:20	2D	L
DREAMHOUSE kl. 8 - 10:10	2D	16
CHERNOBYL DIARIES kl. 10:30	2D	16
ROCK OF AGES kl. 8	2D	12
MADAGASCAR 3 ísl.Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	L
MADAGASCAR 3 ísl.Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D	L
SNOW WHITE sýnd sunnud kl. 10:20	2D	12
UNDRALAND IBBA ísl.Tali kl. 1:30	2D	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

Dark Knight Rises kl. 10:20	2D	12
Madagascar 3 ísl.Tali kl. 2 - 3:50	3D	L
Rock Of Ages kl. 5:40	2D	12
MAGIC MIKE kl. 8	2D	12
undraland ibba ísl.tal kl. 2 - 4	2D	L
LOL kl. 6	2D	12
Dream House kl. 8 - 10:20	2D	16

SAMBÍÓIN SELFOSSI

DARK KNIGHT RISES Forsýning kl. 8 (LAU)	2D	12
DREAMHOUSE kl. 8 - 10:10	2D	16
UNDRALAND IBBA ísl.Tali kl. 6	2D	L
LOL kl. 6	2D	12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

DARK KNIGHT RISES FORS. kl. 8 Aðeins Lau)	2D	12
TED kl. 1 - 3:30 (lau) - 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
MAGIC MIKE kl. 6:30 - 8 - 9 - 10:30	2D	12
ÍSÖLD 4 ísl.Tali kl. 2 - 4 - 6	3D	16
ÍSÖLD 4 ísl.Tali kl. 1 (sun) - 1:30 (lau) - 3:30	2D	L
ÍSÖLD 4 ENS TAL kl. 6 (lau)	3D	L
MADAGASCAR 3 ísl.Tali kl. 2	3D	L
MADAGASCAR 3 ísl.Tali kl. 4	2D	L
DREAM HOUSE kl. 8 (lau) - 10:10 (lau)	2D	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

DARK KNIGHT For. Lau. 8 sun. 5 - 8:30	2D	12
MAGIC MIKE kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
DREAMHOUSE kl. 10:10 (sun. kl. 8 - 10:10)	2D	16
MADAGASCAR 3 ísl.Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	L
MADAGASCAR 3 ísl.Tali kl. 1:30 - 3:40	2D	L
LOL kl. 5:50 - 8	2D	12
ROCK OF AGES sýnd sun. kl. 10:10	2D	12
UNDRALAND IBBA ísl.Tali kl. 1:30	2D	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

DARK KNIGHT RISES FORS. kl. 10:20	2D	12
TED kl. 8	2D	12
AMAZING SPIDERMAN kl. 5	3D	12
DREAMHOUSE kl. 8 - 10	2D	16
ICE AGE 4 ísl.Tali kl. 1	3D	L
MADAGASCAR 3 ísl.Tali kl. 3	3D	L
LOL kl. 6	2D	12
UNDRALAND IBBA ísl.Tali kl. 2	2D	L

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRA BÍÓ — midi.is

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
SPIDER-MAN 3D	KL. 1 (TILBOÐ)	10
SPIDER-MAN 2D	KL. 1 (TILBOÐ)	10

HÁSKÓLA BÍÓ — midi.is

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL	KL. 3 (TILBOÐ)	L
SPIDER-MAN 3D	KL 3 (TILBOÐ)	10
INTOUCHABLES	KL. 3 (TILBOÐ)	12
MIB	KL. 3 (TILBOÐ)	10

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

FÖSTUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ *COOL CUTS: 101 REYKJAVIK* 18:00 ■ *COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES* 20:00 ■ *COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

BÍÓ PARADÍS - HEIMILI KVIKMYNDANNA

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

next

ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL

ÚTSALAN

ER Í FULLUM GANGI!

30% til 60%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

OPIÐ

mán. - mið.	10:00 - 18:30
fimmtudaga	10:00 - 21:00
föstudaga	10:00 - 19:00
laugadaga	10:00 - 18:00
sunnudaga	13:00 - 18:00

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Fylgstu með okkur á Facebook

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR STEFÁNSSON og félagar í íslenska landsliðinu í handbolta mæta Argentínu í fyrri æfingaleik þjóðanna í Kaplakrika í dag klukkan 16. Töluvert er um meiðsli í herbúðum íslenska liðsins en Aron Pálmarsson og Ólafur Bjarki Ragnarsson glíma við meiðsli. Argentína verður fyrsti mótherji Íslands á Ólympíuleikunum um næstu helgi.

Lið 11. umferðar

Markvörður	
Bjarni Þórður Halldórsson	Fylkir
Varnarmenn	
Grétar Atli Grétarsson	Keflavík
Atli Sveinn Þórarinsson	Valur
Aron Bjarki Jósepsson	KR
Kristinn Jónsson	Breiðablik
Miðjumenn	
Halldór Orri Björnsson	Stjarnan
Arnar Már Guðjónsson	ÍA
Rúnar Már Sigurjónsson	Valur
Sóknarmenn	
Gary Martin	ÍA
Ingimundur Níels Óskarsson	Fylkir
Christian Olsen	ÍBV

Rúnar Már Sigurjónsson bestur í 11. umferðinni:

Þroskast í færunum

FÓTBOLTI Rúnar Már Sigurjónsson er besti leikmaður 11. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins og Vísi. Sauðkrækingurinn skoraði tvö marka Vals í 3-1 sigri á FH og er kominn með fimm mörk í deildinni í vetur. Hann hefur aldrei skorað jafnmörg mörk á einu tímabili sem þó er aðeins hálfnað.

„Ég tel mig hafa þroskast í þeirri stöðu þegar ég kemst í færi. Ég hef oft verið mjög góður í því en lélegur að klára þau. Svo ganga hlutirnir bara upp fyrir mann. Það er ekkert flóknara en það," segir Rúnar Már og bætir við að frammistaða Hauks Páls Sigurðssonar í hlutverki varnarsinnaðs miðjumanns gefi honum meira frelsi í sóknarleiknum.

Rúnar tekur undir að tímabilið í ár sé hans besta.

„Ég var ekkert alltof ánægður fyrstu tvö tímabilin hjá Val. Bæði var ég inn og út úr liðinu og að spila aðrar stöður. Alls ekki við aðra að sakast heldur var ég ekki sáttur við mína frammistöðu. Það gekk mjög vel í vetur eftir að ég kom úr erfiðum meiðslum og hefur gengið mjög vel í sumar," segir Rúnar. -ktd

FÓR ILLA MEÐ FH-INGA Hólmar Örn Rúnarsson horfir á eftir Rúnari Má í leik Vals og FH í síðustu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



MARKMIÐIÐ KLÁRT Birna lætur slæma veðurspá ekki trufla sig og stefnir á að bæta Íslandsmet kvenna í Hálfum járnkarli. MYND/EGILL INGI JÓNSSON

Synt, hjólað og hlaupið í Hafnarfirði á morgun:

Járnkarlar og -konur

JÁRNKARL Rúmlega eitt hundrað þátttakendur eru skráðir til leiks í Hálfum járnkarli, þríþrautarkeppni sem fram fer í Hafnarfirði á morgun. Syntir verða 1.900 metrar í Ásvallalaug, hjóluð 90 kílómetra leið eftir Krýsuvíkurvegi og að lokum hlaupið hálft maraþon eða 21,1 kílómetri.

Sigurvegarar verða krýndir Íslandsmeistarar í Hálfum járnkarli en keppt er í aldursflokkunum 18-39 ára og 40 ára og eldri bæði í karla- og kvennaflokki. Hákon Hrafn Sigurðsson og Birna Björnsdóttir eiga titla að verja í karla- og kvennaflokki.

Kunni ekkert að synda

„Ég stefni á að verja titilinn. Það verður ekkert bætingarveður enda spáð roki og rigningu. En samanborið við í fyrra á ég að vera betri í öllum greinunum," segir Hákon Hrafn sem segir sína bestu grein vera hjólreiðarnar.

„Ég var búinn að vera að hjóla í tíu ár áður en ég fór í þetta. Svo lærði ég almennilegt sund. Ég kunni ekkert almennilega að synda en hef verið á skipulegum sundæfingum hjá þjálfara í tvö ár," segir Hákon en hann óttast mest samkeppni frá Stefáni Guðmundssyni, æfingafélaga sínum í sundinu. Stefán er sérstaklega góður hlaupari að sögn Hákons.

„Seinni hlutinn af hlaupinu verður erfiður. Ef ekkert klikkar fram að því snýst þetta um að ná eins miklu forskoti og ég get á hjólinu og svo hlaupa þannig að Stefán nái mér ekki."

Stefnir á Íslandsmet

„Ég er orðin spennt fyrir þessu. Ég stefni á að vera töluvert fljótari en síðast. Ætli maður verði ekki bara að stefna á Íslandsmetið. Ég var stutt frá því síðast og á ágætis möguleika á að ná því núna ef allt gengur upp," segir Birna en Íslandsmetið sem sett var árið 2010 er í eigu Helgu Árnadóttur, 5:20:11 klukkustundir.

Birna segist ekki velta sér mikið upp úr slæmri veðurspá.

„Veðrið verður eins og það verður. Auðvitað vonast maður eftir góðum aðstæðum en spáin lítur ekki sérstaklega út. Það er bara hluti af þessu," segir Birna sem er fyrrum landsliðskona bæði í sundi og hlaupum.

„Hjólið er það sem ég hef minnst fengist við og það nýjasta fyrir mér í þessu. Ég hef samt sem áður hjólað mikið í vetur og sumar svo ég á að vera nokkuð vel stödd í því líka."

Keppnin hefst klukkan níu í fyrramálið en fyrstu keppendur ættu að skila sér í mark upp úr klukkan eitt. -ktd

GLOMPULAUSAR 36 HOLUR Snedeker hefur spilað fyrstu tvo hringina án þess að slá í sandglompu. 206 glompur er að finna á holunum átján. NORDICPHOTOS/GETTY

Snedeker óvæntur forystusauður á opna breska:

Laus við glompurnar

GOLF Bandaríkjamaðurinn Brandt Snedeker stendur best að vígi að loknum tveimur hringjum á Opna breska meistaramótinu í golfi en leikið er á Royal Lythan & St Annes strandvellinum á Englandi. Snedeker spilaði hringinn í gær á sex höggum undir pari og er á tíu höggum undir pari samanlagt.

„Til þess að spila hér án þess að fá skolla þarf maður að hafa heppnina með sér og spila frekar gott golf. Ég kalla það leiðingjarnt golf," sagði Snedeker hógvær að loknum hringnum í gær.

Snedeker hefur aldrei sigrað á risamóti í golfi en besti árangur hans er þriðja sætið á Mastersmótinu árið 2008. Fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig hann höndlar kastljósið um helgina.

Ástralinn Adam Scott, sem leiddi að loknum fyrsta degi, andar ofan í hálsmál Snedeker á níu undir pari samanlagt.

Tiger Woods hefur sýnt mikinn stöðugleika fyrstu tvo hringina. Bandaríkjamaðurinn hefur spilað þá báða á þremur undir og er í þriðja sæti á sex höggum undir pari samanlagt.

Ljóst er að Norður-Írinn Darren Clarke ver ekki titil sinn frá því í fyrra. Eftir hörmulega spilamennsku á fimmtudag rétti Clarke úr kútnum í gær á einu höggi yfir pari. Það dugði þó ekki til að komast í gegnum niðurskurðinn.

Bandaríkjamaðurinn Phil Mickelson vill væntanlega gleyma mótinu sem fyrst. Mickelson, sem hafnaði í öðru sæti mótsins í fyrra, var á ellefu höggum yfir pari að loknum tveimur dögum og langt frá því að komast í gegnum niðurskurðinn. -ktd



MARKAKÓNGUR Van Persie skoraði 30 mörk í 38 leikjum í ensku úrvalsdeildinni í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

Arsenal hafnar tilboðum:

Barist um þjónustu Van Persie

FÓTBOLTI Arsenal hefur hafnað tilboðum Juventus, Manchester City og Manchester United í hollenska framherjann Robin van Persie. Hollendingurinn 28 ára lýsti því yfir á dögunum að hann myndi ekki endurnýja samning sinn við Lundúnarfélagið sem rennur út sumarið 2013.

„Við reynum að segja sem minnst um viðskipti sem þessi þar til þau eru frágengin. Það er enginn tilgangur að ræða eitthvað sem mögulega verður ekkert af," sagði Sir Alex Ferguson knattspyrnustjóri United pirraður yfir því að Arsenal upplýsti um tilboð United í gær. Talið er að Arsenal vilji fá í það minnsta 20 milljónir punda eða sem nemur um fjórum milljörðum íslenskra króna fyrir Hollendinginn sem kjörinn var besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð.

Frágengið er að Van Persie ferðast ekki með Arsenal til Asíu en fram undan er tveggja vikna æfingaferð liðsins til Malasíu, Kína og Hong Kong. Þess í stað mun Van Persie halda sér í formi á æfingasvæði Arsenal.

Van Persie hefur verið á mála hjá Arsenal frá árinu 2004 þegar hann kom frá Feyenoord. -ktd

dagskrá
sunnudagur

> Angie Harmon

„Ég bið fyrir dætrum mínum þremur á hverjum einasta degi. Þetta er erfiður heimur, sérstaklega fyrir yngri kynslóðir."

Angie Harmon er greinilega meðvituð um vandamál raunverulega heimsins, rétt eins og þau sem gerast á sjónvarpsskjánum. Hún leikur rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli í þáttunum Rizzoli & Isles sem eru sýndir á Stöð 2 í kvöld klukkan 20.50.

SUNNUDAGSKVÖLD

> Stöð 2 kl. 21.35
The Killing

Spennan magnast með hverjum þættinum af The Killing og það færist enn meira fjör í leikinn í þætti kvöldsins. Sarah og Holder láta ekkert stoppa sig í að fá húsleitarheimild í spilavítinu. Sarah veit að þar leynist lyklakort úr ráðhúsinu sem gæti varpað ljósi á hver myrti Rosie Larsen. Í þættinum taka bæði Stan Larsen og Darren Richmond ákvarðanir sem geta dregið dilk á eftir sér.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Ljóðabókin syngur **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rifast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **11.00** Guðsþjónusta í Háteigskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Kúrsinn 238 **15.00** Húslestrar á Listahátíð 2012 - Eitt og annað ljóð **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **17.25** Eyjar fyrir Austurlandi **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Tónlistarklúbburinn **21.10** Þar sem ennþá Óxará rennur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins. **22.20** Tónleikur **23.15** Af minnisstæðu fólki **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.55 Ævintýri Merlíns (13:13) (The Adventures of Merlin II) (e)
11.45 Skólahreysti (e)
13.30 Golfið (3:11) Í þættinum kynnumst við golfíþróttinni.
14.00 Mótókross
14.35 Íslandsmótið í hestaíþróttum BEINT frá Vindheimamelum.
16.35 Íslandsglíman 2012 (e)
17.20 Póstkort frá Gvatemala
17.30 Skellibær
17.40 Teitur
17.50 Krakkar á ferð og flugi (14:20) (e) Á Vopnafirði býr Hólmar Bárðarson sem er 12 ára.
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Innlit til arkitekta (3:8) (Arkitektens hjem)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Tónleikar í minningu fórnarlambanna í Útey Upptaka frá tónleikum sem haldnir voru í Osló fyrr í kvöld.
21.10 Loforðið (4:4) (The Promise) Bresk stúlka fer til Palestínu og Ísraels í fótspor afa síns sem gegndi herþjónustu þar á fimmta áratug síðustu aldar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.00 Wallander – Sellóleikarinn (Wallander) Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.40 A Fish Called Wanda
10.25 Time Traveler's Wife
12.10 Tangled
14.00 A Fish Called Wanda
16.00 Time Traveler's Wife
18.00 Tangled
20.00 Avatar
22.40 Köld slóð
00.20 Pride
02.05 Frágiles
04.00 Köld slóð
06.00 You Don't Know Jack

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.25 Nágrannar
13.50 Evrópski draumurinn (4:6)
14.40 New Girl (23:24)
15.10 2 Broke Girls (11:24)
15.35 Drop Dead Diva (7:13)
16.20 Wipeout USA (14:18)
17.05 Grillskóli Jóa Fel (2:6)
17.40 60 mínútur
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.15 Frasier (16:24)
19.40 Last Man Standing (4:24)
20.05 Dallas (6:10) Glænýir og dramatískir þættir þar sem þau Bobby, J.R., Sue Ellen, Lucy og Ray snúa aftur. Tuttugu ár eru liðin frá því við skildum við Ewing-fjölskylduna og synir bræðranna, þeir John Ross og Christopher, eru hér í forgrunni og sem fyrr er það baráttan um yfirráð í Ewing-olíufyrirtækinu sem allt hverfist um.
20.50 Rizzoli & Isles (6:15) Önnur þáttaröðin um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar saman. Mauru líður hins vegar betur meðal þeirra látnu en lifandi og er með mikið jafnaðargeð.
21.35 The Killing (11:13)
22.20 Treme (3:10) Mögnuð dramaþáttaröð frá HBO þar sem fylgst er með sögu fjölda fólks sem á það eitt sameiginlegt að búa í Treme-hverfinu í New Orleans eftir að fellibylurinn Katrín reið þar yfir.
23.20 60 mínútur
00.05 Suits (6:12)
00.50 Silent Witness (10:12)
01.45 Supernatural (20:22)
02.25 Boardwalk Empire (4:12)
03.20 Nikita (3:22)
04.05 The Event (19:22)
04.50 Dallas (6:10)
05.35 Frasier (16:24)
06.00 Fréttir

SPORT besta sætið

09.50 Pepsi-deild kk: Stjarnan - KR
11.40 Formúla 1: Þýskaland BEINT frá kappakstrinum í Hockenheim í Þýskalandi.
14.10 Pepsi-mörkin Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi-deildar karla í knattpsyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.
15.35 Michelle Wie á heimaslóðum Skemmtilegur þáttur þar sem David Feherty heimsækir Michelle Wie og tekur við hana einlægt viðtal á heimaslóðum.
16.20 Spænski boltinn: Real Madrid - Atl. Madrid
18.05 Spænski boltinn: Barcelona - Betis
19.50 NBA: Miami - Oklahoma Útsending frá leik Miami Heat og Oklahoma City Thunder. Þetta er fjórði leikur liðanna í úrslitaeinvígi NBA.
21.50 Formúla 1: Þýskaland Útsending frá kappakstrinum í Hockenheim í Þýskalandi.

SPORT 2 enski boltinn

17.00 Dalglish Næstur í röðinni er enginn annar en „King" Kenny Dalghlish sem lék með Liverpool við magnaðan orðstír á árum áður.
17.30 PL Classic Matches: Tottenham - Chelsea, 2001
18.00 Chelsea - QPR
19.45 Premier League World 2012/13 Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
20.15 Arsenal - Norwich
22.00 PL Classic Matches: Blackburn - Chelsea, 2003
22.30 Tottenham - Man. City

EXTRA

15.25 Íslenski listinn
15.50 Bold and the Beautiful
16.30 Bold and the Beautiful
17.10 Bold and the Beautiful
17.30 The F Word (7:9)
18.20 Falcon Crest (29:30) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum og lífinu á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum sem litast af stöðugum erjum milli þeirra.
19.15 Ísland í dag - helgarúrval
19.40 M.I. High
20.15 So You Think You Can Dance (7:15) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur níunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri eða skrautlegri þátttakendur.
21.40 Friends (19:24) (20:24) (21:24) (22:24)
23.15 The F Word (7:9)
00.00 Falcon Crest (29:30)
00.50 Íslenski listinn Brynjar Már Valdimarsson kynnir Íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af fræga fólkinu.
01.15 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
01.40 Fréttir Stöðvar 2
02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

iNN

14.00 Heilsuþáttur Jóhönnu **14.30** Golf fyrir alla 3 **15.00** Frumkvöðlar **15.30** Eldum íslenskt **16.00** Hrafnaþing **17.00** Græðlingur **17.30** Svartur tungur **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Eru þeir að fá'ann **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
13.45 Rachael Ray (e)
14.30 Rachael Ray (e)
15.15 Rachael Ray (e)
16.00 One Tree Hill (1:13) (e)
16.50 The Bachelor (8:12) (e)
18.20 Unforgettable (13:22) (e)
19.10 Vexed (1:3) (e)
20.00 Top Gear (5:7) (e) Skemmtilegasti bílaþáttur í heimi þar sem félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May fara á kostum. Að þessu sinni leita félagarnir þrír uppi notaða blæjubíla sem ekki mega kosta meira en 2000 pund.
21.00 Law & Order (19:22)
21.45 Californication (12:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki syndaselsins og rithöfundarins Hank Moody. Richard kemur með óvænta tilkynningu. Hank reynir að sættast við Beccu, sem segir honum óvæntar fréttir af Tyler. Charlie reynir að sanna vinskap sinn fyrir Hank. Gömul kærasta kemur í heimsókn sem hefur stór plön fyrir framtíðina.
22.15 Lost Girl (12:13) Ævintýralegir þættir um stúlkuna Bo sem reynir að ná stjórn á yfirnáttúrulegum kröftum sínum, aðstoða þá sem eru hjálparþurfi og komast að hinu sanna um uppruna sinn. Bo og Dyson setja upp leikrit og þykjast vera hjón til að hjálpa gömlum vini. Dyson er loksins hreinskilinn við Bo og segir honum hver hann er í raun og veru.
23.00 Teen Wolf (7:12) (e)
23.50 The Defenders (16:18) (e)
00.35 Californication (12:12) (e)
01.05 Psych (11:16) (e)
01.50 Camelot (6:10) (e)
02.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.00** Opna breska meistaramótið 2012 (3:4) **10.00** Opna breska meistaramótið 2012 (4:4) **17.30** Opna breska meistaramótið 2012 (4:4) **02.00** ESPN America

BBC entertainment

06.10 EastEnders **08.10** QI **09.40** Come Dine With Me: Supersize **11.10** Twenty Twelve **11.40** Rev **12.15** Top Gear **13.20** The Best of Top Gear **14.10** Oliver Twist **14.40** I'd Do Anything **15.10** QI **15.40** Come Dine With Me: Supersize **17.15** Live at the Apollo **18.00** Going For Gold - The ,48 Games **19.30** Twenty Twelve **20.00** Rev **20.30** The Graham Norton Show **21.15** Oliver Twist **21.50** I'd Do Anything **22.14** Twenty Twelve **22.45** Rev **23.15** Live at the Apollo **23.59** Oliver Twist **00.30** I'd Do Anything **01.00** QI

DR 1

09.00 Utøya - et år efter **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.20** BingoBoxen **10.35** Arvingen til Glenbogle **11.25** Quiz og Kærlighed **12.45** Himmelblå **13.05** Ægte mennesker **14.05** Verdens fedeste byer **14.50** Kriminalkommissær Foyle **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Elefantbørnehjemmet **17.50** Det søde liv **18.00** Rejseholdet **19.00** TV Avisen **19.40** Aftentour 2012 **20.10** Wallander. Det næste skridt **21.40** Dødbringende ferie **23.05** Sigøjnerbander - Ross Kemp **23.50** Arvingen til Glenbogle

NRK 1

07.00 22. juli - ett år etter **09.00** Minnegudstjeneste i Oslo Domkirke **10.30** 22. juli - ett år etter **17.00** Dagsrevyen **18.00** Nasjonal minnekonsert 22.7.12 **19.30** Folk ved fjorden **20.30** Miss Marple **21.00** Kveldsnytt **21.20** Miss Marple **22.25** Landet som ikke lenger finnes **23.40** Nasjonal minnekonsert 22.7.12 **01.10** Sommeråpent **02.20** Original Nilsen **05.25** Eit land i brun saus **05.55** Australias villmark

svt1

06.25 X-Games **06.55** Rapport **07.00** Minnesdag för offren i Oslo och Utöya **10.30** Rapport **10.35** Minnesdag för offren i Oslo och Utöya **14.00** Rapport **14.05** Den stora kustresan **14.45** Seglarprästen **14.55** OS-krönikan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** En sång om glädje **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.50** Glömda brott **18.00** Minneskonsert för offren i Oslo och Utöya **19.30** Häxans tid **20.25** Helt hysteriskt **20.50** Friday night dinner **21.20** Rapport **21.25** OS-krönikan **23.10** Rapport **23.15** Livet utan dig

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SPORT besta sætið

EIMSKIP ÖRNINN Gull Síminn KPMG SECURITAS ÍL ÍSLENSKA LÖGFRÆÐISTOFAN

EIMSKIPS MÓTARÖÐIN

ÍSLANDSMÓTIÐ Í HÖGGLEIK Í BEINNI

Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2 SPORT HELGINA 28. - 29. JÚLÍ

SCHÜCO OPEN 2012

BUBBA WATSON

ÁSAMT NOKKRUM AF BESTU KYLFINGUM HEIMS Í BEINNI

Schüco Open er einstakt golfmót sem fram fer í Hamburg í Þýskalandi. Meðal keppenda eru Bubba Watson, Martin Kaymer, Henrik Stenson, Geoff Ogilvy, Ian Poulter, Colin Montgomerie, Miguel Angel Jimenez og Edoardo Molinari.

SCHÜCO OPEN Í BEINNI SUNNUDAGINN 29. JÚLÍ KL. 11 Á STÖÐ 2 SPORT 3

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT OG SJÁÐU ALLT BESTA ÍÞRÓTTAEFNI Í HEIMI Í BEINNI ÚTSENDINGU SPORT SPORT HD SPORT 3 SPORT 4 SPORT + 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

dagskrá

> Stöð 2 Sport kl. 15.45
Stjarnan - KR

Bein útsending frá leik Stjörnunnar og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Á síðustu þremur árum hafa deildarleikir þessara liða í Garðabæ endað með jafntefli. Stjörnumenn þykja ávallt erfiðir heim að sækja og það getur reynst erfitt fyrir KR-inga að næla í öll þrjú stigin sem í boði eru.

VIÐ TÆKIÐ FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR HITTIR GAMLAN VIN

Æskuástin gengur aftur

DR1 stendur sig stöðva best í því að endursýna gamlar glæpamyndir með goðsögulegum aðalpersónum eins og Morse og Taggart, glæpafíklum eins og mér til mikillar ánægju. Þessar vikurnar sýna þeir á laugardagskvöldum gamlar sænskar myndir um lögreglumanninn Martin Beck, sem leikinn er af Peter Haber, mér til enn meiri ánægju.

Beck er upphaflega aðalpersóna í glæpasögum Sjöwall og Wahlöö en myndirnar sem DR1 sýnir nú byggja ekki á bókum þeirra, þótt persónurnar séu þær sömu. Þessi sería er frá lokum tíunda áratugar síðustu aldar og óneitanlega barn síns tíma, en vekur upp góðar minningar.

Aðstoðarmaður Becks, Gunvald Larsson, er nefnilega leikinn af Mikael Persbrandt og það var í þessu hlutverki sem hann vakti fyrst athygli mína. Skemmst er frá að segja að það var ást við fyrstu sýn og allar götur síðan hefur Persbrandt verið meðal minna uppáhaldsleikara. Hvort það stafar af fegurð augna hans eða leikhæfileikum skal látið liggja milli hluta. Í hlutverki Gunvalds, sem er sérkennileg og sjarmerandi blanda tilfinningabæklaðs hrotta og viðkvæms drengs, glansar hann sem aldrei síðar og það er sönn ánægja að verja laugardagskvöldunum í upprifjun á þessari gömlu ást. Ég slekk á símanum, logga mig út af Facebook og svíf á vit minninganna með bros á vör.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Eins og eldur **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Veraldarvit **14.00** Til allra átta **14.40** Góður matur - Gott líf **15.10** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Íslendingasögur **16.25** Albúmið **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Ekkert liggur á: Þemakvöld Útvarpsins - Stríð **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
11.00 Skólahreysti (e)
11.45 Popppunktur (3:8)
12.45 Hundahótelið (Hotel for Dogs) Systkini veita hundum skjól á yfirgefnu hóteli.
14.25 Hótel Jörð (e) Stuttmynd Baldvin Z.
14.40 Septemberblaðið (The September Issue) (e)
16.10 Horfnir heimar – Lýðveldi dyggðarinnar (5:6) (Ancient Worlds) (e) Heimildamyndaflokkur frá BBC.
17.05 Ástin grípur unglinginn (45:61)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Ólympíuvinir (10:10) (Store Nørd)
18.25 Með okkar augum (e)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ævintýri Merlíns (13:13) (The Adventures of Merlin II)
20.30 Á fleygiferð að Nornafjalli (Race to Witch Mountain) Leigubílstjóri reynir að bjarga systkinum úr klóm illmenna sem vilja notfæra sér yfirnáttúrlega hæfileika þeirra.
22.10 Allt upp í loft (Hot Fuzz) Lögreglumaður flytur í smábæ þar sem skrítnir hlutir gerast. Atriði eru ekki við hæfi barna.
00.10 Hleyp þeim rétta inn (Låt den rätte komma in) Oscar er afskiptur strákur sem verður fyrir einelti. Hann verður skotinn í Eli sem reynist vera vampíra og hún hjálpar honum að koma fram hefndum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.00 A Walk In the Clouds
10.00 Shallow Hal
12.00 Toy Story 3
14.00 A Walk In the Clouds
16.00 Shallow Hal
18.00 Toy Story 3
20.00 I, Robot
22.00 Thirteen
00.00 Children of the Corn
02.00 The Mechanik
04.00 Thirteen
06.00 Avatar

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
11.15 Glee (14:22)
12.00 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.40 So You Think You Can Dance (7:15)
15.05 How I Met Your Mother (15:24)
15.30 ET Weekend
16.15 Íslenski listinn
16.40 Sjáðu
17.10 Pepsi-mörkin
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.56 Lottó
19.04 Ísland í dag - helgarúrval
19.29 Veður
19.35 Wipeout USA (14:18)
20.20 Kit Kittredge: An American Girl Fjölskyldumynd með Abigail Breslin í hlutverki hinnar ráðagóðu Kit Kittredge.
22.00 Einstein & Eddington Andy Serkis (Lord of the Rings) fer með hlutverk Albert Einsteins í mynd um afstæðiskenninguna og samband Einsteins við vísindamanninn Arthur Eddington, sem var sá fyrsti til að sýna kenningum Einsteins skilning.
23.35 Preacher's Kid Rómantísk söngvamynd um unga söngkonu sem segir skilið við trúarsöfnuð sinn til að freista gæfunnar sem söngkona.
01.20 Underworld: Rise of the Lycan Spennu- og hasarmynd um blóðuga og aldagamla baráttu vampíra og varúlfa í þessum frábæra undanfara fyrri tveggja mynda með Kate Beckinsale, Martin Sheen og Bill Nighy í aðalhlutverkum.
02.50 Frágiles Magnaður tryllir með Calistu Flockhart í hlutverki hjúkrunarkonu sem sér að það er ekki allt með felldu á barnaspítalanum þar sem hún hefur nýhafið störf. Bein barnanna fara að brotna við minnsta rask og fleiri óhugnanlegir atburðir fara að eiga sér stað. Eitthvað skelfilegt úr fortíðinni hefur snúið aftur og virðist ofsækja þau.
04.30 A Number Áhrifamikil bíómynd sem byggð er á leikriti eftir Caryl Churchill um flókið samband sem myndast milli sonar og föðurs þegar sonurinn kemst að því að hann var klónaður.
05.45 Fréttir

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

08.55 Formúla 1: Þýskaland - Æfing 3 BEINT
10.00 Pepsi-deild kvk: Stjarnan - Þór/KA
11.50 Formúla 1: Þýskaland - Tímataka BEINT
13.30 KF Nörd
14.15 Pepsi-mörkin
15.45 Pepsi-deild kk: Stjarnan - KR BEINT
18.00 Símamótið
18.45 Tvöfaldur skolli
19.45 Spænski boltinn: Valencia - Real Madrid
21.30 Kings Ransom Einstök heimildamynd um óvænta sölu íshokkístjörnunnar Wayne Gretzky frá Edmonton Oilers til Los Angeles Kings árið 1988, sem setti allt á annan endann í íshokkíheiminum.
22.25 Pepsi-deild kk: Stjarnan - KR
00.15 Formúla 1: Þýskaland - Tímataka

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

17.00 Chelsea - Man. City 27.02.10
17.30 Premier League World 2012/13
18.00 Man. City - Swansea
19.45 PL Classic Matches: Liverpool - Manchester Utd, 2000
20.15 Sunderland - Stoke
22.00 Goals of the Season 2006/2007
22.55 Man. Utd. - Wolves

STÖÐ 2 EXTRA

17.30 Nágrannar
19.15 Evrópski draumurinn (4:6)
19.55 Eastbound and Down (7:7)
20.25 The Good Guys (12:20)
21.10 The Kennedys (1:8)
21.55 Human Target (1:12)
22.40 Arrested Development (16:18) (17:18) (18:18) (1:13)
00.15 ET Weekend
01.00 Íslenski listinn
01.25 Sjáðu
01.50 Fréttir Stöðvar 2
02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
12.30 Rachael Ray (e)
13.15 Rachael Ray (e)
14.00 Design Star (3:9) (e)
14.50 Rookie Blue (1:13) (e) Nýstárlegur þáttur um líf nýliða í lögreglunni sem þurfa ekki aðeins að glíma við sakamenn á götum úti heldur takast á við samstarfsmenn, fjölskyldu og eiga um leið við eigin vandamál að stríða.
15.40 The Firm (21:22) (e)
16.30 Rules of Engagement (1:15) (e)
16.55 The Biggest Loser (11:20) (e)
18.25 Phil Collins – One Night Only Upptaka frá stórtónleikum Phil Collins þar sem hann spilaði öll sín bestu lög.
19.25 Minute To Win It (e)
20.10 The Bachelor (8:12) Rómantískur raunveruleikaþáttur þar sem piparsveinninn Brad Womack snýr aftur sem The Bachelor. Brad ferðast nú á milli borga til að heimsækja fjölskyldur stúlknanna fjögurra sem eftir eru. Faðir einnar þeirrar er fremur yfirþyrmandi. Í lokin sendir hann enn eina stúlkuna heim.
21.40 Teen Wolf (7:12)
22.30 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny (7:8) Breskur gamanþáttur þar sem falin myndavél er notuð til að koma fólki í opna skjöldu. Gríngellan Olivia Lee bregður sér í ýmis gervi og hrekkir fólk með ótrúlegum uppátækjum. Hún er sexí, óþekk og klúr og gengur fram af fólki með undarlegri hegðun. Útkoman er bráðfyndin og skemmtileg.
22.55 Who's Harry Crumb (e)
00.30 Lost Girl (11:13) (e)
01.15 Jimmy Kimmel (e)
02.00 Jimmy Kimmel (e)
02.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.00** The Open Championship Official Film 2010 **08.00** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **09.00** Opna breska meistaramótið 2012 (3:4) **18.30** Opna breska meistaramótið 2012 (3:4) **02.00** ESPN America

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

BBC entertainment

06.10 Keeping Up Appearances **07.10** Keeping Up Appearances **08.05** ,Allo ,Allo! **09.10** ,Allo ,Allo! **10.15** QI **11.15** QI **12.15** QI **13.15** Top Gear **14.00** Top Gear **14.50** Twenty Twelve **15.25** Rev **15.55** QI **16.25** QI **16.55** QI **17.25** QI **17.55** My Family **18.25** My Family **19.00** Garrow's Law **19.50** Garrow's Law **20.45** Twenty Twelve **21.15** Rev **21.45** My Family **22.14** My Family **22.45** Garrow's Law **23.39** Garrow's Law **00.30** Top Gear **01.25** QI **03.25** The Graham Norton Show **04.10** Keeping Up Appearance

DR 1

07.55 Monster allergi **08.20** Gepetto News **08.50** Shake It Up **09.10** ICarly **09.35** Skyland **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Arvingen til Glenbogle **11.00** Jamies mad på 30 minutter **13.05** Mord på hjernen **14.40** Kyst til kyst **15.40** Før søndagen **15.50** Søren Ryge præsenterer **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** Aftentour 2012 **17.30** Mr. Bean **18.00** Asterix og De Olympiske Lege **19.55** Beck - The Money Man **21.25** Dance with Me **23.25** Arvingen til Glenbogle

NRK 1

06.35 Sommeråpent **07.20** Hvem tror du at du er? **08.00** Olje! **08.50** På vei til Sel **09.20** VM orientering **13.40** Med elg i linsen og rev bak øret **14.35** Glimt av Norge **14.45** Dagfinn Lyngbø. Evolusjonen **16.00** 20 spørsmål **16.30** VM orientering **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Amigo Grande **18.10** Skishow på sommerføre **19.50** Sommeråpent **21.00** Kveldsnytt **21.15** Gutter er gutter **22.55** Sommeråpent **00.05** Dansefot jukeboks m/chat **02.35** Hvem tror du at du er?

SVT1

12.30 X-Games **13.00** OS-krönika **14.00** Rapport **14.05** Semester, semester, semester **14.25** Barnmorskan i East End **15.20** Eighties **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Drottningens slott **17.10** Kronprinsessan Victorias fond **17.15** Jonssons onsdag **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Pappas pengar **18.20** Pappas pengar **18.40** Pappas pengar **19.00** Downton Abbey **19.55** Downton Abbey **21.05** Rapport **21.10** OS-krönikan **22.10** Borgen **23.10** Rapport **23.15** Macken **23.50** Extra gnälligt

INN

17.00 Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Eru þeir að fá'ann **00.00** Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 100,5** Kaninn	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

NÚ STYTTIST Í TÓNLEIKA ÁRSINS

TONY BENNETT

Í ELDBORGARSAL HÖRPU
FÖSTUDAGINN 10. ÁGÚST

S:HELGASON

MIÐASALA Í MIÐASÖLU HÖRPU, Á HARPA.IS, MIÐI.IS OG Í SÍMA 528 5050.

sena

ELDBÖKUÐ PIZZA

577 7000

Pizza Rizzo

NÝTT Á RIZZO PIZZA

STÆRRI PIZZA AF MATSEÐLI, STÆRRI MARGARITA
OG BRAUÐSTANGIR MEÐ SÓSU Á AÐEINS 2990 KR.

FJÖLSKYLDUTILBOÐ

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

NÝTT

HÁDEGIS TILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI 1.380 KR.
STÆRRI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 1.190 KR.
MINNI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 790 KR.
STÆRRI MARGARITA 990 KR.

PIZZAHLAÐBORÐ Á GRENSÁSVEGI Á 990 KR. FRÁ KL 11 - 15

pepsi MAX

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

PERSÓNAN



Rúnar Geirmundsson

Aldur: Er að verða 21 árs.
Starf: Sundlaugavörður.
Foreldrar: Guðbjörg Friðfinnsdóttir, starfsmaður í skóbúð, og Geirmundur Vilhjálmsson, alt mulig mand.
Fjölskylda: Einhleypur og barnlaus, en á einn bróður.
Búseta: Á Grundarfirði.
Stjörnumerki: Vog.

Rúnar er nýr meðlimur hljómsveitarinnar Endless Dark.

Fastakúnnar Frúarinnar felldu tár

Verslunin Frúin í Hamborg hættir rekstri þann 28. júlí næstkomandi. Verslunin hefur verið starfrækt í tíu ár og nýtur mikilla vinsælda meðal Akureyringa sem og innlendra og erlendra ferðamanna.

Þorbjörg Halldórsdóttir og Guðrún Jónsdóttir reka Frúna í Hamborg og segja breyttar aðstæður ráða því að þær ætli að hætta rekstri.

„Ég keypti húsnæðið sem við erum í árið 2007 og eftir hrun hækkuðu afborganirnar tölurvert og innkoma okkar var lítil þannig að þetta varð okkur þungur róður. Þó verslunin sé full á sumrin þá detta viðskiptin óhjákvæmilega niður á haustin í svona litlu bæjarfélagi. Við tókum ákvörðunina um að hætta í vor og vissulega er maður svolítið sorgmæddur. Við erum með mikið af fastakúnnum og á tímabili vorum við hættar að þora að segja fólki frá því að við ætluðum að loka því það varð alveg miður sín og sumir fóru jafnvel að gráta," segir Þorbjörg.

Verslunin var opnuð árið 2003 og flutti í nýtt húsnæði árið 2007. Nafn verslunarinnar er þannig tilkomið að Þorbjörg og Guðrún ætluðu upphaflega að leigja í húsi sem heitir Hamborg og þótti því tilvalið að nefna búðina Frúna í Hamborg. Þó verslunin hafi á endanum aldrei verið rekin í Hamborgar-húsinu ákváðu vinkonurnar að halda nafninu.

Innt eftir því hvað taki við að þessu loknu segir Þorbjörg það óráðið. „Við verðum að fara til spákonu," gamnast hún með en bætir svo við: „Er það ekki oftast þannig að þegar einar dyr lokast að þá opnast aðrar? Maður veit aldrei hvað gerist."

Verslunin verður opin alla daga fram að lokum. - sm

FRÚIN FLYTUR BURT Þorbjörg Halldórsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, sem reka Frúna í Hamborg, hætta með verslunina í lok mánaðarins. Fastakúnnar þeirra felldu sumir tár er þeir fengu fréttirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/

Ný bardagaíþrótt fyrir hvern sem er

„Hapkido er bardagalist ættuð frá Kóreu og að mörgu leyti náskyld taekwondo og aikido. Það má líkja þessu við innanhúsfótbolta og utanhúsfótbolta, eiginlega sama íþróttin en öðruvísi reglur, aðferðir og spilamennska," segir Sigursteinn Snorrason, yfirþjálfari Hapkido Iceland, sem er nýkominn heim frá Kóreu þar sem hann bjó og vann sem taekwondo-þjálfari.

FJÖR Hakido-æfingarnar í Combat Gym hófust fyrst á mánudaginn og eru þegar orðnar vinsælar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta er í fyrsta skipti sem hapkido er kennt hérlendis og segir Sigursteinn hvern sem er geta iðkað íþróttina. „Þeir sem eru með reynslu úr bardagaíþróttum standa tvímælalaust betur að vígi þegar þeir byrja í Hakido en það eru mjög margir að byrja sem eru ekki með neina reynslu. Eins og er kennum við öllum eins og byrjendum en með tímanum förum við að skipta fólki niður eftir getu," segir hann.

Fatnaðurinn í hapkido er sams konar galli og í karate, nema svartur og með merkingar sem gefa til kynna hvaða íþrótt sé verið að stunda og hvar. „Það er ekki enn hægt að fá gallana á Íslandi en við erum í góðu sambandi við birgi í Kóreu og getum pantað beint í gegnum hann. Við hendum samt engum út þó hann mæti á stuttbuxum, það má alveg," segir Sigursteinn og hlær.

Að sögn Sigursteins er hapkido fyrst og fremst sjálfsvarnaríþrótt sem leggur mikið upp úr heimspeki og hugleiðslu og með meira af reglum og hefðum en eru í MMA, blönduðum bardagaíþróttum. 16 ára aldurstakmark er til að æfa íþróttina og skilyrði að vera með punghlíf, tanngómshlíf og hlífar fyrir hendur og fætur á æfingum.

Hapkido Iceland býður upp á ókeypis æfingar í Combat Gym Ármúla 1 út júlímánuð, Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni hapkido.is. - trs

Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 aminósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lifræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Hraust og hress
Árangur strax!

Lífrænt ofur fjölvítamín náttúrunnar
Næringarupptaka úr Lifestream Spírulína er meira og nýtist betur en úr nokkru öðru fæði.
Fullkomið jafnvægi næringarefnanna gefur einbeitingu, langvarandi náttúrlega orku og er gott gegn streitu.
Dregur úr ofvirkni, sykurlöngun og sleni.
Styrkir ónæmikerfið, hentar börnum og fullorðnum.
Súrefnistæmdar umbúðir vernda næringaefnin. Vottað lífrænt

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Fríhöfninni og Hagkaup
www.celsus.is

KOMIN HEIM Tsuki er komin heim til eiganda síns, Karólínu Vigdísar Ásgeirsdóttur, eftir að hafa verið á vergangi í tæpt ár. Læðan fannst í Hafnarfirði en hafði horfið frá heimili sínu í Þingholtunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

KARÓLÍNA VIGDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR: ÉG VAR ORÐIN VONLAUS

Læðan Tsuki komst heim eftir tæpt ár á vergangi

„Ég varð mjög hissa því ég var orðin vonlaus um að hún mundi nokkurn tímann skila sér og eiginlega búin að taka það í sátt að hún væri horfin að eilífu. Við áttum annan kött sem hafði horfið sporlaust og því vorum við ekki vongóð um að Tsuki mundi finnast," segir Karólína Vigdís Ásgeirsdóttir sem endurheimti nýverið læðuna Tsuki sem hafði horfið sporlaust af heimili sínu í september í fyrra.

Karólína Vigdís býr í Þingholtunum í Reykjavík en hjartagóðir kattavinir fundu Tsuki í Hafnarfirðinum nú fyrir stuttu. Læðan hafði þá verið á vergangi í tæpt ár og var nokkuð illa á sig komin og svöng. Hún var flutt í Kattholt til aðhlynningar og þar kom í ljós að Tsuki var örmerkt og því auðvelt að hafa uppi á eigandanum.

„Ég er fólkinu mjög þakklát fyrir að hafa haft upp á henni og tilkynnt hana, þetta minnir á sögurnar um dýrin sem týnast en rata svo aftur heim eftir einhvern tíma. Hún hefur fylgt mér eins og skugginn eftir að hún kom heim og gerir ekki annað en að borða, kúra og hafa það gott. Fyrstu næturnar var hún svolítið óróleg og vaknaði oft og mjálmaði en hún er núna orðin róleg og sátt."

Innt eftir því hvort Tsuki hafi þekkt eiganda sinn aftur eftir allan þennan tíma segir Karólína svo vera. „Hún var ekki örugg fyrst og mjálmaði alla leiðina heim en um leið og ég gerði smellhljóð sem hún þekkti þá áttaði hún sig hlutunum."

Móðir Tsuki býr einnig á heimilinu og segir Karólína að mæðgurnar hafi þekkt hvor aðra strax þó það hafi tekið svolítinn tíma fyrir þær að taka hvor aðra í sátt. „Þær fengu fyrst að hittast í gegnum rimlana á búrinu upp á öryggisástæður," segir Karólína ánægð að lokum. sara@frettabladid.is

Tsuki þýðir tungl á japönsku. Læðan litla er með blett á bakinu sem minnti á hálfmána og þaðan er nafngiftin komin.

Kex-menn fegra bakgarð sinn

„Okkur fannst þessi rassendi á miðbænum, það er að segja Hlemmur og Barónsstígur, þurfa á smá andlitslyftingu að halda. Við ræddum fyrst við húseigendur í kring og þeir tóku vel í hugmyndina og þá bárum við þetta undir Reykjavíkurborg og hún aðstoðar okkur við verkefnið," segir Pétur Marteinsson, eigandi og framkvæmdastjóri á Kexi hosteli, sem stendur við Skúlagötu 28. Pétur og meðeigendur hans hafa ráðist í framkvæmdir á svæðinu á milli Kexins og verslunarinnar 10-11 og ætla að skapa þar grænt svæði.

„Við tókum við húsnæðinu í nóvember árið 2010 og lögðum þá áherslu á að við fengjum smá skika af lóðinni fyrir ofan okkur til að geta haft meiri áhrif á ásýnd Kexins og nú viljum við fara að gera fallegt í bakgarðinum okkar," útskýrir Pétur.

Á svæðinu var áður malarbílastæði sem geymdi nokkur bílhræ og var að því lítil prýði fyrir íbúana í kring. Þegar hefur verið ráðist í framkvæmdir á svæðinu og vonar Pétur að það verði orðið nothæft í lok mánaðarins.

FEGRA BAKGARÐINN Pétur Marteinsson og félagar hans á Kexi hosteli eru byrjaðir á að skapa grænt svæði við Hverfisgötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við erum byrjaðir að móta svæðið og fáum til þess aðstoð frá Veraldarvinum sem búa á móti okkur á Hverfisgötunni. Á árum áður stóð hér viti og á grunni Skúlagötu 28 var saltfisksplan, það væri gaman að geta gert einhvers konar minnisvarða um gamla tíma þarna." Einnig eru uppi hugmyndir um að reisa gróðurhús á skikanum og rækta þar grænmeti fyrir veitingastað Kexins.

Inntur eftir því hvort garðurinn fái að standa óhreyfður um óákveðinn tíma segir Pétur það ekki öruggt því að reitnum fylgi byggingaréttur sem hann og meðeigendur hans hafa enga stjórn á.

„Ég segi bara er á meðan er. Á meðan reiturinn stendur ónýttur getum við í það minnsta haft það huggulegt þarna." - sm

Nú styttist í flutning
30 - 50% afsláttur!

LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT?

SÓFAR SÓFABORÐ STÓLAR SPEGLAR RAMMAR RÚM
KERTI BORÐSTOFUBORÐ LUGTIR MOTTUR DÝNUR
ILMKERTI DISKAR BAKKAR STYTTUR PÚÐAR VASAR
KÖNNUR GLÖS KERTASTJAKAR KOMMÓÐUR SÁPUR
GANGABORÐ SKENKAR LJÓS SNAGAR BÓKASKÁPAR
HILLUR KARÖFLUR KÖKUDISKAR KRUKKUR SKÁLAR
MATARSTELL SKEMLAR SÆNGURFÖT BOX KÖRFUR
OG SVO MARGT ANNAÐ.....

HEIMA HÚSIÐ

Ondvegi mood lifum GALLERY GÓLF PARKET•FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Guð blessi hjónabandið

Geir H. Haarde og félagar hjá Ópus lögmönnum sendu Evu Hrönn Jónsdóttur, samstarfskonu sinni, óvenjulega kveðju þegar hún gifti sig á dögunum. Geir og fleiri komust ekki í veisluna þannig að brugðið var á það ráð að senda henni myndband sem var sýnt í veislunni. Kveðja Geirs í myndbandinu sló í gegn og ætlaði fagnaðarlátunum aldrei að linna þegar hann endaði á því að biðja Guð um að blessa hjónabandið, enda flestir með á hreinu í hvaða stórmerkilega atburð í Íslandssögunni hann var að vísa …

Eiður reiður yfir tölvupósti

Eiður Svanberg Guðnason, fyrrverandi ráðherra, kallar á Facebook-síðu sinni eftir lagabreytingu sem mundi koma í veg fyrir óhóflegar tölvupóstsendingar til hans. Tilefnið er æði sérstakt. Gefum Eiði orðið: „**Arnar Eggert Thoroddsen** er tölvuþrjótur. Dag eftir dag sendir hann mér tölvupósta og auglýsir plötusölu. Mig brestur kunnáttu til að loka á þetta rusl. Þetta er ósvífni," skrifar Eiður í gær. Fyrir viku var hann í sama gír: „Arnar Eggert Thoroddsen sendi mér í nótt sjö tölvupósta um plötusöluna sína. Hann er áður búinn að senda mér svona 30 sams konar pósta. Ég hef reynt að senda honum póst og afþakka þessar amasendingar. Gengur ekki. Þetta ætti að varða við lög."

- afb,sh

Mest lesið visir

1. Blóðbað á forsýningu Batman myndarinnar
2. Crowe jákvæður fyrir því að stjórna þætti á X-inu 977
3. Keppendur á Ólympíuleikunum fá …
4. Snæfellsnesið skartaði sínu fegursta
5. Ben Stiller leitaði að tökustöðum á Vesturlandi

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS